

ALLT ATVINNA

Stútfullt blað af atvinnuauðgýsingum

Atvinna

allt í MIÐJU BLAÐSINS



STEFÁN KARL STEFÁNSSON

Í stjórnunum þrýddri stórmynd

Ben Stiller og Robin Williams meðal leika

FÓLK 38



16 blaðsíðna RE/MAX blað

Fasteignablað RE/MAX fylgir Fréttablaðinu á sunnudögum

RE/MAX

FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

15. október 2006 – 276. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

100 ára höfundarafmæli

Skúli Björn Gunnarsson, forstöðumaður Gunnarsstofnunar, skipuleggur hátíðarhöld í tilefni af hundrað ára höfundarafmæli Gunnars Gunnarssonar.



MENNING 26

Á bólakafi í fyrirtækjarekstri

Marín Magnúsdóttir fór á vit ævintýrana í Ástralíu þar sem hún kynntist köfun og fallhlífarkökki. Þegar hún kom heim að námi loknu hellti hún sér út í eigin rekstur.



VIÐTAL 16

Lífeyrissjóðagjain brúuð

„Ég held reyndar að aukin atvinnuþátttaka eldri borgara væri ágætt mótvægi við þessa miklu æskudýrkun sem hér ríkir á stundum,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10


Ívar skoraði sjálfsmark

Ívar Ingimarsson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark sem réð úrslitum í leik Reading og Chelsea. Tveir leikmenn voru sendir af velli í leiknum.



ÍPRÓTTIR 75

VEÐRIÐ Í DAG




HVESSIR VESTAN TIL - Í dag verður vaxandi austanátt vestan til, 10-18 m/s í kvöld, hvassast á Snæfellsnesi. Hægari annars staðar. Rigning vestan til, annars úrkomulítið en þó vaxandi væta með kvöldinu. Hiti 3-11 stig, svalast á Vestfjörðum.

VEÐUR 4

Íslendingar 18-49 ára

Meðallestur á tölublað



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í maí 2006.



SÓLTÚNSHUNDURINN Tíkin Stemma, sem dvelur löngum á Sóltúni, ásamt ánægðum íbúa. Stemma er heimilishundur starfsmanns á Sóltúni, en ættingjar og vinir koma einnig oft með hunda sína ef hvuttarnir uppfylla öll gildandi skilyrði um bólusetningar og hreinsun. Sjá síðu 8

Harðsnúin barnfóstra: Banaði birni sem ógnaði börnum

BANDARÍKIN Barnfóstra í Idaho-ríki skaut og drap tvö hundruð kílóa þungan björn sem hafði brotist inn í bakgarð þar sem þrjú börn voru að leik. Þetta kemur fram á vef fréttastöðvarinnar KTVB í Idaho.

Barnfóstran var að gæta barna systur sinnar þegar eitt þeirra kom auga á björninn. Fóstran forðaði börnunum inn í húsið og hlóð veiðirifil sinn á meðan björninn klóraði í útidyrarhurðina. Þegar hann leit undan opnaði hún dyrnar og skaut björninn tvisvar, með þeim afleiðingum að hann drapst. Drápið var fullkomlega löglegt, enda veiðileyfi barnfóstrunnar enn í gildi.

- sfs

Símhleranir á Íslandi: Nefnd kemur með tillögur

SÍMHLERANIR Ekki er þörf á því að skipa sérstaka rannsóknarnefnd á vegum Alþingis til að skoða það sem óljóst þykir varðandi símhleranir hér á landi.

Þetta var haft eftir Geir H. Haarde forsætisráðherra í fréttum Sjónvarps í gærkvöld.

Ríkisstjórnin hefur þegar skipað nefnd undir forystu Páls Hreinssonar lagaprófessors. Páll segir að nefndin eigi að gera tillögu um tilhögun á frjálsum aðgangi fræðimanna að gögnum um öryggismál Íslendinga en hún sé ekki skipuð til að skoða símhleranirnar sérstaklega.

„Ef einhver hlerunargögn eru til þá verðum við að setja reglur um hvernig fræðimenn fá aðgang að þeim,“ segir hann.

- ghs

Öryggisráð SP samþykkir refsiaðgerðir gegn N-Kóreu

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti í gær ályktun um refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu vegna kjarnorkutilrauna. Hótun um hernaðaraðgerðir var fjarlægð úr ályktuninni. Erindreki N-Kóreu fór af fundinum.

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna (SP) samþykkti í gærkvöldi nýja ályktun um alþjóðlegar refsiaðgerðir gegn Norður-Kóreu vegna kjarnorkutilrauna landsins. Ályktunin var sett fram af Bandaríkjastjórn og samþykkt einróma af öllum fimmtán fulltrúum ráðsins. Hún krefst þess að Norður-Kóreumenn láti samstundis af kjarnorkuvopnaáætlun sinni og eyði öllum geryöndingarpopnum sínum.

Ályktunin kveður einnig á um algert bann við sölu á efnum sem hægt sé að nota til kjarnavopnavæðingar auk stórra hergagna á borð við skriðdreka, eldflaugar og þyrlur. Þá er viðskiptabann á allar munaðarvörur úr fyrri ályktunum ítrekað og þjóðum heims veitt heimild til að stöðva

öll skip sem koma til eða fara frá Norður-Kóreu og leita að þeim vopnum og varningi sem bann er sett við.

Ályktunin skyldar þjóðir heims til að setja algert farbann á leiðtoga og embættismenn landsins og frysta bankareikninga þeirra. Að lokum er sett fram krafa um að Norður-Kóreumenn snúi samstundis aftur til samninga við hina svokölluðu sex landa nefnd.

Hótun um að ályktuninni yrði fylgt eftir með hernaðaraðgerðum, yrðu stjórnvöld í Pyongyang ekki við henni, var fjarlægð úr upprunalegum tillögum Bandaríkjastjórnar til að liðka fyrir samþykkt Rússa og Kínverja, en bæði löndin hafa sterk tengsl við Norður-Kóreu.

Lýsir stuðningi við ályktunina



Valgerður Sverrisdóttir utanríkisráðherra segir íslensk stjórnvöld stöðja ályktun Sameinuðu þjóðanna algerlega. „Aðgerðirnar sem ályktunin kveður á um beinast fyrst og síðast að einræðisstjórninni í Norður-Kóreu en ekki almenningi þar í landi sem þola hefur mátt nóg í árána rás. Það verður svo að koma í ljós hvort stjórnvöld í Norður-Kóreu bregðist við með viðunandi hætti, hverfi frá frekari kjarnorkutilraunum og setjist á ný að samningaborðinu.“

John Bolton, sendiherra Bandaríkjanna hjá SP, sagði ályktunina senda skýr skilaboð til Norður-Kóreu og annarra ríkja sem hygðu á kjarnavopnavæðingu.

Erindreki Norður-Kóreu var ekki á sama máli og sagði ályktunina „óforsvaranlega“. Hann gekk í kjölfarið út af fundi ráðsins.

- þsj



Ólafur, eru þetta ólögmæt undanrennubrögð hjá Ost- og smjörslunni?

„Já, það er alveg klárt mál.“

Osta- og smjörslan braut samkeppnislög með því að selja Mjólku undanrennu-duft á lægra verði en Ostahúsinu. Ólafur Magnússon er framkvæmdastjóri Mjólku.

Formaður Hlífar hyggst senda yfirstjórn Alcan í Kanada gögn vegna stöðu starfsmannamála í Straumsvík: Trúnaðarráð starfsmanna ósátt við viðbrögð Alcan

VINNUMARKAÐUR Mikil óánægja er innan trúnaðarráðs starfsmanna Alcan með viðbrögð stjórnenda fyrirtækisins í kjölfar þess að þeim var afhent ályktun fjölmenns starfsmannafundar á föstudagsmorgun.

Gylfi Ingvarsson, aðaltrúnaðarmaður, segir yfirlýsingu sem Alcan sendi út vegna málsins vera þvert á það sem rætt hafi verið á fundi trúnaðarráðs með stjórnendum. Hann segir yfirlýsingu líta út fyrir að hafa verið tilbúna áður en fundurinn var haldinn og er mjög óánægður með þau vinnubrögð að fjölmiðlum hafi verið send yfirlýsingin áður en hún var kynnt trúnaðarráði.

„Það sýnir bara heiðarleikann í samskiptunum. Við skildum þá þannig að menn ætluðu nú að vanda sig og leysa málin af fullri alvöru. Það eru líka hagmunir stjórnenda að fyrir-

tækid sé vel rekið. En þessi stjórnun er ekkert annað en skemmdarverkstarfsemi við þá hagsmunum.“

Kolbeinn Gunnarsson, formaður Hlífar, segir mikla ólgu vera meðal starfsmanna og að mætingin á starfsmannafundinn staðfesti það.

„Það getur vel verið að kannanir þeirra sýni annað. En hvenær voru þær kannanir gerðar? Þær voru alla vegna ekki gerðar í dag eða í gær.“ Kolbeinn segir að næsta skref í málinu verði væntanlega að senda gögn málsins til yfirstjórnar Alcan í Kanada.



STARFSMAÐUR ALCAN Mikil ólga er meðal starfsmanna vegna stjórnunarháttanna hjá fyrirtækinu.



SORG Í PALESTÍNU Kona syrgir liðsmenn Hamas sem voru dreppir í gær.

Átök á Gaza-svæðinu: Nítján létust í síðustu viku

PALESTÍNA Sex palestínskir liðsmenn Hamas-hreyfingarinnar létust í átökum við Ísraelsher aðfaranótt laugardags. Að sögn BBC fóru Ísraelskir skriðdrekar inn á Gaza-svæðið til að koma í veg fyrir að eldflaugum yrði skotið þaðan á nálægar Ísraelskar byggðir. Þar mættu þeir mótspyrnu herskárra Hamasliða með fyrrgreindum afleiðingum. Á sama tíma var heimili háttsetts Hamasliða eyðilaggt í loftárás. Ísraelar létu vita af aðgerðunum fyrir fram og því urðu engin slys á fólki. Nítján Palestínunum hafa látist í átökum á svæðinu undanfarna daga.

Bílvelta í Bröttubrekku: Ökumaður sofnaði undir stýri

LÖGREGLUMÁL Maður á fertugsaldri er talinn hafa sofnað undir stýri þegar hann var á ferð um Bröttubrekku á föstudagskvöld með þeim afleiðingum að jepplingur sem hann keyrði valt. Bíllinn rann töluverða vegalengd á slitlagi vegarins áður en hann fór fáeinum veltur út fyrir veg. Ökumaðurinn var einn í bílnum og var töluvert lemstraður á eftir. Hann var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar en hefur verið útskrifaður. Að sögn lögreglu er bíllinn gjörónýtur.

LÖGREGLUFRÉTTIR

Sumarbústaður brennur
Sumarbústaður í Bárðardal brann til kaldra kola í gærmorgun. Bústaðurinn var mannlús þegar í honum kviknaði en hann er gjörónýtur. Lögreglan á Húsavík hefur grun um upptök eldsins en hefur útilokað íkveikju.

Hjólhýsi mölbrotnaði

Hjólhýsi lenti í sviptivindi við Vík á föstudagskvöld og mölbrotnaði en mikið hvassviðri hefur verið á svæðinu að undanförmu. Engin slys urðu á fólki en bíllinn sem dró hjólhýsið skemmdist lítillga.

Hneyksli skekja nýja ríkisstjórn Svíþjóðar

Viðskiptaráðherra Svíþjóðar hefur sagt af sér eftir aðeins rúma viku í embætti. Kröfur eru um að menntamálaráðherrann segi af sér. Mörg hneykslismál hafa komið upp innan ríkisstjórnarinnar á þeim stutta tíma sem hún hefur starfað.

SVÍPJÓÐ Fyrsta starfsvika ríkisstjórnar Fredriks Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, hefur verið mörkuð hverju hneykslismálinu á fætur öðru. Háværar kröfur hafa verið um afsögn margra ráðherra og nú hefur einn þeirra sagt af sér. Það er Maria Borelius viðskiptaráðherra. Borelius hafði aðeins verið örfáa daga í embætti þegar uppljóstranir tóku að birtast í fjölmiðlum. Hún hafði verið með svartan starfskraft á heimili sínu á tíunda áratugnum, tekin ölvuð undir akstri og átti fasteignir sem voru skráðar á félag í skattaparadisum til að losna við fjármagnstekjuskatt auk þess sem hún hafði ekki borgað afnotagjöldin sín.

„Að lokum kom í ljós að Borelius hafði ekki farið að reglum fjármálaeftirlitsins þegar hún seldi hlutabréf. Hún á nú að greiða jafnvirði 140 þúsund íslenskra króna í sekt.“

Maria Borelius er ekki eini ráðherrann sem hefur valdið hneyksli í Svíþjóð. Komið hefur í ljós að menntamálaráðherrann Cecilia Stegö Chilð greiddi ekki afnotagjöldin sín í sextán ár og fleiri ráðherrar höfðu ekki heldur greitt þau, til dæmis innflytjendaráðherrann Tobias Billström. Þessir þrír ráðherrar hafa verið kærðir til lögreglunnar og eru háværar kröfur um að Billström og Stegö



SKRÁÐ Á FÉLAG Í JERSEY Sænskir fjölmiðlar greindu frá því að sveitasetur fráfarandi viðskiptaráðherra Svíþjóðar, Mariu Borelius, væri skráð á félag í skattaparadisinni Jersey til að ráðherrann kæmist hjá því að greiða skatt. Borelius sagði af sér í gær eftir að hafa verið viku í ríkisstjórninni.

„Maria Borelius er ekki eini ráðherrann sem hefur valdið hneyksli í Svíþjóð. Komið hefur í ljós að menntamálaráðherrann Cecilia Stegö Chilð greiddi ekki afnotagjöldin sín í sextán ár.“

Chilð fari að fordæmi Borelius og segi af sér. Eftir að hneykslismálin komu



SAGDI AF SÉR Maria Borelius hafði aðeins verið skamma hrið í embætti viðskiptaráðherra í Svíþjóð þegar fjölmiðlar tóku að upplýsa um lögbrot og önnur hneykslismál.



FREDRIK REINFELDT Forsætisráðherra Svíþjóðar, Fredrik Reinfeldt, hefur staðið í ströngu þá rúmu viku sem ríkisstjórn hans hefur starfað því hvert hneykslismálið hefur rekið annað.

Bónus hefur flutt inn sex til átta Pólverja til starfa á kassa:

Verður veitt íslenskukennsla

VINNUMARKAÐUR Stórmarkaðir eru í auknum mæli farnir að ráða erlent starfsfólk á kassa. Þannig hefur Bónus til dæmis tuttugu til tuttugu og fimm útlendinga við störf, þar af sex til átta sem fyrirtækið hefur ráðið frá Póllandi.

Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónuss, segir að ekkert atvinnuleysi sé og því sækir fólk síður í störf eins og að vera á kassa. „Við höfum brugðið á það ráð að taka inn erlenda starfsmenn,“ segir Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónuss.



STARFSMANNASTJÓRI BÓNUSS „Við höfum brugðið á það ráð að taka inn erlenda starfsmenn,“ segir Svanur Valgeirsson, starfsmannastjóri Bónuss.

besta með útlendingum,“ segir hann.

upp byrjaði starfsmannastjóri forsætisráðherrans, Johan Forsell, að greiða afnotagjöldin sín og aðrir forystumenn hægri flokksins sömuleiðis, að sögn vefútgáfu Dagens Nyheter. Þá hefur komið í ljós að umhverfisráðherrann Andreas Carlgren gaf vitlausar upplýsingar um tekjur sínar til þingsins fyrir nokkrum árum og fékk því of háa tekjutryggingu þaðan. Þá hefur einn ráðherra jatað að hafa reykt hass á Indlandi fyrir mörgum árum og annar ráðherra hefur jatað að hafa ráðið til sín starfskraft svart. Þetta eru aðeins helstu hneykslismálin af mörgum.

Í sænskum fjölmiðlum þykja skýringar ráðherranna ekki trúverðugar. Flestir hafa sagt að þeir hafi ekki greitt afnotagjöld til að mótmæla ríkisreknum fjölmiðli. Staða menntamálaráðherrans er talin verri en hinna þar sem hún hafði ekki greitt forsætisráðherranum frá þessu.



Á GRUNDARTANGA Forstjóri Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga telur að umhverfismat þurfi ekki að fara fram vegna aukinnar framleiðslu.

Stækkunin á Grundartanga: Umhverfismat þurfi ekki

UMHVERFISMÁL Ingimundur Birnir, forstjóri Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga, telur að stækkun verksmiðjunnar hafi ekki áhrif á starfsleyfið og því þurfi umhverfismat ekki að fara fram.

„Það er mín skoðun að þetta rammist innan starfsleyfisins og hafi jákvæð áhrif ef eitthvað er en þetta verða yfirvöld að meta,“ segir hann.

Ingimundur segir að sýnilegur reykur frá verksmiðjunni muni minnka og meira en tíu ára umhverfisvöktun hafi sýnt að það sé ekki efnamengun frá fyrirtækinu.

Starfsleyfi Járnblendiverksmiðjunnar kemur til endurnýjunar 2009 en gert er ráð fyrir að nýja framleiðslan hefjist í febrúarþyrjun 2008.

Friðarathöfn á Ingólfstorgi: Lesið ákall til ráðamanna

FRIÐARMÁL Um fimmtíu manns mættu á friðarathöfn á Ingólfstorgi um þrjúleiti í gær. Fyrirhugað var að ráða fundargestum með marglitar blóðrur upp á torginu og mynda friðarmerkið en hætt var við það þar sem ekki mættu nógu margir.

„Þetta gekk alveg furðulega vel,“ segir Methúsalem Þórisson hjá Húmanistahreyfingunni. „Við fórum hins vegar með ákall til ráðamanna um að þeir snúi af leið og láti af kjarnorkubrjáláðinu og ofbeldinu sem það er.“

Bruggúsi lokað í Hafnarfirði:

Hald lagt á 500 lítra af landa

LÖGREGLUMÁL Lagt var hald á fimm hundruð lítra af landa í heimahúsi seinasta fimmtudag. Lögreglan í Hafnarfirði handtók tvo í tengslum við húsleitina. Verðmæti landans er um sjö hundruð og fimmtíu þúsund krónur ef miðað er við algengt verð á landa í dag.

Ásam landanum fann lögregla ýmis tæki og tól til bruggunar í húsinu. Talsmaður lögreglunnar í Hafnarfirði segir mörg ár síðan svona mikið magn af landa hafi verið gert upptækt. Mennirnir voru yfirheyrðir og sleppt að því loknu. Málið er í rannsókn hjá lögreglu.

Gildir bæði fyrir e-kort og e² Vildarkort

Veitingahúsavika

dagana 15.–21. október

Veitingahúsavika e-kortsins og e² Vildarkortsins er 15.–21. október og hafa neðangreindir samstarfsaðilar hækkað endurgreiðslu sína af því tilefni.

Í vikunni geta korthafar gælt við bragðlaukana á mörgum af bestu veitingastöðum landsins.



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



20%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



15%
ENDUR-
GREIÐSLA



* e² Vildarkorthafar fá 5% af endurgreiðslunni í formi Vildarpunkta.

Þú getur sótt um e-kortið á www.ekort.is og e² Vildarkortið á www.e2.is

e kort
www.ekort.is

e² Vildarkort
www.e2.is

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|-----------------|--------|--------|
| Bandaríkjadalur | 68,07 | 68,39 |
| Sterlingspund | 126,71 | 127,33 |
| Evra | 85,40 | 85,88 |
| Dönsk króna | 11,455 | 11,523 |
| Norsk króna | 10,119 | 10,179 |
| Sænsk króna | 9,225 | 9,279 |
| Japanskt jen | 0,5699 | 0,5733 |

| | | |
|-----|-------|--------|
| SDR | 99,92 | 100,52 |
|-----|-------|--------|

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
118,2062
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjölmargin mættu í forvalsáheyrnarprufur fyrir X-Factor á Hótel Nordica í gær:

Margir óvenjugóðir keppendur

X-FACTOR Mikil stemning var á Hótel Nordica í gær og aðstandendur keppinnar ánægðir með hópinn sem mætti í forvalsprufurnar.

„Keppendur hafa verið framar öllum vonum og væntingum og greinilegt að standardinn er mun hærrí en það sem við höfum séð í sambærilegum keppnum hingað til,“ segir Þór Freysson, framleiðandi X-Factor. „Við erum að fá inn virkilega góða og hæfileikaríka söngvara og ég held að Ídolið hafi sýnt það og sannað að svona keppni er alvöru stökkpallur fyrir þá sem hafa áhuga á að starfa við þetta.“

Þór telur að Íslendingar séu farnir að taka keppnina mun alvarlegar en áður. „Ég held að við séum að fá þá inn núna sem hafa setið heima undanfarin ár og fylgst með úr



ÁHEYRNARPRUFUR FYRIR X-FACTOR Fjöldi manns mætti á Hótel Nordica í gær og stemningin var mikil.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

fjarlægð. Svo hjálpar líka til að við erum að taka inn sönghópa og eldri keppendur, sem er

mjög skemmtileg og hressandi viðbót.“

Sveinbjörg Pétursdóttir, kynningarstjóri X-Factor, segir athyglisvert að eldri keppendur hafi verið jafn margir þeim yngri. „Sönghóparnir komu okkur líka á óvart því við bjuggumst ekki við að þetta yrðu svona vel samsettir og æfðir hópar,“ segir hún og bætir við að töluvert hafi verið um að gamlir Ídolkeppendur létu sjá sig. „Þeir hafa verið að taka sig saman og mynda hópa og foreldrar þeirra sem tóku þátt í Ídolinu hafa einnig verið að koma inn.“

Þeir sem komust áfram í forvalinu í gær mæta aftur á Hótel Nordica í dag þar sem dómnefndin mun taka á móti þeim og skera úr um hvort þeir verði með í þættinum eða ekki.

- eð

Premur bjargað úr ógöngum: Jeppi valt í Markarfljóti

BÍLVELTA Jeppi valt í Markarfljóti um ellefuleytið í gærmorgun. Bíllinn hafði lagt í fljótið um þrjá kílómetra innan við Fljótsdal þegar straumurinn hreif hann með sér með þeim afleiðingum að hann valt. Þrír voru í bílnum og sluppu þeir allir ómeiddir.

Flugbjörgunarsveitin á Hellu og Björgunarsveitin Dagrenning voru kallaðar út og tókst þeim að koma mönnum í land með því að aka straumnum sérþvinnu bíl að slysstaðnum. Mennirnir höfðu klifrað upp á hlið bílsins þar sem hann lá í ánni og hringt þaðan í Neyðarlínuna. Bifreiðin var dregin úr ánni stuttu síðar. - sps

Umhverfisvernd í verki: Starfsfólk með orma í vinnuna

LOS ANGELES, AP Sorphirðunefnd Kaliforníuríkis hvetur nú fyrirtæki og ríkisstofnanir til að setja upp molutukassa á kaffistofum og starfsmennina til að mæta með digra orma í vinnuna. Hugmyndin er sú að ormarnir endurnýti allan lífrænan úrgang fyrirtækjanna, sérstaklega kaffikorg og matarleifar, sem breytast við þetta í besta áburð. Starfsmenn mega svo taka moldina heim með sér á kvöldin og nýta hana í garðinn.

Fylgismenn endurvinnslunnar segja að nálægð ormanna venjist furðu vel og þeir séu afar þægileg gæludýr sem aldrei kvarti. - kóp

LOTTÓ

Einn með allar réttar

Einn var með allar tölur réttar í lottói gærkvöldsins og fær hann rúmar fimm milljónir í vinning. Lottótölurnar er 2, 8, 16, 22 og 34. Bónustalan er 23.

Organistinn kemur með eigin tillögur

Organistinn í Skálholti og Organistafélagið ætla að fara yfir sáttatillögurnar frá stjórn Skálholts og koma með sáttatillögur á móti á næstu dögum. Formaður Organistafélagsins segir raunverulegan vilja til satta á báða bóga.

SKÁLHOLT Organistafélag Íslands ætlar í næstu viku að fara vel yfir þær sáttatillögur sem hafa borist frá stjórn Skálholts og vega og meta kostina. Þetta verður gert í samstarfi við Hilmar Örn Agnarsson, organista í Skálholti. Stefnir er að því að koma með tillögur á móti.

Sáttatillagan í Skálholti er þrjúliuð. Í fyrsta lagi er boðið upp á að starfslokum organista sé frestað til 31. maí 2007. Í öðru lagi er stungið upp á því að sóknarnefndir og sveitarstjórn ráði organista með hugsanlegri þátttöku annarra prestakalla og stofnana og myndi þá Skálholtsstaður nýta organistann samkvæmt samkomulagi. Í þriðja lagi er organistanum gefinn kostur á hinu nýja starfi frá 1. janúar 2007.

Ingólfur Guðnason, formaður sóknarnefndarinnar í Skálholti, segir að Hilmar Örn



SIGURÐUR SIGURÐARSON VÍGSLUBISKUP



HILMAR ÖRN AGNARSSON ORGANISTI

hafi dregið sig í hlé og vilji fá næði til að hugleiða þessa kosti. Þess vegna hafi bænastundin sem átti að vera í Skálholti í gær verið felld niður.

Mikil sorg er í Bláskógabyggð vegna uppsagnarinnar. Ingólfur segir að þrýstingur hafi verið frá Tungnamönnum og tónlistarfólki að fara út í mótmælaaðgerðir. „Þær hefðu þá getað falist í mótmælafundum og mótmælaföngum, því að þetta snertir ekki bara sóknarbornin heldur listafólk um allt land, en niðurstaðan varð sú að halda íhugunar- og bænastund þar sem beðið yrði fyrir starfs-

fólkinu og starfinu í Skálholti í nútíð og framtíð,“ segir Ingólfur.

Þegar sáttatillögurnar komu frá stjórn Skálholts í vikunni var ákveðið að fella bænastundina niður. „Málið er ekki leyst, fjarri því. Nú stendur fyrir dyrum mikil vinna hjá Hilmar og Organistafélaginu að koma með sínar tillögur og reyna að semja við Skálholtsstað um stöðu hins nýja tónlistarstjóra,“ segir Ingólfur.

Guðmundur Sigurðsson, formaður Organistafélags Íslands, segir að verið sé að skoða sáttatillögurnar og funda á bak við tjöldin. „Sáttaviðræðurnar hafa skilað þeim árangri að það er raunverulegur vilji til satta á báða bóga og það skiptir öllu máli. Það eru góðu fréttirnar,“ segir hann.

Karl Sigurbjörnsson biskup vill ekki tjá sig um málið.

ghs@frettabladid.is



FUNDAD BAK VIÐ TJÖLDIN Í SKÁLHOLTI „Málið er ekki leyst, fjarri því. Nú stendur fyrir dyrum mikil vinna hjá Hilmar og Organistafélaginu að koma með sínar tillögur og reyna að semja við Skálholtsstað um stöðu hins nýja tónlistarstjóra,“ segir Ingólfur Guðnason, formaður sóknarnefndar í Skálholti.



ABIMAEEL GUZMAN Leiddi tólf ára langa uppreisn perúsku samtakanna.

Stofnandi Skínandi stígs: Dæmdur í lífstíðarfangelsi

PERÚ, AP Stofnandi hinna herskáu skæruliðasamtaka Skínandi stígs í Perú hefur verið dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir hryðjuverk. Abimael Guzman, sem er fyrrverandi heimspekisprofessor, leiddi tólf ára langa uppreisn samtakanna en um sjötíu þúsund manns létust í landinu á meðan á henni stóð.

Kona Guzmans, Elena Iparraguirre, var einnig dæmd í lífstíðarfangelsi og tíu aðrir liðsmenn samtakanna hlutu margra ára fangelsisdóma. Eftir dómuppkvaðninguna sagði lögfærðingur Guzmans að dómnum yrði áfrýjað. - þsj

LÖGREGLUFRETTIR

Ölvaður keyrði á leigubíl

Þrír voru stöðvaðir í umdæmi Hafnarfjarðarlögreglu aðfaranótt laugardags, grunaðir um ölvan við akstur. Einn þeirra var sautján ára piltur. Hann ók inn í hringtorg og lenti þar í áreksri við leigubíl. Engin slys urðu á fólki en bílarnir skemmdust töluvert.

AFRÍKA

Sleppt úr haldi

Tveimur ítölskum ferðamönnum sem hafa verið í haldi mannræningja í Níger frá því í ágúst hefur verið sleppt. Þeir eru nú í Trípólí í Líbíu og biða þess að komast til sinna heima.

Ekkert blað?

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu fengið Fréttablaðið. En til vonar og vara skaltu klippa þetta símanúmer út og hringja ef blaðið berst ekki.


550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ

- mest lesið

VEÐURSPÁ

um hádegi >>



um hádegi >>

| | | | | | | | | |
|---------------|------|------------|-----------------|------|------------|------------|------|------------|
| Kaupmannahöfn | 14°C | heiðskirt | London | 18°C | hálfskýjað | Alicante | 25°C | skúrir |
| Þórshöfn | 12°C | alskýjað | Paris | 20°C | heiðskirt | Mallorca | 22°C | heiðskirt |
| Osló | 14°C | hálfskýjað | Frankfurt | 19°C | heiðskirt | Algarve | 24°C | alskýjað |
| Stokkhólmur | 13°C | hálfskýjað | Friedrichshafen | 19°C | heiðskirt | Krit | 24°C | hálfskýjað |
| Gautaborg | 14°C | heiðskirt | Berlín | 16°C | heiðskirt | Las Palmas | 28°C | hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

Farðu hvert SEM ER með hvað SEM ER | NÝR L200



ÓTRÚLEGA FJÖLHÆFUR JEPPI MEÐ EINSTAKA EIGINLEIKA

Hinn sívinsæli L200 frá Mitsubishi snýr nú aftur hláðinn nýjungum. Drifbúnadurinn er byltingarkenndur og kemur þér auðveldlega þangað sem þú þarft að komast. Bíllinn hefur minnsta beygjuradíus sambærilegra bíla sem gerir hann ótrúlega lipran í innanbæjarakstri og öll hönnun er þannig að hinn nýi L200 vekur aðdáun hvar sem hann kemur. Einnig fáanlegur með samlitu pallhúsi.

Verð frá 2.960.000 kr.



KJÖRKASSINN



Hefur þú tekið þátt í mótmæla-göngu?

Já 35%
Nei 65%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Spilar þú tölvuleiki?

Segðu þína skoðun á visir.is

Viðbúnaður vegna fuglaflensu hér á landi heldur áfram:

Kaupa 630.000 hlífðarbúninga

HEILBRIGÐISMÁL Undirritaðir hafa verið samningar um kaup á 630 þúsund hlífðarsloppum, öndunargrímum, augnhlífum og hlífðarsvuntum. Þessi hlífðarbúnaður er ætlaður heilbrigðisstarfsmönnum og öðrum sem þurfa að sinna veiku fólki af völdum influensu eða vinna með sykt dýr af völdum fuglainfluensu.

Þetta kemur fram í nýjum Farsóttafréttum landlækniseimbættisins. Fyrr á þessu ári var skipaður faghópur um kröfufýsingu vegna útboðs á hlífðarbúnaði til nota í heimsfaraldri influensu. Hópurinn var skipaður fulltrúum frá Landbúnaðarstofnun, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Landspítala - háskólasjúkrahúsi og sóttvarnalækni. Í kjölfar útboðsins hafa verið undirritaðir samningar við nýu innflutningsfyrirtæki um kaup og birgðahald á ofangreindum hlífðarbúnaði. Hanskar voru ekki hluti af þessu útboði þar sem þegar er í gildi rammisamningur vegna hanska.



HLÍFÐARBÚNINGAR Ætlaðir þeim sem þurfa að sinna veiku fólki eða vinna með sykt dýr.

Sóttvarnalæknir hefur eftirlit með þessum neyðarbirgðum og mun stjórna úthlutun þeirra samkvæmt sérstöku mati þegar á þarf að halda. Nú er unnið að gerð leiðbeinandi reglna þar um.

- jss

Jarðskjálftavirkni við Gjögurtá:

Stærsti skjálftinn var 3,5 á Richter

SKJÁLFTI Jarðskjálfti að stærð þrjú og hálfur á Richter-kvarðanum mældist um þrettán kílómetra norðvestur af Gjögurtá norðan við Akureyri aðfaranótt laugardags. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Veðurstofu Íslands.

Nokkur virkni hefur verið á þessu svæði síðustu vikuna og hafa alls mælst um hundrað skjálftar síðan seinasta sunnudag, þar af um þrjátíu frá því á miðnætti á laugardag. Næst stærsti skjálftinn mældist tveir og hálfur á Richter. Búast má við einhverri áframhaldandi jarðskjálftavirkni á svæðinu.

- sþs

Aðalfundur Alþjóðafélags lækna:

Jón G. Snædal kjörinn forseti

HEILSA Jón G. Snædal læknir var kjörinn forseti Alþjóðafélags lækna starfsárið 2007-2008 á aðalfundi félagsins í Suður-Afríku í gær. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Læknafélagi Íslands. Jón hefur sinnt starfi yfirlæknis við Öldrunarlækningadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss frá árinu 1997. Hann sat einnig í stjórn Alþjóðafélags lækna frá 2001 til 2005.

Alþjóðafélag lækna var stofnað eftir lok síðari heimsstyrjaldarinnar til að styrkja siðfræðilegan grundvöll lækna víða um heim og hindra þátttöku þeirra í mannréttindabrotum. - sþs

Kosið um efstu sætin:

Kjördæmisþing verður tvöfalt

STJÓRNMÁL Samþykkt var á kjördæmisþingi Framsóknarmanna í Suðvesturkjördæmi í gær að haldið yrði tvöfalt kjördæmisþing hinn 4. nóvember næstkomandi. Aðildarfélög flokksins velja fulltrúa á þingið en á því verður kosið í sex efstu sætin á lista Framsóknarflokksins í Suðvesturkjördæmi. Þrjú hafa gefið kost á sér til þess að taka sæti á listanum en það eru þau Una María Óskarsdóttir, Samúel Örn Erlingsson og Gísli Tryggvason. - eð

LÖGREGLUFRETTIR

Haglabyssu stolið

Brotist var inn í hús í Keflavík í fyrradag og fartölvu og haglabyssu stolið. Tveir eru í haldi lögreglunnar í Reykjanesbæ og málið í rannsókn.

Lögreglan með hrottalegar nauðganir til rannsóknar

Lögreglan í Reykjavík hefur til rannsóknar hrottaleg kynferðisbrot gagnvart stúlku um tvítugt og 45 ára gamalli konu. Árásarmennirnir sem réðust á stúlkuna eru ófundnir en árásin, sem átti sér stað í húsa-sundi, var sérlega ofbeldisfull.

KYNFERÐISBROT Lögreglan í Reykjavík hefur til rannsóknar tvö kynferðisbrotamál þar sem hrottaleg ofbeldi var beitt.

Aðfaranótt sunnudagsins 8. október var stúlku um tvítugt nauðgað í húsa-sundi á bak við Menntaskólann í Reykjavík. Var árásin á stúlkuna sérlega hrottaleg en lögreglan hefur ekki enn hætt á árásarmönnum tveimur. Að sögn Bjarnþórs Aðalsteinssonar, fulltrúa í ofbeldisbrotadeild lögreglunnar í Reykjavík, gat stúlkan gefið greinargóða skýrslu en rannsókn málsins er í fullum gangi. „Stúlkan gat gefið greinargóða skýrslu en lýsingar á þeim sem áttu í hlut eru eðli málsins samkvæmt ekki nákvæmar. Þetta er óvenjulega harkaleg árás þar sem engin orðaskipti áttu sér stað milli stúlkunnar og þeirra sem áttu í hlut. Stúlkan hafði drukkið lítið af áfengi fyrr um kvöld og var greinargóð í tilsvörum en var augljóslega mjög brugðið, sem eðlilegt er.“

Stúlkan hefur enn ekki lagt fram kærnu vegna málsins en hún hefur fengið aðstoð hjá sérfræðingum á neyðarmóttöku Landspítalans síðan málið kom upp.

Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu hefur lögreglan í Reykjavík einnig til rannsóknar alvarlegt kynferðisbrot karlmanns gagnvart 45 ára gamalli konu á heimili hans í Reykjavík. Sam-

NAUÐGUN Í MIÐBÆNUM

Aðfaranótt 8. október

Á milli 04:00 og 04:30

Stúlka er rænd og henni nauðgað í húsa-sundi á bak við Menntaskólann í Reykjavík. Hún var á heimleið eftir að hafa verið að skemmta sér í miðbænum. Í fyrstu fór stúlkan að biðröð eftir leigubíl, við Lækjargötu, en ákvað að rölta heim vegna þess hversu biðröðin var löng. Gekkt hún áleiðis upp Amtmannsstíg. Þar réðust tveir menn, sem taldir eru vera á aldrinum 20 til 24 ára, á stúlkuna, rændu af henni peningum og nauðguðu henni, eftir að hafa þvingað hana inn í húsa-sund. Annar manna hélt höndum stúlkunnar föstum á meðan hinn kom fram vilja sínum með ofbeldisfullum hætti. Þeir hlupu af vettvangi, áleiðis upp Amtmannsstíg og síðan í áttina frá vettvangi að Laufásvegi.

Um 04:40

Lögreglan í Reykjavík fær tilkynningu um nauðgunina frá vegfaranda. Stúlkan er þá í losti og nokkuð illa leikin eftir ofbeldisfulla árás manna. Var henni komið fljótt undir hendur lækna sem hlúðu að henni. Lögreglan hóf strax leit að mönnum en þeir fundust ekki. Þeirra er enn leitað. Við rannsókn málsins hefur meðal annars verið farið ítarlega yfir myndefni sem náðist á öryggismyndavélar í grend við vettvang nauðgunarinnar, en sú skoðun hefur ekki borið árangur. Hefur myndefni sem náðist á öryggismyndavélar við bandaríska sendiráðið meðal annars verið skoðað.



VETTIVANGUR NAUÐGUNARINNAR Tveir menn rændu stúlkuna og nauðguðu henni í þessu húsa-sundi í Reykjavík. Út úr húsa-sundinu sést út í Amtmannsstíg þangað sem mennirnir forðugu sér. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

FLÓTTALEIÐ ÁRÁSARMANNANNA Samkvæmt því sem talið er hlupu mennirnir upp Amtmannsstíg og þaðan upp Þingholti-stræti í áttina að Laufásvegi. Ef einhver telur sig hafa orðið var við grunsamlegar ferðir tveggja ungra manna á milli 04:00 og 05:00 í grend við þessar götur er sá hinn sami beðinn um að snúa sér til lögreglunnar í Reykjavík.

kvæmt upplýsingum frá lögreglu virðist sem maðurinn hafi misþyrmt konunni hrottalega en máls-

atvik eru að nokkru leyti óljós.

Konan var með töluverða áverka í andliti og á kynfærum eftir árás-

ina en samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er hún á batavegi.

magnush@frettabladid.is

Íslenska knattspyrnuliðið Ragnan keppti við áhöfn herskipins USS Wasp:

Báru sigurorð af Vespunni

ÍPRÓTTIR Íslenska knattspyrnuliðið Ragnan atti kappi við bandaríska sjóliða af herskipinu USS Wasp í Sporthúsinu í gær. Um vináttuleik var að ræða, en herskipið lagði að höfn á fimmtudag og verður hér fram á mánudag. Leikar enduðu þannig að íslenska liðið vann alla sína leiki.

Fyrir hönd Íslendinga kepptu meðal annars Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, Birgir Tjörvi Pétursson lögmaður, Kristinn Vilbergsson, forstjóri Pennans, og Leó Hauksson, miðlari hjá KB banka. Einnig var keppt í körfuknattleik en þar var liðum blandað saman.

„Við reynum að koma í kring vináttuleikjum milli sjóliðanna og heimamanna þegar skipið leggst að landi,“ segir Dave Edwards, flotafltrúi bandaríska sendiráðsins á Íslandi. „Á skipinu er meðal annars fótboltalið, körfuboltalið og hafnaboltalið. Þeir yngri hafa mikinn áhuga á íþróttum.“

Gísli Marteinn segir stemninguna hafa verið mjög góða þegar



MEÐ AUGUN Á BOLTANUM Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi horfir einbeittur á boltann við fætur liðsmanns herskipins USS Wasp. Íslenska liðið bar sigur úr þýtum í öllum sínum leikjum. fréttablaðið/hrönn

flautað var til leiks. „Þessir sjóliðar eru um það bil áratug yngri en við og hafa ekkert haft að gera síðustu þrjú mánuði annað en að gera magaæfingar úti á miðju

Atlantshafi. Þeir voru því í betra formi en við, sem sást best þegar liða tók á leikina. Þeir spiluðu af alvöru en íslenska seiglan tók þetta.“

- sþs

KATTASÝNING
Kynjakatta

Hey
vitið þið að
Haustsýning Kynjakatta
verður haldin 13. og 14.
október 2006 í reiðhöll
Gusts, Álalind,
Kópavogi

Sýningin er
opin frá 10-18
báða daga

Margrét Gísladóttir

0 kr.
**FYRIR ÖLL SÍMTÖL
 INNAN FJÖLSKYLDUNNAR**

**FYRIR ÞÁ SEM ERU
 Í BETRI LEIÐ Í GSM**

Nýtt frá Símanum
 fyrir fjölskyldurnar í landinu

Betri leið í GSM hjá Símanum. Veldu þá leið sem hentar þér best.

Góður
 GSM **35**
 35 mín / 20 sms
990 kr. á mánn.

Betri
 GSM **100**
 100 mín / 60 sms
1.990 kr. á mánn.

Bestur
 GSM **160**
 160 mín / 90 sms
2.990 kr. á mánn.

Langbestur
 GSM **280**
 280 mín / 180 sms
4.990 kr. á mánn.

Veldu Betri leið í GSM hjá Símanum og þú borgar 0 kr. fyrir öll símtöl innan fjölskyldunnar. Öll símnotkun fer á einn reikning og fjölskyldan getur verið af ýmsum stærðum og gerðum, frá þremur einstaklingum upp í sex. Þjónustan er fyrir áskrifendur að Betri leið í GSM en í hverri fjölskyldu geta þar að auki verið tveir með Frelsi og einn í fyrirtækjaáskrift. Treystum fjölskylduböndin! Kynntu þér málið www.siminn.is.

Þjónustan verður virk 1. nóvember og eftir það verða allir dagar fjölskyldudagar!



- 1 Hver hlaut nýlega friðarverðlaun Nóbels?
- 2 Hvert er hið nýja starf Ólafs Jóhanns Ólafssonar?
- 3 Hver tekur við af Kofi Annan sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 38

Þingmaður Samfylkingarinnar vill róttækar aðgerðir í baráttunni gegn fíkniefnum:

Fíkniefnahunda á skólaböllum

STJÓRNMÁL Valdimar L. Friðriksson, þingmaður Samfylkingarinnar, segir svo komið að fíkniefnahundar þurfi að vera á skólaböllum. Lýsti hann þeirri skoðun sinni í utandagskrárumræðum um vímuefnavandann á Alþingi á fimmtudaginn.

Guðjón A. Kristjánsson, formaður Frjálslyndra, sagði vímuefnaböllið stærsta og dýrasta vandamál samfélagsins og kvað flestar fjölskyldur hafa kynnst því. Sagði hann ljóst að vandinn myndi ekki hverfa, þvert á móti væri líklegt að hann yxi. Innti Guðjón félagsmálaráðherra svara um aðgerðir.

Magnús Stefánsson félagsmálaráðherra sagði stýrihóp undir forystu Ingibjargar Pálmadóttur, fyrrverandi heilbrigðisráðherra, að störfum og væri honum ætlað að móta heildstæða forvarnarstefnu. Stæðu vonir til að álit lægi fyrir 1. desember. Bætti Magnús við að umtalsvert fé rynni árlega til forvarnarmála og mikilvægt að hafa yfirsýn yfir fjárveitingar.



VÍMUEFNAVANDINN RÆDDUR Guðjón A. Kristjánsson krefst aðgerða.

Puríður Backman, Vinstri grænum, sagði ábyrgðina að hluta hjá Alþingi og undraðist að fyrir þinginu lægi tillaga um að léttvín og bjór yrðu seld í matvöruverslunum. Sigurjón Þórðarson, Frjálslynda flokknum, sagði mikilvægt að ráðast gegn vandanum með faraldsfræðilegum aðferðum; að bólusetja ungmenni gegn löngun í vímfefni.

Einar Már Sigurðarson:

Sækist aftur eftir öðru sæti

STJÓRNMÁL Einar Már Sigurðarson alþingismaður býður sig fram í annað sæti á lista Samfylkingarinnar í Norðausturkjördæmi.



EINAR MÁR SIGURÐARSON

Einar Már hefur setið á þingi fyrir Samfylkinguna síðan 1999 og skipaði annað sæti á lista flokksins í Norðausturkjördæmi í síðustu kosningum.

Prófkjörið fer fram síðar í mánuðinum og verður framkvæmt með póstkosningu.

Helgarferð til Ljubljana

27. október.

frá kr. **29.990**

Ótrúlegt tilboð - Síðustu sætin

Heimsferðir bjóða ótrúlegt stökktu tilboð á síðustu sætunum til Ljubljana 27. október. Gríptu þetta frábæra tækifæri á helgarferð til þessarar einstöku borgar á frábærum kjörum. Þú bókar flugsæti og 2 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir. Að auki er fjölbreytt gisting í boði á einstöku verði viljir þú kaupa sérstaka gistingu.

Helgarferð

kr. **29.990**

Netverð á mann. Flug, skattar og gisting í tvíþýli með morgunverði í 3 nætur, stökktu tilboð 27. okt.



Gæludýrin laða fram gleði og tilfinningar

Umhverfisráð hefur veitt undanþágu til heimsóknna hunda á hjúkrunarheimilið Sóltún, auk þess sem tíkin Stemma dvelur þar á daginn. Umhverfisráðherra skrifaði undir leyfi til að halda þar kött og skrautfiskar eru einnig á heimilinu.

ALDRADIR Umhverfisráð Reykjavíkur hefur veitt undanþágu til heimsóknna hunda á hjúkrunarheimilið Sóltún í Reykjavík. Þetta hefur mælst mjög vel fyrir hjá íbúum Sóltúns að sögn Önnu Birnu Jensdóttur hjúkrunarforstjóra þar, sem segir nálægð dýra geta haft afar góð áhrif á fólk sem á við öldrunarsjúkdóma að stríða.

„Dýr laða fram gleði og ákveðna tilfinningu hjá fólki sem það hefur ekki fengið að upplifa lengi,“ segir Anna Birna. Hún bendir á að margir íbúanna að Sóltúni hafi velkomið í heilbrigðisrannsóknir og ekki verið lengi inni á venjulegum heimilum. Margir þeirra hafi verið búnir að bíða í eitt til tvö ár áður en þeir eignuðust heimili þar.

„Hér erum við með skrautfiska og fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að þeir hafa meðferðargildi. Þeir virka róandi í umhverfinu og það er ákveðin slökun og gleði að fylgjast með þeim,“ heldur Anna Birna áfram. „Þeir eru litfagrir og menn fylgjast með því hvernig þeir dafna, matargjöfum og öðru sem þeim viðkemur.“

Sama máli gegnir um dýr eins og hunda. Rannsóknir hafa leitt í ljós að þeir geta verið mjög gefandi fyrir eldri borgara. Á þeim grunni höfum við verið hér með hund, en við þurfum að sækja um sérstakt leyfi fyrir honum því við heyrum undir sömu lög og sjúkrahús og samkvæmt þeim er gæludýrahald bannað. Við erum einnig með leyfi fyrir kisu, en



KINDURNAR Í GARDINUM Kindurnar í garðinum í Sóltúni vöktu upp margar góðar minningar og urðu uppspretta ýmissa frásagna.

„Hér erum við með skrautfiska og fjölmargar rannsóknir hafa sýnt að þeir hafa meðferðargildi. Þeir virka róandi í umhverfinu og það er ákveðin slökun og gleði að fylgjast með þeim.“

ANNA BIRNA JENSÐÓTTIR
HJÚKRUNARFORSTJÓRI

fyrir því leyfi þurfti undirritun umhverfisráðherra.“

Anna Birna segir návist dýr-

anna tvímælalaust hafa góð áhrif á fólk á Sóltúni. Þar hafi verið haldnir Færeyskir dagar í síðasta mánuði. Eins og síður sé í Færejum hafi kindur mætt í Sóltúngarðinn, íbúum og starfsfólki til mikillar gleði. Við það tækifæri hafi endurminningar streymt fram, enda margir íbúar uppaldir í sveit á árum áður.

„Þarna streymdu fram endurminningar og alls konar sögur voru sagðar sem rifjuðust upp fyrir fólk við það að sjá kindurnar,“ sagði Anna Birna.

jss@frettabladid.is

allt heimili

Alla fimmtudaga



Ásdís J. Rafnar hrl.



Hulda Rós Rüríksdóttir hdl.



Lára V. Júlíusdóttir hrl.



Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.



Valgerður Valdímarsdóttir hdl.

VIÐ HÖFUM OPNAÐ LÖGMANNSSTOFU

Við bjóðum alla almenna lögfræðipjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, málflutning fyrir héraðsdómi og fyrir Hæstarétti, gerð lögfræðilegra álitgerða og umsagna. Við höfum allar fjölbætta reynslu og þekkingu á vettvangi lögfræðinnar og leggjum metnað okkar í að veita góða þjónustu, þar sem hagsmunir viðskiptamanna eru í fyrirrúmi.

Suðurlandsbraut 6, 4. hæð | 108 Reykjavík | Sími 533 1330 | www.borgarlogmenn.is



Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

Jón gefur kost á sér í 4. sætið

STJÓRNMÁL Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnarfélagsins Landsbjargar og formaður fulltrúaráðs sjálf-

stæðisfélaganna í Kópavogi býður sig fram í 4. sæti á framboðslista Sjálfstæðisflokksins í Suðvesturkjördæmi.

Jón hefur starfað innan Sjálfstæðisflokksins um árabil og var kjörinn formaður fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi árið 2003.

Jón hefur undanfarin ár verið formaður Sjávarnartjaja, sem hafa barist fyrir sjálfbærum hvalveiðum við Ísland.

- hs

Tjolahej, tjolahopp, tjolahoppsan-sa! Innflutningspartý allveg fram á kvöld og flugeldasýning kl. 22:00

í IKEA Kaupúni í Garðabæ

STÆRSTA VERSLUN Á ÍSLANDI
20.600 m² af hugmyndum fyrir íslensk heimili!

SMÁLAND - uppáhaldsland allra krakka
Ævintýraheimur, byggður á sænsku Smálöndunum þar
sem Emil í Kattholti óx úr grasi.

Lína og Emil leika
lausum hala.
Wally trúður fer
á kostum.
Andlitsmálun.

Lokum hér
IKEA

REYKJAVÍK
KÓPAVOGUR
GARÐABÆR

Opnum hér
IKEA



Bílastæði IKEA
er besti staðurinn til að
njóta IKEA flugeldasýning-
arinnar til fulls.



OPÍÐ UM HELGINA

| | |
|-------------|---------------|
| Fimmtudagur | 10.00 - 22.00 |
| Föstudagur | 10.00 - 22.00 |
| Laugardagur | 10.00 - 22.00 |
| Sunnudagur | 10.00 - 22.00 |

www.IKEA.is

OPÍÐ ALLA HELGINA
FRÁ KL. 10:00 - 22:00

Fjármálaumsýsla skilar miklum skatttekjum en auðvelt er að flytja slíka starfsemi milli landa.

Lögheimili tekjustofnanna

HAFLIÐI HELGASON SKRIFAR

Það hefur verið ævintýri líkast að fylgjast með því hvernig hópur íslenskra fyrirtækja hefur á skömmum tíma breyst úr litlum fyrirtækjum á heimamarkaði í stór alþjóðleg fyrirtæki. Frumkvæði og sköpunarkraftur hafa losnað úr læðingi við opnun hagkerfisins og sölu ríkiseigna.

Þeirri spurningu er stundum varpað fram hvað almenningur í landinu græði á öllu þessu bróti íslenskra auðmanna og fyrirtækja. Fyrir helgi birti Fréttablaðið upplýsingar um skattgreiðslur viðskiptabankanna þriggja vegna hagnaðar þeirra árið 2005. Beinir skattar af rekstri bankanna nema riflega þrettán milljörðum króna samanborið við riflega fjóra milljarða árið áður. Við þetta bætast tekjuskattar starfsmanna í atvinnugrein sem borgar ein hæstu meðallaun á landinu.

Aukningin er veruleg á milli ára og miðað við spár um hagnað fyrir þetta ár munu skattgreiðslurnar aukast enn til mikilla muna. Vissulega hefur þessi mikla velgengni valdið einhverjum áhyggjum. Fylgifiskurinn er að margir hafa auðgast verulega, sem kann að valda einhverjum hugarangri. Það sem mestu máli skiptir er þó að með svo góðum árangri hafa stóðir samfélagsins í heild styrkst, sem skapar tækifæri fyrir hið opinbera að sinna lykilverkefnum sínum betur: Að byggja upp öflugt mennta- og heilbrigðiskerfi. Verkefnið er jöfn tækifæri, en ekki sömu verðlaun til þeirra sem nýta þau og hinna sem gera það ekki.

Mannúðlegt samfélag má þó aldrei gleyma skyldum sínum við að tryggja mannsæmandi kjör fyrir þá sem af ýmsum ástæðum hafa skerta möguleika til að skapa sín eigin örlög.

Þegar efnahagslegur ávinningur verður jafn hraður og raun ber vitni fer ekki hjá því að bilið milli þeirra ríkustu og þeirra fátækustu aukist. Þá er veruleg freisting fyrir stjórnmalamenn að slá sig til riddara í þær æðni með því að höfða til særðrar réttlætiskennar, án þess að kafað sé dýpra í orsakirnar, né hverji muni fórnar í viðleitni til að minnka bilið. Skattur á fjármagn er auðvelt skotmark. Launafólk er hinn mikli fjöldi kjósenda sem greiðir atkvæði í kosningum. Fjármagn greiðir sín atkvæði með fótunum. Þekkt eru dæmi um að stórir bankar hafi flutt sig milli heimsálfa, hvað þá skemur. Fyrirtæki sem sjá sér hag í hagstæðu skattaumhverfi komast fyrir í einni skjalatösku og flutningur á milli landa getur orðið með fáum markvissum skipunum á internetinu.

Það er því mikilvægt að horfa til samhengis hlutanna og forðast freistingu kosningaráttu til að slá sig til riddara á því sem vel hljómar, en getur beinast afar dýrkeypt almenningi í landinu. Skattkerfi og forgangsröðun í fjármálum ríkisins er eilífðarverkefni stjórnmalamanna. Skammsýnar ákvarðanir kunna að leiða til þess að svigrúm til forgangsröðunar verði lítið sem ekkert ef tekjustofnarnir eiga lögheimili sitt annars staðar.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

RITSTJÓRAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson **ADSTODARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Sigríður Björg Tómasdóttir og Trausti Hafliðason **FULLTRÚAR RITSTJÓRA:** Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvínsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Helgarferð til Kraká

Kraká

26. október

frá kr. 39.990

Aðeins örfá sæti laus

Verð kr. 19.990

Flugsæti með sköttum til Kraká, m.v. 2 fyrir 1 tilboð, út 23. eða 29. okt. og heim 26. okt. eða 2. nóv. Netverð á mann.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð á síðustu sætunum í 3 náttu helgarferð í beinu morgunflugi til Kraká 26. október. Borgin er friðlýst af UNESCO, enda býr hún að 1000 ára sögu sem helsta menningarborg Póllands og fyrrum höfuðborg. Griptu þetta frábæra tækifæri á ferð til þessarar einstöku borgar.

Verð kr. 39.990

Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi 26. okt. í 3 nætur á Hotel Wyspianski *** með morgunmat.



FRÁ DEGI TIL DAGS

Skapti eða Skafti?

Mikhaíl Gorbatsjov var með gott gigg í Háskólabíói á fimmtudaginn. Með í för var skóllóttur náungi sem fylgdi Gorba eins og skugginn, enda túlkur sovétleiðtogans fyrrverandi.



Túlkurinn er sláandi líkur þeim bræðrum Skapta og Skafta úr Tinnabókunum og væri hann með kúluhatt gæti hann umsvifalaust fengið hlutverk í næstu Tinnamynd. Á öllum myndum af Gorba í blöðunum var túlkurinn Skapti nálægur. Hann

stóð í ströngu á sviðinu í Háskólabíói þegar gestir létu spurningumigna og töluðu sumir um að gíggið hefði frekar átt að heita Stefnumót við túlk.

Ekkert mál fyrir ...

Íslenska landsliðið á ekki sjö dagana sæla og tapaði fyrir Svíum á þriðjudaginn. Strákarnir reyna þó ýmis trík til að stappa í sig stálinu og fóru saman í bíó kvöldið fyrir Svíaleikinn. Fyrir valinu varð myndin um Jón Pál og hefur baráttuandi kraftakarlins goðsagnakennda líklega átt að kveikja þjóðarstolt og víkingaæði í brjóstum landsliðsmanna. Í Smárabíói mátti sjá Heiðar, Eið og

strákana japla á poppi og drekka kók og skemmta sér vel yfir Jóni Páli, en allt kom fyrir ekki.

Frasar

Kastljósstjórnandinn Sigmar Guðmundsson heldur úti frísklegu bloggi á sigmarg.blogspot.com. Í nýlegri færslu talar hann um fimm frasa sem mættu hverfa á komandi kosningavetri. Full ástæða er til að taka undir þetta og hvetja stjórnmalamenn til meiri frumleika. Frasarinn sem Sigmar vill að hverfi eru „korterí fyrir kosningar“, „víka er langur tími í pólitík“, „það á enginn neitt í pólitík“, „við göngum óbundnir til kosninga“ og „að taka umræðu um eitthvað“, sem Sigmar tekur fram að bara Guðlaugur Þór Þórðarson noti. glh@frettabladid.is

Lífeyrissjóðagjain brúuð

Ég og jafnaldr mínir búum Elangflest við þau forrétindi að geta búist við því að þegar starfsævi okkar lýkur biði okkar drjúgur lífeyrir í sjóðum sem tryggir okkur áhyggjulaust ævkvöld. Við megum vera þakklát þeim sem komu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu í núverandi mynd. Fáar þjóðir eiga jafnstærka lífeyrissjóði eins og við og í þeim eru ávaxtaðir peningar lífeyrisþeganna sjálfra. Það er því bjart framundan hjá þeim sem eiga enn eftir tíu til fimmtán ár af starfsævinni. En vandi okkar er sá að það er nokkuð stór hópur aldraðra sem stóran hluta ævi sinnar átti takmarkaða möguleika á því að borga í lífeyrissjóð þannig að eitthvert gagn væri af. Við þurfum að finna leið til þess að brúa þetta bil þar til lífeyrissjóðirnir koma til skjalanna með sínar miklu eignir. Samkomulagið sem ríkisstjórnin gerði við eldri borgara í sumar var stórt skref í rétta átt og ástæða til að gleðjast yfir því. En við eigum að skoða hvort hægt sé að endurskipuleggja þessi mál þannig að ekki bara við sem eigum í vændum góða lífeyrissjóði séum sát, heldur líka þeir sem eru komnir á efri ár. Mig langar að stinga hér að tveimur hugmyndum sem gætu verið til bóta.

Margir aldraðir kvarta yfir því hversu mikið lífeyrisgreiðslurnar frá ríkinu skerðist ef fólk vill vinna áfram. Það er mikilvægt fyrir okkur öll að geta unnið. Vinnan er snar þáttur í lífi okkar allra því þar eigum við samneyti við vinnufélagana, vini og kunninga. Vinnan gerir okkur kleift að taka virkan þátt í samfélaginu og hún veitir mörgum ánægju og reisu. En það verður samt að vera réttur hvati til staðar, það er mjög letjandi ef



ILLUGI GUNNARSSON

Í DAG | Lífeyrissjóðir

hver króna sem maður vinnur sér inn dregst að hluta frá öðrum krónum sem maður á rétt á því að fá. Við sem yngri erum vitum vel hversu vond áhrif háir jaðarskattar hafa, það er ekkert öðruvísi með þá sem eldri eru.

Meðalaldr fer hækkandi og breyttir atvinnuhættir og betri heilsa gera okkur kleift að vinna lengur en áður ef við æskjum

Hvernig væri ef við hættum alfarið skerðingum vegna atvinnutekna?

Þess. Margir sem hafa náð 67 ára aldri hafa mikla starfsgetu og búa yfir mikilli þekkingu og reynslu. Þessa auðlind eigum við að nýta þjóðfélaginu öllu til gagns. Hvernig væri ef við hættum alfarið skerðingum vegna atvinnutekna? Lítum á greiðslur almannaþrygginga til eldri borgara sem tekjur, ef aldraðir vinna sér inn umfram það bæstist sú upphæð við það sem ríkið greiðir og síðan yrði lagður á skattur eins og hjá öðrum í landinu. Hagur þeirra sem ekki geta eða vilja halda áfram að vinna yrði ekki verri við þetta, ríkissjóður fengi í sinn hlut aukna skatta og ég er sannfærður um að þjóðfélagi myndi gagnast mjög á því að geta nýtt krafta og reynslu þeirra sem eldri eru. Ég held

reyndar að aukin atvinnuþátttaka eldri borgara væri ágætt mótvægi við þessa miklu æskudýrkun sem hér ríkir á stundum.

En auðvitað eru þeir margir sem komnir eru á efri ár sem annað hvort geta ekki unnið meira eða einfaldlega vilja ekki vinna meira. Eins er til kominn hópur aldraðra sem hefur það mjög gott og í þeim hópi mun fjölga jafnt og þétt á næstu árum. En það er hópur aldraðra sem býr við kröpp kjör og erfiðar aðstæður og við þurfum að brúa bilið hjá þeim þangað til lífeyrissjóðirnir taka við. Ég hef ekki nákvæma útfærslu á því hvernig best er að leysa það mál, hún mun kosta peninga, en það er tvennt sem þarf að vera til staðar til þess að lausnin verði farsæl. Í fyrsta lagi þarf þessi lausn að vera tímabundin, hún verður að falla úr gildi á þeim tíma sem lífeyrissjóðirnir eru orðnir nógu sterkir. Í öðru lagi verður lausnin að beinast að þeim hópi aldraðra sem hefur minnstar eignir og minnstar tekjur. Við eigum að hjálpa þeim sem hjálpar eru þurfi en öðrum ekki. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er ekki einfalt mál. Aðgerðir sem ætlað er að vera tímabundnar verða gjarnan vananlegar og þrátt fyrir góðan vilja renna peningarnir oftar en ekki til þeirra sem þurfa minna á þeim að halda. En það að þetta sé erfitt þarf ekki og á ekki að þýða að það sé ómögulegt. Það er hægt að byggja á samkomulaginu sem ríkisstjórnin gerði í sumar og það auðveldar okkur leikinn hversu fámenn þjóðin okkar er. Það er vel hægt að sniða lausnir þannig að þær komi til móts við nákvæmlega þá sem þess þurfa, í þann tíma sem þess þarf. Um það skal vera hægt að ná viðtækri sátt meðal stjórnmalamanna jafnt sem almennings.

Afnám tolla besta þróunaraðstoðin

UMRÆÐAN

Hvernig þróunaraðstoð?

Íræðu sem Valgerður Sverrisdóttir Lutanríkisráðherra flutti á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í lok september kynnti hún aukin framlög íslenska ríkisins til þróunarmála. Hér í Fréttablaðinu hefur farið fram fjörug umræða að undanfögnu um gagnsemi slíkrar þróunaraðstoðar. Rannsóknastofnun um samfélags- og efnahagsmál (RSE) hefur tekið eftirtektarvert frumkvæði í þeirri umræðu. Það sýnir nauðsyn og mikilvægi þess að hafa slíkar sjálfstæðar stofnanir óháðar fjárveitingavaldi ríkisins, stjórnmalaflokki og hagsmunasamtökum.



SIGRÍÐUR Á. ANDERSEN

Vesturlönd setja mjög mikla fjármuni í þróunaraðstoð þótt kallað sé eftir meiru eins og til flestra annarra málaflokka. Það er sjálfstæð umræða hvort og þá hve mikið gagn eða ógagn slík fjárframlög gera. Það blasir þó við að slík framlög frá einni ríkisstjórn til annarrar hljóta að hafa sömu agnúa og önnur ríkisafskipti, ekki sist ef stjórnvöld í viðtökulandinu lúta ekki reglum og aðhaldi lýðræðisins. Það er því miður hlutskipti marga íbúa þróunarlöndu að búa við ólýðræðislegt stjórnarfar og er það oft stór hluti af skýringunni á báguum hag landsmanna.

Við eigum hins vegar einnig kost á því að rétta þróunarlöndunum hjálparhönd án þess að það kosti okkur bein fjárútlát. Raunar bendir flest til þess að við myndum líka hafa hag af því.

Íslenska ríkið leggur tolla á vörur sem koma frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Það beinir með öðrum orðum fólk frá því að kaupa vörur frá þróunarlöndunum og raunar einnig iðnvæddum löndum eins og Bandaríkjunum og Japan. Þetta þýðir að hvorki íslenskir neytendur né framleiðendur í þróunarlöndunum njóta þess ávinnings sem hindrunarlaus viðskipti milli þeirra gætu gefið. Íslensk barnafjölskylda sem kaupir leikföng stendur frammi fyrir því að kaupa evrópsk leikföng sem bera engan toll eða til dæmis suður-amerísk sem bera 10% toll. Borðlampi sem kemur utan EES-svæðisins ber 10% toll og 15% vörugjald en evrópskur lampi einungis vörugjald, sem er auðvitað ærið. Hinn há virðisaukaskattur sem leggst ofan á í öllum tilvikum ykir verðmuninn svo enn frekar.

Það nær ekki nokkurri átt að framleiðslu þróunarlöndanna sé haldið frá mörkuðum Vesturlöndu með þessum hætti.

Höfundur er lögfræðingur og býður sig fram í 5. – 7. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.

Forvarnarmargurinn og jafnrétti

UMRÆÐAN

Velferð barna

Fyrir nokkru var Forvarnarmargurinn haldinn. Margurinn var hvatning fyrir foreldra að styðja enn betur við börnin sín. Rannsóknir sýna að börnum sem búa ekki hjá báðum foreldrum eru um tíu sinnum hættara við að fara afvega í lífinu, samanborið við börn hjóna og sambúðarfólks. Það er varlega áætlað að eitt af hverjum fimm skilnaðarbörnum fari villur vegar í lífinu. Það er því ekki óeðlilegt að á Forvarnarmargi Íslands sé staða þessara barna sérstaklega skoðuð.

Í bókinni „Skilmissa börn berätta“ eða „Skilnaðarbörn segja frá“ frá árinu 2002 fjalla sænsku hjónin Bente og Gunnar Öberg um afdrif barna sem höfðu jafna búsetu hjá foreldrum eftir skilnað foreldra. Rannsóknin stóð í yfir 20 ár. Niðurstaðan var sláandi. Einungis eitt af þeim 50 börnum, sem fylgst var með, hafði farið illa afvega í lífinu. Fimm önnur höfðu tímabundið lent í minniháttar vandamálum, en voru öll fjölskyldufólk í góðri stöðu við lok rannsóknarinnar. Ályktun Öberg-hjónanna var skýr eftir þessa rannsókn: Látum búsetu barna vera sem jafnasta hjá báðum foreldrum eftir skilnað. Öberg-hjónin bentu á að í slíku fyrirkomulagi hefðu allir áfram hlutverk, hvorugt foreldrið er tapari í skilnaðinum og börnin njóta áfram ríkra samvasta við báða foreldra. En báðir foreldrar hafa einnig ríkan tíma til að byggja upp sitt eigið líf. Þannig eru foreldrar betur á sig komin að takast á við foreldrahlutverkið þá viku sem barnið er hjá þeim. Mikilvægt er að foreldrar búi í sama hverfi og að samkomulag sé gott. Raunar sýna rannsóknir að í slíku fyrirkomulagi hjaðna fyrir skilnaðardeilur foreldra. Langflestum í úrtaki Öberg-hjónanna fannst þetta gott fyrirkomulag og myndu einnig vilja slíkt fyrirkomulag fyrir sín börn ef þau lentu í skilnaði við sinn maka. Margar aðrar rannsóknir styðja niðurstöðu Öberg-hjónanna. Foreldrajafnrétti eru því bestu hagsmunir barnanna og besta forvörnin, einnig eftir skilnað foreldranna.

Á Íslandi eru um 4.000 börn í hverjum árgangi. Af þeim eru um 1.100 börn sem greitt er meðlag með, þar sem kynforeldrar búa ekki saman. Ef eitt af hverjum fimm skilnaðarbörnum á Íslandi fer afvega þá eru það 220 af 1.100 börnum í árgangi. Ef það er einungis eitt af hverjum 50 eins og reyndin var samkvæmt rannsóknunum Öberg-hjónanna, við jafna búsetu, þá fækka þessum ógæfueinstaklingum úr 220 í 22 börn í hverjum árgangi. Þetta þýddi að 200 börnum á Íslandi í hverjum árgangi myndi vegna betur!

Forvarnarmargurinn skilgreinir réttilega að bestu hagsmunir barna eru rúmur tími foreldra með þeim, ásamt því að börn stundi íþróttir og æskulýðsstörf. Það er aldrei mikilvægara en þegar til skilnaðar kemur að báðir foreldrar séu áfram uppalendur barna sinna. Það þarf að koma þeirri meginreglu á að barn geti átt lögheimili á tveimur jafnrétt háum heimilum. Það er ögrun samfélagsins að tryggja öllum börnum jafnan rétt til foreldra sinna, enda sé það ekki andsætt hagsmunum þeirra. Það er besta forvörnin fyrir þennan hóp barna sem eru í mestri hættu á að fara afvega í samfélaginu.

Það er full ástæða til að óska aðstandendum Forvarnarmargis til hamingju með mjög þarft framtak.

Höfundur er markaðsstjóri og formaður Félags ábyrgra fedra.

Álit mitt á Ómari og óvininum hans

UMRÆÐA

Barátta Ómars Ragnarssonar

Öllum sæmilega upplýstum Íslendingum er nú ljóst að Ómar Ragnarsson hefur lagt allt sem hægt er að leggja í sölnarar sjálf og komandi kynslóðir. Þessi framsýni fullhugi og hugsjónamaður hefur ekki aðeins greitt fyrir baráttuna með öllum eignum sínum. Hann hefur líka tekið stóran lán, til að halda lengur út, því hann veit að það skilar sér. Fórn Ómars og Helgu, konu hans, á eftir að verða skráð á spjöld sögunnar, sem barátta mikilmenna fyrir

umhverfinu og þar með fyrir betra lífi á jörðinni. Nú eru þau komin á efri ár og eignalaus með öllu. Það er þjóðinni ekki sæmandi að vera einungis þiggjandi í þessum efnunum.

Á næstunni mun ég gera grein fyrir mikilvægi Ómars í nútíð og framtíð. Fólk sem nú reynir að gera lítið úr Ómari á síðum blaðanna viðrar skoðanir á heiðarlegan hátt, því það kemur fram undir nafni. Í mínum huga eru það myrkraöfl sem, í skjóli leyndar,



ALBERT JENSEN

ráðast að Ómari og vísindamönnum sem upplýsa þjóðina um tilteknar hættur. Aldrei hefur þjóðin verið látin fórn svo miklu, fyrir svo fáa. Eftir nokkur ár sér djúpbörnun okkur fyrir rafmagn. Framtíðin er nýting sjávarfalla og sólarorku. Því má ekkert gera sem ekki er afturkræft. Í dag er land fyrir rafmagn ótrúleg skamm-

sýni og sérstaklega sé það notað fyrir eitursúandi stóriðju-skrimslu. Í mínum huga er Ómar þjóðhetja, en ofsóknir óvina hans í

Fórn Ómars og Helgu, konu hans, á eftir að verða skráð á spjöld sögunnar sem barátta mikilmenna fyrir umhverfinu.

hulduheimum minna á hvernig maðían starfar. Óvinir hans eru líka óvinir þjóðarinnar. Það ættu allir að sjá. Verum þjóðholl og styðjum Ómar Ragnarsson.

Stofnaður hefur verið reikningur til stuðnings Ómari í Landsbankanum nr. 0120-05-075486

Höfundur er trúsmíðameistari.

NÁMSKEIÐIÐ

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Okkar vinsælasta nám, Stjórnendur framtíðarinnar, er markviss stjórnenda- og leiðtogaþjálfun sem yfir tvö hundruð stjórnendur hafa sótt á undanförunum árum. Í náminu taka þátttakendur alþjóðleg stjórnendapróf og vinna að margvíslegum verkefnum sem miða að því að efla þá sem leiðtoga og forystumenn.

Námið skiptist í eftirfarandi hluta

- Stjórnandinn og stjórnunarhæfileikar, stjórnendamát og sjálfsskoðun.
- Viðtöl og skilvirk endurgjöf.
- Streitu-, álags- og tímastjórnun.
- Framkoma, tjáning og ræðumennska.
- Kúnstin að taka ákvörðun.
- Árangursríkt samstarf (hópstarf).
- Mannauðsstjórnun – að stjórna fólki.
- Skapandi hugsun.
- Hlutverk stjórnandans: Breytingastjórnun.
- Stjórnun í alþjóðaumhverfi.
- Stöðumat, stjórnendaleikur og námsslit.

Áherslur í þjálfun hjá CAPACENT

- Þjálfunin sé hagnýt og taki mið af þeim aðstæðum sem þátttakendur þekkja
- Þátttakendur fái þjálfun í þeim þáttum sem verið er að kenna
- Efnistöð séu í tengslum við íslenskan raunveruleika

Námið hefst í Reykjavík 26. október í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og á Akureyri 16. nóvember í samstarfi við Símenntun Háskólans á Akureyri.

Lengd: 90 klst.

Verð: 300.000 kr.

Skráning og nánari upplýsingar á www.capacent.is, namskeid@capacent.is eða í síma 540 1000.

Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:

- Yfirgripsmikil þekking, þjálfun og skilningur á stjórnun og hlutverki stjórnenda.
- Aukin hæfni þátttakenda við stjórnun fólks.
- Aukið öryggi þátttakenda um eigin stjórnunaraðferðir og framkomu.
- Aukinn skilningur þátttakenda á eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á fólk.
- Tengslanet við aðra stjórnendur.

capacent



AGATHA CHRISTIE (1890-1976)
FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI.

„Fornleifafræðingar eru
bestu eiginmenn sem
kona getur hugsað sér.
Eftir því sem hún eldist
eykst áhugi hans á
henni.“

Spennusagnahöfundurinn er
þekktastur fyrir bækurnar um
Belgann sjálfbirginslega
Hercule Poirot.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 15. OKTÓBER 1946

Göring stýttir sér aldur

Á þessum degi árið 1946 framdi Hermann Göring, yfirmaður þýska flughersins og stofnandi Gestapó, leynilöglegu þýska ríkisins, sjálfsmorð.

Göring kynntist Adolf Hitler árið 1922 og gekk þá strax til liðs við Nasistaflokkinn. Eftir mishæppnaða valdarástíllraun Hitlers ári síðar særðist Göring alvarlega og flúði til Austurríkis en varð eftir það háður verkjalyfjum. 1930 útnefndi Hitler hann pólitískan ráðgjafa sinn. Fljótlega eftir að Hitler komst til valda spilaði Göring stórt hlutverk í að koma upp útrýmingarþáttum fyrir pólitíska andstæðinga Hitlers.

Hinn 8. maí árið 1945 var



HERMAN GÖRING

Göring handtekinn af bandarískum hermönnum. Í fangabúðum nálægt landamærum Lúxemborgar varð hinn akfeti Göring að fara í afeitrun og megrun. Í október 1945 var hann ákærður fyrir stríðsglæpaldómstólum í Nürnberg sem hæstsetti nasistinn.

1. október árið 1946 var hann fundinn sekur af öllum ákæruatriðum og dæmdur til dauða með hengingu. Hinn 15. október, aðeins nokkrum klukkutímum áður en fullnægja átti dóminum, framdi Hermann Göring sjálfsmorð með því að gleypa blásýrutöflu.

MERKISATBURÐIR

- 1945 Pierre Laval, leiðtogi Vichy-stjórnarinnar í Frakklandi, er tekinn af lífi fyrir landráð.
- 1955 Nóbelsverðlaunahafinn William Faulkner les úr óbirtri skáldsögu sinni á samkomu í Háskóla Íslands.
- 1975 Fiskveiðilögsagan er færð út í 200 sjómílur. Deilum við Breta lýkur með samningum sumarið 1976.
- 1979 Ríkisstjórn Benedikts Gröndal tekur við völdum og situr í tæpa fjóra mánuði.
- 1990 Mikhail Gorbatsjov hlýtur friðarverðlaun Nóbels.
- 1998 Um sex þúsund Íslendingar halda dagbók á Degi dagbókarinnar.



Elsku móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

Borghildur Ásgeirsdóttir

áður til heimilis að Blikahólum 2, Reykjavík,

verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju þriðjudaginn 17. október kl. 13.00.

Reynir Ásgeirsson Björg Rósa Thomassen
Baldur Gunnarsson
Gunnhildur Gunnarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.



Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

María Stefánsdóttir

Dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri,

lést 7. október. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 17. október kl. 13.30.

Sigurbjörg Ólafsdóttir Hilmar Tryggvason
Albert K. Ólafsson Björk Björgvinsdóttir
Guðrún Ólafsdóttir
Lilja R. Ólafsdóttir
Stefán K. Ólafsson Gerður Árnadóttir
Ellert M. Ólafsson Arnfríður A. Sigurgeirsdóttir
ömmu-, langömmu- og langlangömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Halldór Þorvaldur Ólafsson

Hverfisgötu 121, Reykjavík,

andaðist á Landspítala, Landakoti, 12. október síðastliðinn. Jarðarför auglýst síðar.

Ingibjörg Aðalheiður Gestsdóttir
Sigriður G. Halldórsdóttir Halldór V. Guðmundsson
Gestur Halldórsson Marta Lunddal Friðriksdóttir
Magnús Halldórsson María Hlinadóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Bernharður Guðmundsson

fyrirverandi þingvörður,

verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Reykjavík miðvikudaginn 18. október kl. 13.00.

Guðjón Hafsteinn Bernharðsson Helga Jónsdóttir
Guðmundur Bernharðsson Svanhildur Jónsdóttir
Eggert Þór Bernharðsson Þórunn Erla Valdimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



PÁLMI STEFÁNSSON Eigandi Tónabúðarinnar hefur kynnst mörgum tónlistarmönnum á árunum fjörutíu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÖRLYGUR HNEFILL

PÁLMI STEFÁNSSON: TÓNABÚÐIN Á AKUREYRI FERTUG Í DAG

Aldrei farið á hausinn

Tónabúðin á Akureyri er fjörutíu ára í dag. Búðin var stofnuð hinn 15. október 1966 af Pálma Stefánssyni, sem rekur búðina enn þann dag í dag.

„Okkur finnst þetta býsna merkilegt því við höfum aldrei farið á hausinn. Við vorum að velja því fyrir okkur hvort það væru margar verslanir í landinu sem væri svona ástatt með. Við fundum einn aðila á Akureyri sem var búinn að vera lengur, Pétur gullsmíð,“ segir Pálmi Stefánsson.

Pálmi segir búðina aldrei hafa verið nálægt því að leggja upp laupana. „Fyrstu árin hafði ég ansi lítil laun og sum árin hef ég haft ansi lítill laun. Þegar harðnar á dalnum hef ég lækkað launin mín. Auðvitað hafa stundum

komið tímar sem hafa verið erfiðir en þetta hefur aldrei staðið tæpt,“ segir hann.

Í tilefni af afmælinu voru uppákomur bæði í versluninni á Akureyri og í Skipholti í Reykjavík í gær. Halli Reynis og Sixties voru á meðal gesta í Reykjavík en á Akureyri spiluðu Björn Þórarinnsson, PKK, Hvítir mávar og Nevolution.

Aðspurður játar hinn sjötugi Pálmi að mikið hafi breyst síðan hann byrjaði fyrst með búðina fyrir fjörutíu árum. „Þegar ég byrjaði var ég fyrst og fremst með hljómplötur. Síðan var ég lítilllega með hljóðfæri en fór síðar í hljómfletningstæki, sjónvörp og vídeó. Eftir kannski tíu ár hætti ég því

og fór alfarið í hljóðfærin og það sem þeim fylgir,“ segir Pálmi, sem jafnframt starfrækti hljómplötuútgáfu á tímabili. Gaf hann út um fimmtíu til sextíu titla, m.a. fyrstu plötu Björgvins Halldórssonar, Þó líði ár og öld, Lifum með Trúbroti og einu plötu Flowers.

„Þetta er búið að vera voða gaman. Maður kynntist flestum af þessum eldri hljóðfæraleikurum sem voru í þessum hljómsveitum þá. Mörgum hefur maður haldið sambandi við síðan þá. Þetta eru yfirleitt vinir og kunningjar, sem er voða gott,“ segir Pálmi, sem seldi m.a. Ingimar heitnum Eydal sitt fyrsta hljómborð fyrir hljómsveit sína árið 1966.

freyr@frettabladid.is

LEGSTEINAR
OG FYLGIHLUTIR
Í MIKLU ÚRVALI



Steinsmiðjan **MOSAÍK**
Harranshóla 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



BLISSA

Fyrsta
opnunarhelgin!

JÓLAÚTSÖLU MARKAÐUR



50-90% AFSLÁTTUR

Hver sagði að jólin gætu ekki byrjað í október!

Komið og gerið góð kaup. Mikið úrval af fallegu jólaskrauti í öllum stærðum og gerðum fyrir heimilið jafnt sem verslanir og vinnustaði.

Missið ekki af þessu einstaka tækifæri!!!

FELLSMÚLA 28

(Gamla World Class húsið)

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ KLUKKAN 11-19



~~14%~~ ~~24,5%~~
virðisaukaskattur

verður

70%



ÖLL MATVÆLI

KRÓNAN
ALLTAF BETRA VERÐ

LÆKKUM STRAX

virðisaukaskatt
af öllum matvælum!

Gildir: **laugardag og sunnudag**

FINNDU MUNINN NÚNA

Lækkum strax virðisaukaskatt af öllum matvælum úr 14% og 24,5% í 7% eins og ríkisstjórn ætlað að gera á næsta ári. Gildir 13., 14. og 15. okt. 2006. Að sjálfsgöðu skilar Krónan virðisaukaskatti miðað við núgildandi lög til ríkisins.



Ég var 18 ára þegar ég fór sem skiptinemi til Ástralíu. Ég féll strax fyrir landi og þjóð þannig að þegar ég kom heim var ég ákveðin í því að ég myndi fara þangað aftur," segir Marín, sem fór í þriggja mánaða bakpokaferðalag um landið í sinni annari heimsókn þangað en á meðan hún flakkaði um þetta víðáttumikla land var hún þegar farin að ihuga enn lengri dvöl þar.

„Mig langaði í frekara nám í Ástralíu og var að vinna hjá Tali hérna heima þegar ég ákvað að láta verða af því og fór í Queensland University of Technology. Ég var búin að kynna mér skólann vel áður. Þetta er virtasti viðskiptaháskólinn í Queensland-riki og valdi hann vegna þess hversu mikil og góð tengsl hann hefur við atvinnulífið. Öll stærri verkefni sem nemendur vinna eru gerð fyrir raunveruleg fyrirtæki og það heillaði mig.“

Marín er viðskiptafræðingur frá skólanum og sérhæfði sig í mannaússtjórnun og samskiptafræðum. Hún fór beint heim til Íslands að námi loknu árið 2004 og þurfti þá að finna sér eitthvað að gera.

„Ég hef alla tíð verið ákveðin í því að vera með eigin rekstur en vissi samt aldrei nákvæmlega hvað ég vildi gera. Ég fór að hugsa út í þetta úti í Ástralíu en var enn óákveðin þegar ég kom heim. Ég var samt búin að gera viðskiptamódelið, leggja niður fyrir mér hvernig ég myndi gera þetta og var með nokkuð skýra hugmynd um hvað Practical ætti að vera og gera. Ég var samt enn að þæla í meira námi en ákvað svo bara að kýla á þetta.“

Alltaf nóg að gera

Practical er ferðaskrifstofa sem leggur sérstaka áherslu á hvataferðir innanlands og utan, hópefli, viðskiptaferðir, ráðstefnu- og vörusýningaferðir og tekur að sér að skipuleggja veislur, móttökur og aðrar uppkomur.

„Við gerum mikið af því að byggja upp starfsandann hjá fyrirtækjum og tökum þá fólk oft úr sínu venjulega umhverfi og fáum það til að vinna saman undir öðrum kringumstæðum. Þar nýtist ferðaskrifstofan vel og við leigjum stundum heilu vélarnar þegar við förum í hvataferðir út í heim.“

Marín leggur mikið upp úr hóp-efflisstarfinu og hefur fjölda reyndra leiðbeinenda á sínum snærum. „Það breytir engu hvort mórallinn í fyrirtækjum er góður eða slæmur. Það er alltaf hægt að vinna með hann og það þarf alls ekki neitt að vera að til þess að fyrirtæki leiti til okkar. Starfsfólkið er mesti auður fyrirtækisins; án þess gerir fyrirtækið nákvæmlega ekki neitt.“

Marín segir Practical hafa gengið vel frá upphafi og hún hafi alltaf nóg að gera. Nú síðast vann hún til dæmis náid með skipuleggjendum Alþjóðlegu kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík og sá um öll veisluhöld og móttökur fyrir hátíðina.

Jaðarsport í frístundum

Frístundir Marínar hafa ekki verið margar eftir að Practical fór af stað en þegar hún hefur lausan tíma stundar hún hin ólíklegustu jaðarsport og nýtur þess að láta adrenalíníð streyma um æðarnar. „Þegar ég bjó í Ástralíu byrjaði



KAFARINN Á meðan Marín bjó í Ástralíu fór hún að stunda jaðarsport af miklum móð og eyddi frítíma sínum meira og minna í kafi við strendur Ástralíu en þar leynist ævintýraheimur. Hún hefur ekki komist í kafi í kringum Ísland en er alltaf á leiðinni.

Ævintýraþráin vaknaði í óbyggðum Ástralíu

Marín Magnúsdóttir lætur fátt stöðva sig, hvorki í starfi né leik. Þegar hún kom heim úr háskólanámi í Ástralíu stofnaði hún ferðaskrifstofuna og þjónustufyrirtækið Practical og hefur haft nóg að gera frá fyrsta degi. Þær fáu tólmstundir sem hún á notar hún til að hlaupa og klifra og kann best við sig í bóla-kafi við kóralrif eða í frjálsu falli í háloftunum. **Pórarinn Pórarinnsson** ræddi við hana um mannaúðs og áhættusport.

ég að stunda fallhlífarstökk, köfun og klettaklifur. Fallhlífarstökk þar sem maður er í frjálsu falli í 60 sekúndur er mesta adrenalínkikk sem ég hef fengið. Ég fæ rosalega mikið út úr stökkinu, spennan byrjar að hlaðast upp áður en maður fer af stað og nær hámarki þegar maður tekur stökkið.“

Marín segist alltaf hafa verið ævintýragjörn en hún hafi þó verið rólegt barn þar sem hún ólst upp á Hólmavík. „Ég byrjaði seint að ganga og mamma hafði stundum áhyggjur af því að ég væri of róleg. Ég var samt mikið á skíðum og skautum en fór mér aldrei að voða.“



Þá sjaldan að ég verð hrædd hugsa ég bara með mér að ef illa fari þá hafi þetta átt að enda þannig.

Þetta breyttist svo heldur betur í víðáttum Ástralíu þar sem ævintýraþráin fékk loks almennilega útrás. „Mér finnst ég samt aldrei vera að taka neina sénsa og hvorki vera að ögra sjálfri mér né örlög-unum. Þá sjaldan að ég verð hrædd hugsa ég bara með mér að ef illa fari þá hafi þetta átt að enda þannig.“

Alltaf á hlaupum

Marín er á stöðugum þönunum þannig að fallhlífarstöckið og köfunin hafa setið á hakanum undanfarið. „Ég hef ekkert kafað á Íslandi en mun örugglega gera það við tækifæri. Það er auðvitað ger-

ólíkt því að kafa við Ástralíu en þegar ég var ekki að læra var ég í kafi. Það var ótrúlega gaman enda bjó ég á besta stað í heimi fyrir köfun að mínu mati en það liggur alger undraheimur undir sjávarborðinu við Ástralíu.“

Þrátt fyrir annríkið gefur Marín sér helst tíma til að hlaupa á hverjum degi. „Ég hleyp mikið og fer yfirleitt af stað klukkan sex á morgnana. Þetta byrjaði allt í Ástralíu; köfunin, klifrið og fallhlífarstöckið. Þar fór ég líka fyrst að hlaupa fyrir alvöru en er orðin alveg háð hlaupinu núna og finnst ég vera ómöguleg ef ég get ekki byrjað daginn á hlaupum.“ ■

Stokkið eftir lögum og kúnstarinnar reglum

Spennufíklar og aðrir þeir sem vilja stunda það að kasta sér út úr flugvélum yfir Íslandi verða að beygja sig undir reglugerð frá samgönguráðuneytinu enda láta stjórnavöld sig flest það varða sem fólk tekur sér fyrir hendur.

Reglugerðinni, sem er frá árinu 1976, er fyrst og fremst ætlað að tryggja öryggi þeirra sem stunda fallhlífarstökk sem skemmtun enda tekur hún til þess „þegar stökkið er úr loftfari án þess að um neyðartilvik sé að ræða.“

Reglugerðin kveður á um að eigi megi „stökkva fallhlífarstökk nema stökkvarinn hafi tvær fallhlífar tengdar sömu ólum. Varafallhlífir skal vera af viðurkenndri gerð og tengsl hennar við ólar aðfallhlífarinnar mega engin áhrif hafa á hana að neinu leyti.“

Öryggið er því tvöfalt og þeir sem ekki hafa gilt



skírteini sem gefið er út í samræmi við reglur Federation Aeronautique Internationale mega ekki stökkva án leyfis frá flugmálastjórn. Þá er óheimilt að stökkva „fallhlífarstökk í flugstjórnarrými nema hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild hafi í hverju tilviki veitt samþykki sitt fyrst.“

Reglur kveða einnig á um að flugsjóri loftfars sem notað er fyrir fallhlífarstökk

skuli hafa skráða að minnsta kosti 200 flugtíma og vera viðkurkenndur til starfars af ábyrgum aðila í fallhlíflaklúbbum eða af yfirflugsjórum flugrekandans. „Enn fremur skal stökkstjórn hafa kynnt flugsjóranum hvernig fljúga skal loftfari þegar það er notað fyrir fallhlífarstökk.“

Þegar gengið hefur verið úr skugga um að allt þetta sé á hreinu ætti fátt að geta farið úrskeiðis og þá er ekkert eftir annað en að spenna á sig hlífarnar tvær og stökkva.





ÁNÆGÐUR HÓPUR Brynja, Valdís og Erlingur eru hér stödd á skrifstofu kraftakonunnar Patricíu í rúmlega fjörutíu gráða hita en hún hefur barist fyrir tilveru leikhúss síns í tuttugu ár og loks sér hún árangur með nýjum lögum til eflingar leikhúsa og ferðamennsku í Kólumbíu.

Ferðir Guðríðar í Kólumbíu

Brynja Benediktsdóttir fór til Santa Marta í Kólumbíu nú í haust til að sýna verk sitt The Saga of Gudridur en Valdís Arnardóttir lék einleikinn. Brynja sagði Sigríði Hjálmarsdóttur frá því sem hæst stóð úr ferðinni en hópurinn frá Íslandi var undir vernd hersins vegna gríðarlegrar glæpatíðni í Kólumbíu.

Þetta var alveg yndisleg ferð og algjörlega allt öðruvísi umhverfi en maður er vanur. Til dæmis þessi mikli hiti, sem er þó ekki eins óþægilegur og í stórum borgum í Evrópu vegna þess að þetta er við Karíbahafið,“ segir Brynja og bætir við: „Lífið þarna er tiltölulega auðvelt út af loftslaginu enda þarf fólk ekki mikil fót heldur bara þak yfir sig til að verjast mikilli sól og rigningu.“

Teymið sem fór með Brynju til Kólumbíu var leikkonan Valdís Arnardóttir, Erlingur Gíslason, sviðsmaður og fararstjóri, Björn Gunnlaugsson tæknimaður og Ingvar Þórisson kvikmyndatökumaður. Auk þess að sýna verkið í Kólumbíu hóf teymið undirbúning að heimildarmynd um Ferðir Guðríðar í tvöföldum skilningi. Annars vegar um söguhetjuna sjálfa og hins vegar um sýninguna, sem nú þegar er búið að sýna víða um heim á fimm tungumálum.

„Við vorum tæpa fjörutíu klukkutíma á leiðinni frá Íslandi til Santa Marta í Kólumbíu enda þurftum við að millilenda í New York og Panama-borg,“ segir Brynja og bætir því við að þrátt fyrir að Santa Marta sé öruggasta borgin í Kólumbíu séu um fimmtíu morð framin þar á mánuði en íbúafjöldinn er um 300.000 manns.

Gæti verið algjör paradís

„Sýningin okkar gekk rosalega vel en við fylltum 700 manna leikhús og blönduðum geði við fólkið með alls kyns látbragði, enda skildu fæstir ensku. Sýningin var á ensku en hún er það myndræn að fólk gat auðveldlega fylgst með þrátt fyrir að skilja ekki hvað sagt var.“

Íslenski hópurinn tók þátt í skrudgöngum og dansaði um göturnar með heimamönnum, sem flestir eru sárafátækir og almennt atvinnulausir. „Það voru samt allir alveg ótrúlega glaðir og kátir og reyndu að selja allt sem þeir gátu; sigarettur, kaffi úr brúsum, nokkrar mínútur í farsíma og meira að segja gengu atvinnulausar hjúkrunarkonur um og mældu blóðþrýsting veg-

farenda fyrir 30 krónur,“ segir Brynja, sem varð ekki vör við neitt eiturfjáraeiti, þrátt fyrir að gríðarleg eiturfjáraframleiðsla sé í Kólumbíu.

„Almenningur er raunar mjög á móti notkun eiturfjára og sárnar þar það óorð sem liggur á landinu en eiturfjarasala og smygl eru á lokuðum bágörðum uppi í landi og varin af hinum ýmsu herjum. Þar ríkir geysileg siðspilling, rán

og morð ríkja þar og stjórnarherinn ræður ekki við neitt, enda talinn spilltur sem aðrir herir.“

Brynja segir áður fyrr hafa verið mikið um gíslatökur og rán á útlendingum en stríðsherrar hafi nú sameinast um að láta útlendinga í friði til að koma betra orði á þetta land, sem gæti orðið paradís fyrir fólk vegna fegurðar, landsgæða og veðurfars.



MYNDAÐ Í MANNMERGÐ Ingvar og Björn stilltu sér upp í fólksfjöldanum og mynduðu fyrir heimildarmyndina um Ferðir Guðríðar.



LAGT UPP Í FERÐ Hópurinn saman kominn hjá Skemmtihúsinu við Laufásveg á leið til Suður-Ameríku með Guðríði í farteskinu.

Gæða Dupen rúm á vaxta-lausum kjörum

- Hágæða efni með 100% bómull
- Sérstaklega löguð rúm fyrir bakveika
- Þýskt gæða gormakerfi
- Í hverju rúmi eru allt að 416 gormar
- Efnin í rúminu eru sérstaklega ofnæmisprófuð

Vaxtalaust tilboð!

ORTOPEDICA 150X200

5.100^{kr}*

á mán. í 13 mánuði

Staðgreitt 66.300,-

*Stimpil-, seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

Fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á Akureyri



HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Beavor er erkitýpa hins breska fræðimanns, bæði í útliti og fasi. Hæfilega kurteis og þægilegur í viðmóti, liggur ekki á skoðunum sínum og notar orð á borð við „load of rubbish“ til að afgreiða þá sem hann er ósamála. „Viltu bjór?“ spyr Beavor og fær sér sjálfur einn þótt viðmælandinn afþakki. Fær sér sopa og kveikir í sigarettu og er reiðubúinn að hefja samtalið.


„Það er heilmikið við fall Berlínar sem snertir okkur ennþá í dag,“ segir hann. „Ekki aðeins markaði það lok seinni heimsstyrjaldar og upphaf kalda stríðsins, heldur líka upphaf tímabils þar sem vandamál sem lutu til dæmis að þjóðernishyggju og ólíkum þjóðarbrotum innan sömu landamæra voru sett í spennitreyju. Við hrún kommúnismans losnaði um hana. Þá fór Bush Bandaríkjaforseti hins vegar að tala um „hina nýju heimskipan“ og fræðimaðurinn Francis Fukuyama um „enda-lok sögunnar“. Sem kom svo í ljós að var auðvitað þvættingur. Nær hefði verið að tala um hina nýju heimsóreiðu, því hinn tilbúni stöðugleiki kalda stríðsins sló á frest öllum vandamálum tengdum þjóðernishyggju og við það erum við að kljást í dag.“

Viðurstygð stríðsins

Fall Berlínar er beint framhald af bók Beavor um orrustuna um Stalíngrad, sem fékk mikið lof þegar hún kom út árið 1998. Hann byrjaði á bókinni fljótlega eftir að sú fyrri kom út og segist hafa komið snemma auga á að margt sameiginlegt var með orrustunum. „Ég ræddi við Þjóðverja sem hafði verið handtekinn í Stalíngrad og sem hann var leiddur út úr borginni benti rússneskur ofursti honum á rústir borgarinnar og sagði: „Lítu á. Svona mun Berlín líta út.“ Þetta sást líka á veggjakrotinu á þinghúsinu í Berlín þar sem stóð: „Frá Stalíngrad til Berlín.“ Þessar orrustur eru tvímæla-laust tengdar, sitt hvor hliðin á sama peningnum svo að segja.“

Nánast tilviljun réði því að Beavor réðst í ritun bókanna. „Ég átti ekki hugmyndina að Stalíngrad, alls ekki. Ég ætlaði að skrifa bók um félagslegar sviptingar í Bretlandi á 10. áratugnum í ljósi falls kommúnismans, alþjóðavæðingar, internetsins og fleira. Hins vegar þurfa að líða 50 ár í viðbót áður en sagnfræðingar geta sett þá atburði í samhengi og ég átaði mig á – eða útgefendur mínir öllu heldur – að bókinn yrði svo gott sem úrelt þegar hún kæmi út. Útgefendurnir gauðuðu hins vegar að mér hugmyndinni að bók um Stalíngrad. Sannast sagna hryllti mig við tilhugsuninni. Ég vissi að þetta krefðist þriggja til fjögurra ára vinnu í rússnesku skjalasöfnunum, án þess að ég hefði hugmynd um hvort ég fyndi það sem ég þyrfti til að gera þessa bók eins og ég vildi, en ég lét til leiðast.“

Beavor var sérstaklega hrósað fyrir að rýna bæði í söguna að ofan og neðan; hann leitaði fanga í



ANTHONY BEEVOR Leggur áherslu á að draga fram örlög einstaklingsins í bókum sínum í stað þess að segja söguna frá sjónarhóli þeirra sem réðu. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Þjóðernishyggja er ennþá ógn

Breski sagnfræðingurinn **Anthony Beevor** hefur vakið athygli fyrir bækur sínar um orrustuna um Stalíngrad og Berlín. Hann kom hingað til lands á dögnum í tilefni af því að síðari bókin, Fall Berlínar, er nýkomin út í íslenskri þýðingu. **Bergsteinn Sigurðsson** hitti Beavor að máli og ræddi við hann um sögu og samtímann.

skjalasöfnunum en líka persónulegum dagbókum og ræddi við eftirlifendur. „Orrustan um Stalíngrad var hrikaleg, bæði að umfangi og ekki síst firringu. Í áróðrinum var mennskan mál af óvininum og dregin upp af honum viðurstygileg mynd. Í bókinni leitaðist ég við að endurskapa þann raunveruleika sem almennigur og hermenn í borginni bjuggu við. Ég reyndi að sýna hvaða afleiðingar skipanir Hitlers og Stalíns höfðu beinlínis á fólk. Og þær voru svo sannarlega viðurstygilegar.“

Veröldin er ekki svarthvít

Þótt 60 ár séu liðin frá lokum seinni heimsstyrjaldar telur Beavor brýnt að hún falli ekki í gleymskunnar dá og að sagan endurtaki sig ekki. „Þjóðernishyggja getur orðið hættuleg aftur, þótt það yrði í annarri mynd, sérstaklega ef það er reynt að bæla hana niður. Við sjáum atburði á borð við óeirðirnar í Frakklandi í fyrra, það hefur verið ólga á Ítalíu og Hollandi. Ég tel Evrópusambandið hafa horft framhjá þessu og ég held að þar á bæ skilji menn ekki almennilega

samhengið milli orsakar og afleiðingar. Ein af grunnhugmyndunum bak við ESB er að sameining ríkja myndi efla friðinn því lýðræðisríki fari ekki í stríð hvert við annað. Þarna er hins vegar litið algjörlega framhjáspurningunum þjóðernishyggju og í stað þess að hún deyi út á eðlilegan hátt fær vandamálið að grassera áfram.“

Þá veldur það Beavor áhyggjum að þrátt fyrir allt sé ímynd nasista enn sveipuð myrkum glæsileika. „Sérstaklega í kvikmyndum og sjónvarpi. Þetta höfðar sérstaklega til ungra manna sem upplifa sig utanveltu í þjóðfélaginu, en þeir vita fæstir hvernig það er að búa í alræðisríki. Hið rétta eðli nasistastjórnarinnar kom mun betur í ljós þegar hún féll en nokkur tímáttal á valdaskeiði hennar. Valdímyndir nasista voru hreinn skáldskapur en hættulegar og þess vegna finnst mér mikilvægt að sú mynd sem er dregin upp af nasistum sé svipt þessum glæsileika.“

Að hafa mennskuna að engu Beavor varar við sögulegum sam-
anburði, til dæmis að bera atburði í

Evrópu á 4. og 5. áratug síðustu aldar saman við ástandið í Miðausturlöndum í dag. „Ég held að það eigi alltaf að stíga varlega

til jarðar í þessu efnum. Ein stærstu mistök Bush-stjórnarinnar voru til dæmis að líkja árásumum 11. september við árásina á Pearl Harbor. Þetta var meðal annars notað að réttlæta innrás í annað land í stað þess að bregðast við hryðjuverkum með videigandi og skilvirkari hætti.“

Hann telur þó vissulega mega finna líkindi milli þess sem var og er. „Rétt eins og þá er mennska óvinnarins afmáð í áróðrinum. Við sjáum þetta í áróðri öfgafultra múslima í garð Vesturlandabúa og ofstækismennirnir þar svara í sömu mynt. Ekki aðeins er manneskjan gerð að engu heldur er verið að útiloka - og þar með ráðskast - með valkosti, því allir andstæðingar „málstaðarinnar“ eru felldir undir sama hatt.“

Veröldin er ekki svarthvít

Beavor segist enn finna fyrir miklum áhuga almennings á seinni heimsstyrjöld. „Hugsanlega meiri en áður. Munurinn er sá að fram á 9. áratuginn, jafnvel lengur, var sagan sögð út frá sjónarmiði heildarinnar, hvort sem um var að ræða ríki, hugmyndafræði eða verkafélagsfélög. Heimur heildarinnar er hins vegar hruninn og fólk hefur áhuga á því sem stendur því nær. Ég var heppinn að því leyti því þar sem efnistöð mín brugðu ljósi á örlög einstaklingsins féllu bækur mínar í góðan jarðveg, sérstaklega hjá ungu fólki, sem þekkti ekki stríð af eigin raun og vildi spyrja hvort það gæti komist af við viðlíka aðstæður. Myndi það hafa kjark til að neita að aflífa fanga til dæmis?“

Eðli málsins samkvæmt dregur stríð það versta fram í mannskeppunni, eins og bækur Beavor leiða berlega í ljós. Hann bendir þó á að það geti líka dregið það besta fram í manninum. „Það væri óbærilegt að skrifa bækur eins og þessar ef það yrði ekki stundum vart við góðmennsku, oft úr óvæntri átt. Menn breyttust ekki ósjálfrátt í nauðgara og ribbalda við það eitt að klæðast herbúngi eins og lengi var haldið fram. Veröldin er ekki svarthvít og því fyrr sem við gerum okkur grein fyrir því, því betra.“

Íslenskir fræðimenn um Beavor

Jón Ólafsson sagnfræðingur

Mér sýnist að Beavor hafi komist lengra en aðrir í rússneskum skjalasöfnunum og Fall Berlínar ber þess merki, enda hefur hann storkað hinni hefðbundnu rússnesku sagnaritun um Rauða herinn. Í mínum huga er hann virkilega hugrakkur, þótt hann sé ekki endilega neinn tímamótasagnfræðingur. Hann dregur fram hluti sem hafa verið bældir og það sem skiptir mestu máli er að í bókum sínum sýni hans hversu mikill viðbjóður stríð eru.



Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur

Beavor er sagnfræðingur að mínu skapi. Bækur hans eru frásögn af því sem gerðist og hann hefur ekki áhyggjur af kenningum eða óþarfa málalengingum. Hann safnar saman eins miklum heimildum og hann kemst yfir, viðar úr þeim, setur í samhengi og notar til að setja í samhengi. Hann setur sig ekki á háan hest og segir að sín saga sé sú eina rétta en niðurstaðan er trúverðug og afar skemmileg lesning, þó að eðli málsins samkvæmt sé hún ekki alltaf fyrir viðkvæma.

Völuskrin

Íslensku leikföngin

Epal, Skeifunni
Kisan, Laugavegi
Iða, Lækjargötu
Einu sinni var, Faxafeni

Gallery Kynnisferðir,
Icelandair Hótel Nordica
Hótel Loftleiðir og
Radisson SAS Hótel Saga

Leikbær, Laugavegi,
Faxafeni, Mjódd
Firðinum Hafnarfirði,
og Kjarnanum Selfossi

Rammagerðin, Reykjavík
og Flugstöð Leifs Eiríkssonar
Þjóðminjasafnið, safnbúð

tilboðin í nettó

ennþá betri verð

þú sparar
600 kr/kg



999 kr/kg

Verð áður 1.599 kr/kg

Smálúðuflokk 1 kg.

þú sparar
500 kr/kg



50%

afsláttur við kassa

Verð nú 499 kr/kg

Verð áður 999 kr/kg

BK grísabógur reyktur og úrbeinaður

þú sparar
462 kr/kg



25%

afsláttur við kassa

Verð nú 1.848 kr/kg

Verð áður 1.386 kr/kg

Góða Gourmet ofnsteik villikrydduð



999 kr/kg

Humar 1 kg.

þú sparar
150 kr/kg



50%

afsláttur við kassa

Verð nú 149 kr/kg

Verð áður 299 kr/kg

Matfugl kjúklingavængir



þú sparar
162 kr/kg

25%

afsláttur við kassa

Verð nú 487 kr/kg

Verð áður 649 kr/kg

Matfugl kjúklingalæri



29 kr/stk

Jurtafjómí



99 kr/pk

Jarðarber



30%

afsláttur við kassa

Grand safar

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími 15. október eða á meðan birgðir endast.

Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahlverfi Kópavogi

netto



HLJÓÐFÆRI HUGANS

Njördur P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

Málfar þingmanna

Íslenskir þingmenn eru því miður upp til hópa ekki þekktir fyrir vandað málfar. Tveir þeirra skera sig þó úr, þeir Steingrímur J. Sigfússon og Óssur Skarphéðinsson. Óssur hefur sérlega skemmtilegt vald á máli og skrifar tilbreytingaríkan stíl, auðugan að líflegu orðfæri. Hann er gamall blaðamaður, og mættu margir núverandi blaðamenn taka hann sér til fyrirmyndar. 6. okt. skrifar hann á heimasíðu sinni málfarshól um nýjan formann Framsóknarflokksins, en sá er reyndar með háskólapróf í móturmálinu og stendur vel undir hólinu:

„Ég er ósammála Jóni Sigurðs-syni formanni Framsóknarflokksins um ákaflega margt. Þó málsaður hans sé mér ekki alltaf að skapi kemur hann skoðunum sínum á framfæri á betri íslensku en allir félagar hans í ríkisstjórninni. Jón talar ríkara og kjarnyrta-ara mál en allir ráðherrar Framsóknar til samans.

Mál einstakra ráðherra núverandi ríkisstjórnar mætti stundum skilgreina fremur sem tafs, en tal. Ég hef ekki enn heyrt mikið til Jóns Sigurðssonar í þinginu, en í umræðum um stefnuræðu forsætisráðherra flutti hann heimastílinn sinn vel. Í ljósvakanum er hann yfirleitt hiklaus í framsetningu.

Mál hans hefur ennfremur þann góða kost að honum tekst yfirleitt að ljúka skammlaust flestum setningum, og er blessunarlega laus við að nota endurtekningu til áherslu, sem er leiður löstur á mörgum stjórnámalöndum. Flestir, sem því marki eru brenndir, eiga sér svipaðan uppruna í stjórnámalum.

Af tillitsemi við umhverfið upplýsi ég ekki hvar hann liggur.“

Allir ekki – enginn

Svo virðist sem nú sé orðið algengara að nota allir... ekki í stað þess að segja enginn. Í Blaðinu 10. júní segir t.d.: Þetta er mynd sem allir unndur góðra lista ættu ekki að láta fram hjá sér fara. Hér færir betur á að segja: sem enginn... ætti að láta fram hjá sér fara.

Kannist þið við kanvas skó?

Áhrif enskunnar eru lævis og lipur, og stundum ótrúleg. Ég sá nýlega stóra skóauglýsingu í blaði. Þar voru auglýstir kanvas skór. Litmyndir fylgdu svo auðvelt var að átta sig á fyrirbærinu, þótt orðið væri mér framandi. Ég man að ég var upp með mér þegar ég fékk nýja svona skó lítill strákur, og fannst ég undraléttur á fæti. Þá hétu þessir skór reyndar strigaskór. En það þykir náttúrulega ekki nógu fínt á nú dögum amerísku eftirhermufarsóttarinnar. Látið samt ekki blekkjast. Þetta eru bara strigaskór, og nógu góðir með sínu gamla nafni. Enska orðið canvas merkir einfaldlega strigi.

Stætt á að sitja!

Og svo er það maðurinn sem velti því fyrir sér hvort Valgerði Sverrisdóttur væri stætt á því að sitja áfram í embætti ráðherra. Er nokkrum stætt á því að sitja?

Braghenda

Þessa laglegu braghendu fékk ég senda í nafnlausu bréfi:

Örlög flytja enginn má um ævidaga en svo til máske mætti haga að miður yrðu þau til бага.

Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is

Seinna söngvasafn Sigvalda

Um miðjan nóvember er væntanlegur seinni hlutinn af söngvasafni Sigvalda Kaldalóns á tveimur diskum í vandaðri útgáfu Gerðubergs og Smekkleysu. Fyrri hlutinn kom út 2004 á tveimur diskum í glæsilegri útgáfu. Er ekki síður vandað til seinni hlutans. Verður útgáfunni fylgt úr garði með tónleikum í Salnum. Þá verða öll einsöngslög Sigvalda Kaldalóns komin út.



SIGVALDI KALDALÓNS TÓNSKÁLD Afkomendur hans stefna á að gefa öll tónverk hans út á næstu árum.

Útgáfan hefur verið nokkuð lengi í undirbúningi en henni var ætlað að koma öllum einsöngslögum hans á framfæri, bæði þeim sem lifað hafa í þjóðarvitund og í söng þjóðarinnar í áratugi og hinum sem ekki hafa heyrst oft og jafnvel aldrei. Hugmyndin spratt hjá afkomendum tónskáldsins og var Jónas Ingimundarson fenginn til að hafa listræna stjórn á verkinu. Stofnuðu afkomendur Sigvalda sjóð 1998 til að standa straum af útgáfunni en markmið hennar er að koma öllum tónverkum Sigvalda í vandaðar hljóðritanir.

Flytjendur á seinna safninu eru söngvararnir Gunnar Guðbjörnsson, Auður Gunnarsdóttir, Bergþór Pálsson, Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir, Hulda Björk Garðarsdóttir og Eyjólfur Eyjólfsson. Undirleik annast Jónas Ingimundarson. Söngvarnir eru við ljóð af ýmsu tagi og eftir stóran hóp skálda; Höllu Eyjólfsdóttur, Jónas Hallgrímsson, Steingrím Thorsteinsson, Bjarna Thorarensen, Friðrik Ásmundsson Brekkan, Arnrunu frá Felli, Stefán frá Hvítadal, Davíð Stef-

ánsson, Ólínu Andrésdóttur, Önnu Björns, Halldór Laxness, Jónas Stefánsson, Mattías Jochumsson, Grím Thomsen, Huldu, Jón úr Vör, Þorstein Gíslason, J.O.J., Stephan G. Stephansson, Indriða Einarsson, Guðfinnu Jónsdóttur, Gretar Fells, Jochum Eggertsson, Hreiðar E. Geirdal, Pál V. Kolka, Tómas Snorrason, Einar Benediktsson, Guðmund Guðmundsson, Magnús Ásgeirsson, Sigurð Egger og Sigurjón Guðjónsson. Alls eru lögin fimmtíu og tvö í seinna safni einsöngslaganna. Athygli vekur hversu stór hlutur góðskáldanna er, en ekki síður að hér eiga konur nokkur

ljóð. Yngstur er Jón úr Vör þeirra skálda sem Sigvaldi tók til laga-smíða. Útgefanda gekk erfiðlega að finna nokkra þá höfunda sem ljóðin eiga en vonandi verður útgáfan til þess að heiti þeirra, fæðingar- og dánarár finnist.

Sigvaldi hefur reynt eitt ást-sælasta tónskáld þjóðarinnar og mörg sönglaga hans eru orðnar þjóðargersemar. Útgáfa þessi gefur aðaendum hans tækifæri til að átta sig á heild tónsmíða hans og er því kærkomin. Í haust verða einsöngslögin öll komin á geisla og þá er bara að bíða eftir öðrum tónsmíðum þessa meistara úr Grjótaþorpinu í Reykjavík. - pbb

The Sims 2 Pets

Leystu krossgátuna!
Þú gætir unnið Sims 2, Pets!

Þú sendir SMS skýtið JA LAUSN LAUSNARORÐIÐ á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti lítið út ef svarið er Jón.
Þú sendir þú SMS-ið JA LAUSN JÓN.
Dregið úr réttum svörum n.k. fimmtudag kl. 12 - 99 kr. smsið

| 37 | | | | | EINS | TEITI | FUGL | TRAUST | Á FÆTI | STEFNA |
|-------------------|--------|-------|-----------------|-------------|-----------------|------------|---------------------|-----------------|--------------------|------------------|
| MP & BH | → | | | | | | | | | |
| UMHYGGJA | | | FARVEGUR | | | | | | | |
| | | | ADALS- MADUR | | | | | | | |
| SKÓLI | | | | BÝLI | | | | SJÚK- DÓMUR | | STYKKI |
| LAUST BIT | | | | GÖGG | | | | SKRÁ | | SÖNG- LEIKUR |
| | | | | | | | | | | ↓ |
| | GJALLA | HÆTTA | BUMBA | LITAST GULT | | | FARFA | | | ROÐ |
| | | | | | | | RÓL | | | |
| GAFFALL | | | | | TRJÁ- TEGUND | | 2 | | YFIRHÖFN | |
| | | | | | FRUMEFNI | | | | TVEIR EINS | |
| LOKA | | 1 | | HVORT | | LÉST | | | | TANGI |
| | | | | | | DÝRAHLJÓÐ | | | | ÓVILJUGUR |
| FLANAR | | PILLU | | | | | MATVÖRU- VERSLUN | | | GUÐ |
| | | FÆÐA | | | | | HEIMSÁLFA | | | RÚM ÁBREIDA |
| | | | | NJÓLI | | | | TVEIR | 4 | GAN |
| | | | | ARINN | | | | HRÓPA | | HÓLF |
| DRYKKJAR- ILÁT | | | | | ÁSTÆÐA | | | | EIGA HEIMA | |
| STANSA | | | | | SJOKK | | | | HVÍSLA | SEYTLAR |
Við erum komin eftir Ólöfu Ingólfsdóttur danshöfund og tónskáldin Áskel Másson og Maju Ratkje.

Hver um sig eftir Valgerði Rúnarsdóttur og Aðalheiði Halldórsdóttur danshöfund aog tónskáldin Valdimar Jóhannsson og Jóhann Jóhannsson

Íslenski dansflokkurinn stendur frammi fyrir erfiðu vali: á hann að leggja áherslu á að kalla hingað virta og þekkta erlenda danshöfunda eða á hann að freista þess að þreifa sig áfram með íslenskra danshöfunda og koma þeim til þroska? Katrín Hall, listrænn stjórnandi flokksins, kys að sigla milli skers og báru. Verkefnaskrá ID er um langt skeið búin að vera blanda af þessu tvennu. Gallinn við látlitlar þreifingar meðal íslenskra danshöfunda, sem langflestir eru úr hópi dansara sem tóku út þroska sinn hjá flokknum, er að margar nýsmíðar eru vanþroskuð verk. Sagan sýnir að það eru einungis örfáir dansarar sem búa yfir sköpunarhæfileikum á þessu sviði.

Frum sýning á fimmtudag sannaði þetta: Ólöf Ingólfsdóttir átti fyrri verkið, Við erum komin. Hún kemur úr annarri átt, er upphaflega myndlistarmenntuð og sótti dansmenntun sína seint. Ólöf

hefur á liðnum árum sent frá sér athyglisverð verk og verður að telja hana efnilegasta danshöfund okkar. Nýja verkið hennar snerist um flæði í hreyfingum en átti sér einhverja stöð í andstæðum heimi gróðurs og gerviefna, reglu og uppbrota. Sýningin á fimmtudag leiddi líka skýrt í ljós að samstarf milli tónskálds og dansflokks gefur góða raun. Áskel Másson lagði dansflokknum aftur lið með skemmtilegu og hugmyndaríkum hlóm og taktheimi og naut þar frábærrar frammistöðu og samstarfs við norska tónskáldið Maju Ratkje. Frammistaða hennar einnar og sér kallar á heimsókn í Borgarleikhúsið.

Við erum komin er ágætlega skipað verk. Eins og oftast var allur ytri frágangur unnin af litlum efnum en smekklegur út í hörgul: ljós, búningar, smá leikmyndin sem er þó grundvallandi fyrir upplifun og skilning á verkinu. Alltaf gættir þess samt í verkum Ólafar að úrvinnsla hugmynda teygist á langinn, þau skortir snerpuna í frásagnarhætti, eru of löng.

Hitt verkið sem fór á fjalirnar er eftir Valgerði Rúnarsdóttur og Aðalheiði Halldórsdóttur og kallast Hver um sig. Það er í raun fjölskyldumynd, ofbeldisfull frá upphafi til enda og lýsir kúgun, andlegri og líkamlegri í einhverskonar kjarnafjölskyldu með frændfólki og vinum. Ef lýsa mætti verki Ólafar sem flæði er verk þeirra Valgerðar og Aðal-



ÍSLENSKI DANSLÖKKURINN

„VIÐ ERUM KOMIN“ OG „HVER UM SIG“

heiðar straumur, einn strengur. Hugmyndin var ekki nægilega útfærð: þannig hvarf móðirin úr fókus er leið á verkið, en þar var Katrín Ingvadóttir í fínu stuði. Endar ofbeldið í hysterískum hlátri og eplaáti?

Í nálægð Nýja sviðsins örlar á því að ID sé að stíga inn í smágervöðan leik með andlitssvip, sterka tilfinningu með fas. Þetta er vissulega spor fram á við og í báðum dónsum mátti sjá fin augnablik; ég nefni Steve Lorens, Peter Anderson, Aðalheiði og Emelíu Benedíktu Gísladóttir.

Höfundar, dansarar og áhorfendur hitta ekki alltaf á óskastundina. Haustsýning ID er blendið fagnaðarefni. Hún sýnir flokkinn í einhverri biðstöðu og eins og gjarna gerist að gefið sé til með flokknum verður hann að rísa undir stærri og meiri kröfum en sinnt var þetta kvöld. Og þegar allt kemur til alls trúi ég að það verði aðeins gert með þrautryndum höfundum ellegar enn lengri meðgöngu nýrra verka íslenskra dansmeistarara.



VERK EFTIR HELGA ÞÓRSSON Myndlistar-
maðurinn Helgi Þórsson tekur þátt í
samsýningunni Pakkhús postulanna og
grasrótarhátíðinni Sequences.

Spjallað og fræðst um list

Myndlistarhátíðin Sequences hófst
formlega um helgina en hún mun
standa yfir í tæpar tvær vikur. Fjöl-
breyttir viðburðir eru skipulagðir á
vegum þessarar grasrótarhátíðar
viða um miðborgina og í dag frem-
ur myndlistarmaðurinn Anthony
Schrag gjörning á Laugavegi kl. 15
aok þess sem myndlistarmennirnir
Bryndis Sæbjörnsdóttir og Mark
Wilson ræða við gesti Kynningar-
miðstöðvar íslenskrar myndlistar í
Hafnarstræti kl. 17.

Boðið verður upp á leiðsögn
listamannanna Helga Þórssonar og
Bjarkar Guðnadóttur um sýningu-
na Pakkhús postulanna í Lista-
safni Reykjavíku, Hafnarhúsi, kl.
15 í dag.

Nánari upplýsingar um dag-
skrána er að finna á heimasíðunni,
www.sequences.is

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

OKTÓBER

12 13 14 15 16 17 18

Sunnudagur

SYNINGAR

- 10.00 **Listasafn Reykjavíkur**
stendur fyrir sýningunni **Pakkhús**
postulanna í Hafnarhúsinu. Þar
sýna ellefu listamenn, sem allir eru
fæddir eftir 1968, verk af ýmsum
toga. Sýningarstjórar eru **Daniel Karl**
Björnsson og **Huginn Arason**.
- 10.00 Myndlistarkonan **Þórdís**
Aðalsteinsdóttir sýnir verk
sín í **Listasafni Reykjavíkur,**
Kjarvalsstöðum. Sýningin ber
yfirskriftina **Því heyrst þó hvíslað**
að einhverjir muni komast af og
geymir málverk og vídeóverk.
- 11.00 Yfirlitssýningin **Málverkið**
eftir **1980** stendur yfir í **Listasafni**
Íslands við **Frikirkjuveg**. Fimmtíu
og sex íslenskir myndlistarmenn eiga
verk á sýningunni sem spannar 25
ára tímabil í íslenskrum listasögu sem
markast af innreið nýja málverks-
ins í upphafi níunda áratugarins.
Sýningarstjórar eru **dr. Halldór**
Björn Runólfsson og **Laufey**
Helgadóttir.
- 14.00 Sýning á afrakstri námskeiðs
í **Fjölbrotaskóla Suðurnesja**
þar sem nemendur unnur með
pappmassa. Verkin verða til sýnis í
Gömlu búð einu **Duus** húsanna við
Duusgötu milli 14-18.
- 14.00 **Anna Snædís**
Sigmarsdóttir, grafíklistakona
sýnir í **Grafíkafni Íslands** við
Tryggvagötu 17, hafnarmegin.
Sýningin stendur til 22. október og
er opin frá fimmtudegi til sunnudags
frá kl. 14-18.

Upplýsingar um viðburði og sýningar
sendist á hvar@frettabladid.is ekki
síðar en sólarhring fyrir birtingu.

EIN LEIKHÚSIÐ
Landsbankinn

MIDAPANTANIR:
GSM: 694 8900 / midasala@einleikhusid.is

Fim. 19. okt. kl.20
Fös. 20. okt. kl.20 Örfá sæti laus
Lau. 21. okt. kl.20 Nokkur sæti laus
Fös. 27. okt. kl.20 Nokkur sæti laus
Lau. 28. okt. kl.20

ATH. hlaðborð fyrir hópa í veislusal hússins
Nánari upplýsingar á: einleikhusid.is

Sýnt í Reidhöll Gusts, Álalind 3, Kópavogi

Brottnámíð úr kvennabúrinu
ATH! Aðeins sýnt í október

25 ára og yngri: 50% afsl.

BROTTNÁMIÐ ÚR KVENNABÚRINU - eftir W. A. Mozart

6. sýn. sun. 15. okt. kl. 20 - 7. sýn. fös. 20. okt. kl. 20
8. sýn. sun. 22. okt. kl. 20 - NOKKUR SÆTI LAUS - 9. sýn. fös. 27. okt. kl. 20
10. sýn. sun. 29. okt. kl. 20 - ALLRA SÍÐASTA SÝNING

Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ kl. 19.15

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

SITJI GUÐS ENGLAR
Sýning fyrir alla fjölskylduna!

Í kvöld kl. 20 Sun 29/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20

Sun 22/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

Fim 26/10 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20
Fim 2/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20

Aðeins þessar sýningar.

Mánntafl
Sun 29/10 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20
Fös 3/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20

Aðeins þessar sýningar.

Áskriftarkort
5 sýningar á 9.900

SÍÐASTA SÖLUVIK!
Nánari uppl. á www.borgarleikhus.is

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

Þraustur bakhlari Íslenska dansflokksins
Vörðu- og Námuflagar
fá 50% afslátt á sýningar íd.

VIÐ ERUM KOMIN
ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN
sýnir í kvöld

Við erum komin e. Ólöfu Ingólfssd.
Hver um sig e. Vaðal
Aðrar sýningar:
19:20-22-október
Miðasala í Borgarleikhúsinu
s. 568 8000 eða á www.id.is

Íd

HAFIÐ BLÁA

Fékk áhorfendaverðlaun grímunnar 2006.
Þrjár tilnefningar til grímuverðlaunanna:

- Barnasýning ársins.
- Búningaverðlaun ársins.
- Áhorfendaverðlaun ársins.

AFGANGAR
Fim. 19. okt. kl. 21.00
Fim. 26. okt. kl. 21.00

HAFIÐ BLÁA
Sun. 15. okt. kl. 13.30 örfá sæti laus
Sun. 22. okt. kl. 13.30 sæti laus
Sun. 12. nóv. kl. 13.30 sæti laus

IsMedia SPARISJÓÐURINN TM

Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

„SKYLDI HÆNA HAFIÐ SÁL?“ MEIN KAMPF

RONJA RÆNINGJADÓTTIR **MEIN KAMPF**

Í dag kl. 14 Sun 22/10 kl. 14
Lau 28/10 kl. 14 Sun 29/10 kl. 14

Lau 21/10 kl. 20 Fös 27/10 kl. 20
Lau 28/10 kl. 20 Lau 4/11 kl. 20

VILTU FINNA MILLJÓN? **SNIGLABANDIÐ**

Í kvöld kl. 20 Sun 29/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Fös 3/11 kl. 20

Útgáfutónleikar Sniglabandsins
Mið 18/10 kl. 20:30 Miðaverð 2.200

FOOTLOOSE **TÓNLISTARSKÓLI AKRANESS**

Sun 22/10 kl. 20 Lau 28/10 kl. 20
Fös 27/10 kl. 20 Sun 5/11 kl. 20

Þjóðlagasveit tónlistarskólans á
Akranesi
Mið 25/10 kl. 20:30 Miðaverð 1.500

BRILLJANT SKILNAÐUR **AMADEUS**

Fim 26/10 kl. 20 Fim 9/11 kl. 20
Fim 2/11 kl. 20 Fim 16/11 kl. 20

Fim 19/10 kl. 20 forsýning 1000 kr.
Fös 20/10 kl. 13 forsýning 1000 kr.

MANNTAFL

Sun 29/10 kl. 20 Fös 10/11 kl. 20
Fös 3/11 kl. 20 Sun 19/11 kl. 20

Lau 21/10 kl. 20 frums. UPPS. Bleik kort.
Fim 26/10 kl. 20 2. sýning Gul kort.
Lau 4/11 kl. 20 3. sýning Rauð kort.
Sun 12/11 kl. 20 4. sýning Græn kort
Lau 18/11 kl. 20 5. sýning Blá kort
Sun 19/11 kl. 20 6. sýning

ÁSKRIFTARKORT **VIÐ ERUM KOMIN-ÍD**

5 sýningar á 9.900

Oktober sýning íd, 2 ný verk:
Við erum komin e. Ólöfu Ingólfssdóttur
og Hver um sig e. Vaðal.
Í kvöld kl. 20 Fim 19/10 kl. 20
Fös 20/10 kl. 20 Sun 22/10 kl. 20

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ **Þjóðleikhúsið fyrir alla!**

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20:00

ELDHÚS EFTIR MÁLI eftir Völu Þórsdóttur byggt á sögum Svövu Jakobsdóttur.
Fös. 20/10 örfá sæti laus. **Allra síðasta sýning!**

FAGNAÐUR eftir Harold Pinter.
Í kvöld sun. 15/10 kl. 21:00. **Allra síðasta sýning!**

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ PINTER
Í kvöld sun. 15/10. Kvöldverður - Fyrirlestur - Leiksýning. Upplýsingar í miðasölu í síma
551 1200.

SITJI GUÐS ENGLAR eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag sun. 15/10 kl. 14:00 **uppselt**, lau. 21/10 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 22/10
kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 29/10 örfá sæti laus, sun. 5/11 kl. 14:00 örfá sæti laus,
lau. 11/11 kl. 14:00, sun. 12/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 19/11 kl. 14:00 **uppselt**.

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Fim. 2/11 örfá sæti laus, fös. 3/11 örfá sæti laus, fim. 9/11 örfá sæti laus, fös. 10/11
örfá sæti laus.

KASSINN KL. 20:00

PÉTUR GAUTUR eftir Henrik Ibsen. Leikgerð Baltasar Kormákur.
Í dag sun. 15/10 kl. 17:00 **uppselt**, fim. 19/10 **uppselt**, fös. 20/10 **uppselt**,
lau. 21/10 **uppselt**, sun. 22/10 kl. 17:00 **uppselt**.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20:00

SUMARDAGUR eftir Jon Fosse.
Lau. 28/10. **Allra síðasta sýning!**

SUZANNAH eftir Jon Fosse – gestaleikur frá Cinnober leikhúsinu í Gautaborg.
Fim. 19/10 örfá sæti laus, fös. 20/10.

LEIKHÚSLOFTIÐ KL. 11:00 og 12:15

SKOPPA OG SKRÍTLA eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur.
Í dag sun. 15/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, lau. 21/10 kl. 11:00 **uppselt** og
kl. 12:15 **uppselt**, sun. 22/10 kl. 11:00 **uppselt** og kl. 12:15 **uppselt**, lau. 28/10 kl. 11:00
örfá sæti laus og kl. 12:15 örfá sæti laus, sun. 29/10 kl. 11:00 örfá sæti laus.

Farandleiksýning í framhaldsskólum landsins í október

PATREKUR 1,5 eftir Michael Druker
Höfn í Hornafirði þri. 17/10 kl. 13:00, **Egilsstaðir** mið. 18/10 kl. 16:00 og 20:00,
Eskifjörður fim. 19/10 kl. 16:00, **Húsavík** fös. 20/10 kl. 16:00 og 20:00.

Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is
Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.

Einkamál

Smáauglýsing óskar eftir að komast
í samband við góðan auglýsanda.
Fyllsta trúnaði heitið. Áhugasamir hafið
samband í síma 550 5000.

FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

Nýtt í bíó

STREEP HATHAWAY

THE DEVIL WEARS PRADA

★★★★★
EMPIRE

DRAUMASTARFID MED YFIRMANNI DAUDANS!

FRÁBÆR GAMANMYND MED MERYL STREEP OG ANNE HATHAWAY

UNG OG ÓREYND STELPA KEMUR TIL NEW YORK OG FÆR FYRIR TILVIJUN VINNU SEM AÐSTOÐARKONA HJÁ RITSTJÓRA STÓRS TÍSKUBLAÐS.

HÚSÍÐ ER Á LIFI OG PAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!

DRAGAHÚSÍÐ

VINSÆLASTA MYNDIN Á ÍSLANDI Í DAG!

7

ÆDISLEGA SPENNANDI ÆVINTÝRAMYND SÝND MED ÍSLENSKU OG ENSKU TALI.

FRÁBÆR GAMANMYND UM DJÁR VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRSTA SEM DÖMPADI ÞEIMI MED HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.

VIÐVÁLT FYNDHÁRI TVÖFALT BETRI!

GRETTIR 2

FRÁBÆR GAMANMYND UM DJÁR VINKONUR SEM STANDA SAMAN OG HEFNA SÍN Á FYRRVERANDI KÆRSTA SEM DÖMPADI ÞEIMI MED HINNI SJÓÐHEITU SOPHIA BUSH ÚR ONE TREE HILL.

ÞESSERU BÓNA HÚ FARA ER KÖNNUNUM MEÐ ALDRUM BÓÐAÐ!

ÞETTA ER EKKERT MÁL

★★★★★
S.V. MBL L.I.B. Topp5.is

HEIMFRUNSYNING

TEXAS CHAINSAW MASSACRE

★★★★★
V.I.V. Topp5.is
EMPIRE

WILL PARRELL

TALLADEGA NIGHTS

★★★★★
Topp5.is

2 vikur á toppnum í USA!

SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|--------------------------------|---------------------------------|
| DEVIL WEARS PRADA SÝND Í LÚXUS | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAGAHÚSÍÐ ISL TAL | kl. 3, 5.30, 8 og 10.30 |
| MONSTER HOUSE ENSK T AL | kl. 12, 2, 4 og 6 B.L. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 12, 2, 4, 6 og 8 B.L. 7 ÁRA |
| JOHN TUCKER MUST DIE | kl. 12, 8 og 10 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 10 |
| GRETTIR 2 ISL TAL | kl. 12 og 1.30 |

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---------------------|-------------------------|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 5.30, 8 og 10.30 |
| DRAGAHÚSÍÐ ISL TAL | kl. 3 og 6 B.L. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 3, 5.40, 8 og 10.20 |
| ÞETTA ER EKKERT MÁL | kl. 3, 5.50, 8 og 10.10 |
| CRANK | kl. 8 og 10.15 |
| GRETTIR 2 ISL TAL | kl. 3 |

Borgarbíó SÍMI 462 3500

| | |
|-------------------------|--------------------------|
| DEVIL WEARS PRADA | kl. 8 og 10 |
| TEXAS CHAINSAW MASSACRE | kl. 6 og 10 B.L. 18 ÁRA |
| DRAGAHÚSÍÐ ISL TAL | kl. 2, 4 og 6 B.L. 7 ÁRA |
| TALLADEGA NIGHTS | kl. 4 og 8 |
| GRETTIR 2 ISL TAL | kl. 2 |

450 kr. í bíó!

Sími 553 2075

BILUÐ SKEMMTUN

jackass number two

Jackass þegarver Johnny Knoxville og Steve-O kemur aftur, hláðri en nokkru stöð fyrir.

Sýnd kl. 4, 6, 8 og 10 B.L. 12

LAUGARAS BÍÓ - bara lúxus

FRÁBÆR GAMANMYND

STREEP HATHAWAY

THE DEVIL WEARS PRADA

"Þú ert frábær"

★★★★★
HEIT

DRAUMASTARFID MED YFIRMANNI DAUDANS!

Sýnd kl. 5.50, 8 og 10.15

HÚSÍÐ ER Á LIFI OG PAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!

DRAGAHÚSÍÐ

Sýnd kl. 2 og 4 ISL TAL. B.L. 7

VARÚÐ EKKI FYRIR VIÐKVEMA

BYGGD Á SONNUM ATRUÐUM

Sýnd kl. 6, 8 og 10 B.L. 18

450 KR. Í BÍÓ! GILDIR Á ALLAR SÝNDINGAR MEIRTAK MED KAUFU

MÍÐASALA OPNAR KL. 1.30

Heiðraður í Róm

Skoski sjarmörinn Sir Sean Connery var heiðraður á kvikmyndahátíðinni í Róm fyrir ævistarf sitt í þágu kvikmyndalistarinnar.

Connery, sem er 76 ára, sagði við hátíðlega athöfn í óperuhúsinu í Róm að viðurkenningin væri frábær fyrir sig.

Á meðal kvikmyndanna sem verða frumsýndar á hátíðinni eru Fur: an Imaginary Portrait of Diane Arbus með Nicole Kidman í aðalhlutverki, The Prestige í leikstjórn Christopher Nolan, The Namesake og The Hoax í leikstjórn Svíans Lasse Hallström með Richard Gere í aðalhlutverki. Ítalska þökkadísinn Monica Bellucci leikur í tveimur myndum á hátíðinni; N (Napoleon and me) og The Stone Council.



SEAN CONNERY Skoski sjarmörinn fékk heiðursverðlaun á kvikmyndahátíðinni í Róm.

Staðlaður subbuskapur

[KVIKMYNDIR]

UMFJÖLLUN

Leðurfésíð úr The Texas Chainsaw Massacre frá 1974 er eitt goðsagna-kennndasta skrímsli hryllingsmyndanna og Texas Chainsaw hefur getið af sér nokkrar misslæmar framhaldsmyndir enda ætla kvikmyndagerðarfolk seint að þreytast á því að blóðmjólka fyrirbærið. Upprunalega myndin var endurgerð með nokkrum sóma árið 2003 og vinsældir endurgerðarinnar urðu til þess að nú er okkur boðið upp á enn eitt framhaldið, forleikinn The Texas Chainsaw Massacre: The Beginning.

Það er leitt frá því að segja að það er lítið nýtt að gerast í þessari mynd, sem hefst með subbullegri fæðingu ófétisins með leðurandlitið en um leið og hann er kominn í heiminn er stökkið 30 ár fram í tímann og við fylgjumst með ódóinu fremja sitt fyrsta morð. Þegar hann er kominn upp á blóðbragðið fer þetta allt saman í hefðbundinn farveg og Leðurfés og hans hyski murka lífið úr brjóstgóðum stúlkum og kærustum þeirra.

Stemningin á heimili mannættanna er þrjúgandi og nóturleg sem fyrr en það vantar þó töluvert upp á það að hárin rísi á þeim sem sjóadír eru í hrollvekjum. Mikil er gert út á limlestingar og blóðslett-



THE TEXAS CHAINSAW MASSACRE: THE BEGINNING

LEIKSTJÓRI: JONATHAN LIEBESMAN
AÐALHLUTVERK: R. LEE ERMEY, JORDANA BREWSTER, DIORA BAIRD, MATTHEW BOMER

Niðurstaða: Subbulleg hrollvekja sem þjónast á hinu útjaskaða Leðurfési í þeim tilgangi einum að græða peninga. Ætti þó að laða fram smá gæsa húð og velgju hjá unglungum á gelguskeiði sem eru markhópur myndarinnar.

ur en það er einhvern veginn eins og maður hafi séð þetta allt áður í eldri keðjusagarmorðingjamyndum og þessi mynd gæti nánast verið endurgerð af endurgerðinni frá 2003.

Ljósi punkturinn í þessu öllu saman er hinn fantagóði leikari R. Lee Ermey sem setti einnig sterkan svip á myndina 2003 í hlutverki kolbrjálaða lögreglustjórna sem fóstrar Leðurfésið og leiðir það inn á hálar brautir mannáts og limlestinga.

Þórarinn Þórarinnsson



KATE BECKINSALE Langar að eignast börn með manni sínum, leikstjóranum Len Wiseman.

Planar barn-eignir

Breska leikkonan Kate Beckinsale sagði í viðtali við blaðið OK! að hana langaði að eignast fleiri börn. Beckinsale á sjö ára stúlku með fyrrverandi manni sínum en nú langar hana að eignast börn með núverandi maka sínum, leikstjóranum Len Wiseman. „Mig langar mikið til að eignast fleiri börn en samt langar mig líka til að einbeita mér að starfsframanum. Maður getur samt ekki gert bæði og held ég að börnin hafi vinninginn,“ segir þessi breska fegurðardís.



FARRELL OG GONG LI Ástaratriði með leikurum Miami Vice hefur verið klippt út fyrir Kínmarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

Ástaratriði klippt út

Tuttugu mínútur verða klipptar út úr hasarmyndinni Miami Vice áður er myndin verður frumsýnd í Kína undir lok þessa mánaðar.

Meðal annars verður klippt út sjóðheitt ástaratriði með Gong Li og Colin Farrell.

Kínverjar eru iðnir við að ritskoða erlendar myndir og klipptu m.a. út atriði í Mission Impossible III þar sem Tom Cruise drepur kínverskan öryggisvörð í Sjanghæ.

JACKASS GENGID ER KOMIÐ AFTUR!

JOHNNY KNOXVILLE, STEVE-O OG BAM MARGERA FRAMKVÆMA BRJÁLÆDISLEG ÁHÆTTUATRIDI. MYNDIN FÖR BEINT Í #1 SÆTI Í USA.

FRUMSÝND 13. OKTÓBER.

jackass number two

9 HVER VINNUR!

SENDU SMS SKEYTIÐ JA JAF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVÖ. VINNINGAR ERU BÍOMÍÐAR FYRIR TVÖ, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGL. MED ÞVI AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.

LAUGARAS BÍÓ

TVÖ - BÍÓ

HÚSÍÐ ER Á LIFI OG PAU ÞURFA AÐ BJARGA HVERFINU!

DRAGAHÚSÍÐ

450 KR.

GRETTIR 2

450 KR.

450 KR.

Tilboð á fyrstu sýningar dagsins aðeins 450 kr.

ÓDÝRT Í BÍÓ KR 450

Nelgdi fyrsta sætið þegar hún var sýnd í USA fyrir nokkru.

„Nýtt lágmark“
WASHINGTON TIMES

Bíluð skemmtun!

Jackass number two

Varúð Þrellurinn í þessari mynd vinnu framvegis af afbrúnum, þannig að hvorki þú né heimsku hlú vinir þínir getu að reyna að tella þær eftir.

Frábær ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna.

THE THIEF LORD

bókin sem myndin er byggð hefur þegar komið út í íslensku þýðingu.

★★★★
EMPIRE
★★★★
BBC
★★★★
TOPP5S
★★★★
KOLLINGSTJÓRN

Nýjasta stórvirkni frá **Oliver Stone**

NICOLAS CAGE

WORLD TRADE CENTER

Stórmynd sem lætur engan ónsnortin.

www.haskolabio.is

WORLD TRADE CENTER

Stórmynd sem lætur engan ónsnortin.

★★★★
S.V. MBL
EINN OVANTASTI ÓLEIÐJAFRI ÁRSINS

★★★★
MMJ KVÍKMYNDIR.COM

★★★★
S.V. MBL
EGS - TOPP5.IS

THE QUEEN

einn af bestu knattspyrnumönnum sögunnar

ZIDANE

★★★★
S.V. MBL
KVÍKMYNDIR.COM

★★★★
TOPP5S

Vegna fjölda áskorana hefur myndin aftur verið tekin til sýninga.

an inconvenient truth

★★★★
S.V. MBL
KVÍKMYNDIR.COM

★★★★
TOPP5S

Truflaðasta Beerfest

grættyns ársins er þannig.

ÓBYGGÐIRNAR

„THE WILD“

Sýnd með íslensku og ensku tali!

BÖRN

KVÍKMYND EFTIR RAGNAR BRAGASON

MAURAHRELLIRINN

ROBERTS GAGT STEIN DÍAMATTI

NACHO LIBRE

Harsh Times

Step Up

| SAMBÍÓN / ÁLFABAKKA | |
|------------------------------|--------------------------------|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4-6-8-9-10-10-11:15 B.I.12 |
| JACKASS NUMBER TWO VIP | kl. 2-6-8-10-10 |
| THE THIEF LORD | kl. 1:45-4-6:15 Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 5:30-8-10:30 B.I.12 |
| BEERFEST | kl. 3:40-5:50-8-10:15 B.I.12 |
| NACHO LIBRE | kl. 10:10 B.I.7 |
| BÖRN | kl. 8 B.I.12 |
| STEP UP | kl. 5:50 B.I.7 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. | kl. 1:45-4 Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- ÍSL TAL. | kl. 1:45-3:40 Leyfð |
| OVER THE HEDGE M/- ÍSL TAL. | kl. 1:45 Leyfð |
| BÍLAR M/- ÍSL TAL. | kl. 1:45 Leyfð |

| SAMBÍÓN / KRINGLUNNI | |
|-----------------------------|-------------------------|
| BEERFEST | kl. 6-8:15-10:30 B.I.12 |
| THE THIEF LORD | kl. 2-4-6-8 Leyfð |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 B.I.16 |
| BÖRN | kl. 4-8-10:10 B.I.12 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. | kl. 2-4-6 Leyfð |
| OVER THE HEDGE M/- ÍSL TAL. | kl. 2 Leyfð DIGITAL |

| SAMBÍÓN / KEFLAVÍK | |
|------------------------------|------------------------|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 4-6-8-10:10 B.I.12 |
| BEERFEST | kl. 5:45-8 B.I.12 |
| HARSH TIMES | kl. 10:10 B.I.16 |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. | kl. 2-4 Leyfð |
| MAURAHRELLIRINN M/- ÍSL TAL. | kl. 2 Leyfð |

| SAMBÍÓN / AKUREYRI | |
|--------------------------|--------------------|
| JACKASS NUMBER TWO | kl. 6-8-10 B.I.12 |
| THE THIEF LORD | kl. 2-4-6 Leyfð |
| ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. | kl. 2-4 Leyfð |
| WORLD TRADE CENTER | kl. 8-10:20 B.I.12 |

SPARBÍÓ 450 kr

á allar sýningar merktar með appelsínagula á laugardögum og sunnudögum

www.sambioin.is

375 8900

www.sambioin.is

Kevin bannar karlkynsdansara

Nú hefur Kevin Federline bannað eiginkonu sinni Britney Spears að notast við karlkynsdansara í myndböndum sínum. Federline er vist svo stressaður að Spears muni finna nýja ást meðal dansaranna en það var nákvæmlega þannig sem hjónakornin hittust.

Spears, sem er nýbúin að eignast sitt annað barn með Federline, er nú að leggja drög að því að koma aftur fram í sviðsljósið og hefur ráðið karlkynsdanshöfund til að sjá um að hún geti gert réttu sporin í myndböndum sínum. Federline er ekki nógu ánægður með þetta og hefur skipað eiginkonu sinni að skipta strákunum út fyrir kvenkynsdansara.

Vinir skötujuanna segja að



LEGGUR LÍNURNAR Kevin Federline vill ekki að eiginkona sín Britney Spears notist við karlkynsdansara í myndböndum sínum.

Federline sé mjög stressaður að Spears muni fara frá sér um leið og hún endurheimtir popprinsessutitilinn á ný.

Neitar sambandslitum

Leikkonan geðþekka Jennifer Aniston neitar að hún og gamanleikarinn Vince Vaughn hafi slitið sambandi sínu. Fregnið bást af sambandslitum skötujuanna fyrr í mánuðinum og sást Vaughn meðal annars gera sér dælt við ljóshærða stúlku á skemmtistað fyrr í vikunni. Einnig hefur Vaughn sagt við blaðamenn að hann og Aniston hafi farið hvort í sína áttina. Þrátt fyrir það var Aniston gestur í spjallþætti Oprah Winfrey á dögum þar sem hún vísaði öllum þessum sögusögnum á bug. Allt er þetta því frekar loðið og gæti bara verið brella af hálfu Aniston og Vaughn til að halda fjölmöllum frá sambandi sínu.



JENNIFER ANISTON Kom fram í þætti Oprah Winfrey og neitaði þar að sambandi sínu við gamanleikarann Vince Vaughn væri búið.



WOLF PARADE Spilað verður viðtal við Wolf Parade í þættinum Frank á X-inu 977.

Airwaves hjá Frank

Útvarpsþátturinn Frank verður með sérstaka þætti tengda Iceland Airwaves dagana 15.-17. október á X-inu 977.

Yfir tíu viðtöl við erlenda listamenn á hátíðinni verða spiluð í þáttunum, þar á meðal við Wolf Parade, Kaiser Chiefs, Brazilian Girls, Datarock, Islands og Mates of State. Fjöldinn allur af íslenskum tónlistarmönnum ætla einnig að kíkja í heimsókn og má þar til dæmis nefna að Mínus, Benna Hemm Hemm, Reykjavík!, Skáta, Future Future, Hairdoctor og Egil Sæbjörnsson.

Fjöldi geisladiska verður jafnframt gefinn á meðan þættirnir standa yfir. Einnig verða gefnir Airwaves-bolir og til að toppa þetta allt saman fá nokkrir heppnir hlustendur tvö armbönd á hátíðina gefins.

VERTU TONY MONTANA Í EINUM SVALASTA LEIK ÁRSINS. BYGGÐU UPP GLÆPAVELDIÐ OG NÁÐU FRAM HEFDUM.

SCARFACE™

THE WORLD IS YOURS

SENDU SMS **BTC CFF** Á 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

ADALVINNINGUR ER PS2 TÖLVA + LEIKURINN

VINNINGAR ERU: SCARFACE LEIKUR (PC OG PS2), PS2 STYRIPINNAR, PS2 MINNISKORT, DVD MYNDIR, FULLT AF ÖÐRUM TÖLVULEIKJUM OG MARGT FLEIRA

BT

LENDIR Í BT 6. OKTÓBER

8 HÉR VINNINGUR!

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb, 149 kr/áskrift.

SparBíó* — 450kr

THE THIEF LORD KL. 1:45 ÁLFABAKKA OG KL. 2 Á AKUREYRI

ÓBYGGÐIRNAR „THE WILD“ Sýnd með íslensku tali!

ÓBYGGÐIRNAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 Í ÁLFABAKKA (KL. 2 AK. OG KEF.)

MAURAHRELLIRINN M/- ÍSL TAL. KL. 1:45 OG KL. 2 Í KEFLAVÍK

OVER THE HEDGE M/- ÍSL TAL. KL. 1:45

BÍLAR M/- ÍSL TAL. KL. 1:45

SparBíó* : 450 KR MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 1:45 Laugardag og Sunnudag Í SAMBÍÓNUM ÁLFABAKKA

Nýtt

> Keflvíkingar fá til sín nýjan framherja

Keflvíkingar hafa fengið til sín liðsstyrk fyrir komandi átök í Iceland Express deild karla í körfubolta. Nýjasti leikmaðurinn er bandaríski framherjinn Tim Ellis, en hann lék á árum áður með Kansas State háskólanum í Bandaríkjunum. Ellis er 193 cm á hæð og lék síðast í ABA-deildinni í Bandaríkjunum þar sem hann var tvívegis valinn í lið ársins, en hann þykir afbragðsgóð skytta. Keflvíkingar hefja leik í Evrópukeppinni í næsta mánuði og er Ellis ætlað að hjálpa liðinu að bæta árangurinn á þeim vettvangi.



sport
sport@frettabladid.is

60 GUÐLAUGUR ARNARSSON

SEKÚNDUR

Völsungur eða Gummersbach? Völsungur að sjálfsgöðu. Heima er best.

Fylkir er... frábær klúbbur.

Siggi Sveins eða Heimir Ríkharðs? Báðir góðir á sinn hátt.

Erfiðasti andstæðingurinn? Í dag er það Sigfús Páll Sigfússon.

Auðveldasti andstæðingurinn? Ingólfur Axelsson, samherji minn.

Besti samherjinn? Of margir til að geta nefnt einn.

Húsavík er... Besti staður í heimi.

Hver er þín fyrirmynd? Ætli það sé ekki bara pabbi.

Hver er besti handboltamaður í heimi? Varnarlega Didier Dinard en sóknarlega Ivano Balic.

Í hvaða sæti endar Ísland á HM? Í topp sex.

Að fá tækifæri með Gummersbach er... frábært. Það besta sem hefur komið fyrir mig.

Laugarbrekkan eða Sólbrekkan? Sólbrekkan.

Bold and the Beautiful eða Neighbours? Hvorugt.

Te eða kaffi? Kaffi.



GUÐMUNDUR VIÐAR METE
Hefur skrifað undir nýja samning við Keflavíkurlíðið.

Guðmundur Viðar Mete:

Nýr þriggja ára samningur

FÓTBOLTI Guðmundur Viðar Mete, varnarmaður Keflvíkinga, hefur skrifað undir nýjan þriggja ára samning við félagið, en gengið var frá samningnum á föstudaginn. „Keflavík er eina líðið á Íslandi sem ég hef áhuga á að spila með,“ sagði Guðmundur í samtali við Fréttablaðið í gær en vitað var að nokkur af sterkari félögum landsins höfðu mikinn áhuga á að fá Guðmund í sínar raðir.

Guðmundur átti gott tímabil með Keflavík í sumar og honum líst vel á framhaldið. „Ef við náum að halda sama hóp og fáum kannski tvo eða þrjá sterka leikmenn í viðbót þá eigum við alveg möguleika á titlinum á næstu leiktíð,“ sagði Guðmundur.

- dsd



LOGI GUNNARSSON Fer á kostum með ToPo í Finnlandi.

Logi Gunnarsson:

Heldur upp-teknum hætti

KÖRFUBOLTI Landsliðsmaðurinn Logi Gunnarsson heldur upp-teknum hætti með liði sínu ToPo í finnsku úrvalsdeildinni í körfubolta og var á meðal bestu leikmanna liðsins í 83-60 sigurleik þess á Porvoon Tarmo á útivelli á föstudagskvöldið. Logi skoraði 16 stig í leiknum og þótti standa vel fyrir sínu.

Með sigrinum stökk ToPo upp í efsta sæti finnsku deildarinnar, en liðið hefur hlotið átta stig í fyrstu 10 leikjum tímabilsins. Árangurinn er að stóru leyti þakkaður Loga, sem er í hópi stigahæstu manna deildarinnar.

- vig

Ætlum okkur að halda bikarnum á heimaslóðum

Meistarakeppni KKÍ fer fram í dag en allur ágóði af leikjunum rennur til góðgerðarmála. Þjálfarar Íslandsmeistaranna eru fullir tilhlökkunar fyrir leikina.

KÖRFUBOLTI Meistarakeppni KKÍ fer fram í dag en það er leikur á milli Íslands- og bikarameistara síðasta tímabils. Í karlaflokki mætast Njarðvík og Grindavík og í kvennaflokki mætast Haukar og ÍS. Leikirnir fara fram í Njarðvík en auk þess að vera leikur um meistara meistaranna er þetta líka styrktarleikur, þar sem allur ágóði af leiknum rennur til góðgerðarmála. Að þessu sinni er það Foreldra- og styrktarfélag heyrnardauffra sem nýtur góðs af leiknum.

Iceland Express og Lýsing ætla einnig að leggja sitt af mörkum til stuðning Foreldra- og styrktarfélagi heyrnardauffra en hvort fyrirtækið um sig mun greiða kr. 2500 fyrir hverja þriggja stiga körfu sem liðin skora og kr. 5000 fyrir hverja troðslu. Þetta er í ellefta skiptið sem Meistarakeppni KKÍ fer fram og í öll skiptin hefur KKÍ gefið ágóða leiksins til góðgerðarmála. Frábært framtak hjá körfuknattleikshreyfingunni.

Undanfarin ár hefur Meistarakeppni KKÍ markað upphaf leiktíðarinnar í körfuboltanum en Iceland Express-deild karla fer af stað á fimmtudaginn og kvennadeildin byrjar um næstu helgi. Njarðvíkingar eru ríkjandi Íslandsmeistarar hjá körlunum en þeir töpuðu úrslitaleiknum í Powerade-bikarnum um síðustu helgi gegn Keflavík. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkinga, var þó nokkuð brattur fyrir leikinn í dag.

„Við erum búnir að vinna Meistarakeppnina síðustu tvö ár og við stefnum á að halda okkar striki og halda þessum bikar á okkar heimaslóðum. Þetta verður bara hörkuleikur þar sem tvö hörkulið mætast. Það er heldur ekki verra fyrir okkur að fá að slást við Friðrik Ragnarsson,“



HART BARIST Það verður eflaust hart barist í dag þegar Meistarakeppni KKÍ fer fram í Njarðvík.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

sagði Einar Árni en Friðrik er þjálfari Grindvíkinga og fyrrum leikmaður Njarðvíkinga.

Einar Árni er ánægður með þaðframtak KKÍ og styrktaraðila að styrkja gott málefni í tengslum við leikinn. „Ég hef alltaf verið mjög ánægður með þetta framtak og það er mjög gaman fyrir okkur að taka þátt í svona góðgerðarleik. Það er bara vonandi að fólk fjölmenni á leikina og leikmenn munu leggja sitt af mörkum. Það má alveg búast við því að það verði þó nokkrar þriggja stiga körfur þegar þessi lið mætast,“ sagði Einar Árni en Njarðvík hefur unnið Meistarakeppnina langoftast allra liða í karlaflokki, eða sex sinnum.

Íslandsmeistarar Hauka í kvennaflokki eru staðráðnir í að fylgja eftir sigri liðsins í Powerade-bikarnum á dögnum. „Við förum í alla leiki til þess að vinna, hvort sem það eru góðgerðarleikir eða eitthvað annað. Þetta er allt að koma hægt og rólega hjá okkur, ég hef ekki fengið mikinn tíma með liðið. Það er einn titill kominn en við mætum tilbúin á sunnudaginn, því þetta er eini titillinn sem við höfum ekki unnið,“ sagði Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hauka. Ágúst var ánægður með framtak KKÍ í góðgerðarmálum. „Íþróttahreyfingin byggist mikið á því að fá styrki héðan og þaðan og um að gera, þegar tækifæri gefst, að láta gott af sér leiða á móti.“ - dsd

Kapplaupið um ráðandi hlut í West Ham heldur áfram:

Aukin samkeppni fyrir Eggert

FÓTBOLTI Eggert Magnússon hefur fengið aukna samkeppni í slagnum um kaup á enska úrvalsdeildarliðinu West Ham, því nú hefur annar ísrælskur auðkýfingur, Eli Papoushado, lýst yfir áhuga sínum á félaginu. Það var enska dagblaðið The Independent sem greindi frá þessu í gærmorgun. Blaðið heldur því fram að Papoushado sé búinn að tryggja sér stuðning hins stóra og virta NM Rothschild við fjármögnunin á mögulegu yfirtökutilboði.

Í frétt Independent er því einnig haldið fram að Eggert njóti stuðnings gríðarlega áhrifamikils fjármálamanns frá Norðurlöndunum sem vill ekki láta nafns síns getið, að minnsta kosti þar til kaupin á félaginu eru gengin í gegn. Gefið er í skyn að slagurinn um West Ham muni fyrst og fremst standa á milli þeirra Eggerts og Papoushado, en margt bendi til þess að Kia Joorabchian, fyrsti fjár-

festirinn sem var orðaður við yfirtökutilboð á West Ham, hafi heltst úr lestinni vegna erfiðleika við að fjármagna mögulegt tilboð sitt.

Þá er fullyrt í frétt The Independent að núverandi stjórnarmaður West Ham, Terrence Brown, vilji helst að fram fari uppboð á meðal þremmenninganna, Eggerts, Papoushado og Joorabchian, þar sem hæstbjóðandi hreppi ráðandi hlut í félaginu.

- vig

ALAN PARDEW Vill ábyggilega helst að Eggert Magnússon verði stjórnarformaður þar sem hann er sá eini af hugsanlegum kaupendum West Ham sem lýst hefur yfir stuðningi við knattspyrnustjórn.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



EIÐUR SMÁRI Verður væntanlega í fremstu víglínu Barcelona gegn Sevilla í kvöld.

Barcelona mætir Sevilla:

Eiður í hópnum

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen er í leikmannahópi Barcelona sem tekur á móti Sevilla í spænsku úrvalsdeildinni í kvöld. Fastlega er gert ráð fyrir því að Eiður Smári verði í byrjunarliði Barcelona í fjarveru Samuel Eto'o en hann átti mjög góðan leik í síðasta deildarleik Barcelona.

Frank Rijkaard, stjóri Barca, hefur hins vegar ákveðið að hvíla fyrirliðann Carlos Puyol í leiknum, en fram undan eru tveir gríðarlega mikilvægir leikir hjá Barcelona; gegn Chelsea í Meistaradeildinni á miðvikudag og gegn Real Madrid um næstu helgi. Vill Rijkaard hafa fyrirliða sinn ferskan í þeim leikjum.

- vig

Evrópukeppnin í handbolta:

Erfið staða Haukastúlkna

HANDBOLTI Kvinnalið Hauka í handbolta þarf á sínum allra besta leik að halda á Ásvöllum í kvöld þegar liðið mætir ungverska liðinu Cornexi í síðari leik liðanna í Evrópukeppni bikarhafa í handbolta.

Fyrri leikurinn fór einnig fram á Ásvöllum á föstudagskvöld þar sem gestirnir unnu með fimm marka mun, 31-26. Ljóst er að ungverska liðið er mjög öflugt en miðað við leikinn á föstudag eiga Haukastúlkur ágæta möguleika á að komast áfram, þar sem liðið var nokkuð frá sínu besta í fyrri leiknum.

- vig



Sniglabandið

- er komið í Skífuna



1.999kr.

Rás 2 þakkar **Sniglabandinu** fyrir frábæra skemmtun í einum allra vinsælasta útvarpsþætti sumarsins og hlakkar til að fá bandið aftur til starfa næsta vor.

Rás 2 vill einnig nota tækifærið og óska Sniglabandinu til hamingju með nýju tvöföldu plötuna RÚVTOPS.

Á plötunni er að finna 16 óskalög sem unnin voru í samvinnu við hlustendur Rásar 2 og einnig 30 vel valin atriði úr útvarpsþáttum Sniglabandsins á Rásinni.



skemmtir þér ;)

LEIKIR GÆRDAGSINS

DHL-deild karla

VALUR-STJARNAN 30-29

Mörk Vals: Ernir Arnarson 7 (10), Fannar Friðgeirsson 6 (9), Markús Míkaelsson 5/2 (11/2), Baldvin Þorsteinsson 4 (4), Arnór Gunnarsson 4 (5), Sigurður Eggertsson 2 (3), Elvar Friðriksson 1 (3), Hjalti Pálmason 1 (1), Ingvar Árnason 0 (2).

Varin skot: Ólafur Gíslason 17/1.

Hraðaupplauþ: 6 (Arnór 3, Fannar 2, Baldvin).

Fiskuð víti: 2 (Fannar, Ægir).

Utan vallar: 6 mínútur.

Mörk Stjörnunnar: Patrekur Jóhannesson 7 (13), Guðmundur Guðmundsson 5/3 (11/3), Volodimír Kysil 4 (6), Björn Friðriksson 4 (4), Elias Halldórsson 3 (5), Tite Kalandadze 3/0 (5/1), Björn Guðmundsson 2 (2), Tómas Þórhallsson 1 (1).

Varin skot: Roland Eradze 9.

Hraðaupplauþ: 4 (Elias 2, Björn F., Tómas).

Fiskuð víti: 4 (Patrekur 2, Björn F.).

Utan vallar: 4 mínútur.

Meistaradeild Evrópu

SANDEFJORD-FRAM 35-26

DHL-deild kvenna

AKUREYRI-ÍBV 16-31

Mörk Akureyri: Auður Ómarsdóttir 5, Linda Þórsdóttir 3, Jóhanna Tryggvadóttir 3, Þorsteina Sigurbjörnsdóttir 2, Guðrún Tryggvadóttir 2, Erla Tryggvadóttir 1.

Mörk ÍBV: Valentina Radu 7, Pavla Nevarilova 7, Renata Horvat 5, Andrea Löw 4, Sæunn Magnúsdóttir 4, Pavla Plaminkova 2, Hekla Hannesd. 1.

Evrópuboltinn:

Real Madrid tapaði

FÓTBOLTI Real Madrid tapaði á útvelli gegn Getafe í spænsku knattspyrnunni í gær. Sigurmarkið skoraði Alexis á 60. mínútu en Ronaldo fékk að líta sitt annað gula spjald og því það rauða á síðustu mínútu leiksins. Þetta var fyrsti leikur Ronaldo á leiktíðinni. Real Madrid er í fjórða sæti deildarinnar með 11 stig.

AC Milan varð að sætta sig við jafntefli við Sampdoria á útvelli í ítölsku deildinni í gær. Sampdoria komst yfir í leiknum en Kalandze jafnaði fyrir AC Milan undir lokinn. AC Milan er í 12. sæti deildarinnar. Þá vann Siena góðan sigur á Messína í gær, 3-1.



FÉLAGAR Bosnich og Beckham var ágætlega til vana á sínum tíma. Hér slaka þeir á við sundlaugarbakka í æfingaferð Man. Utd í Brasilíu fyrir sex árum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Mark Bosnich tjáir sig:

McClaren líkar ekki við Becks

FÓTBOLTI Mark Bosnich, hinn gamalkunni markvörður sem spilaði með Manchester United á árunum 1999-2001 þegar Steve McClaren var aðstoðarmaður Alex Ferguson, segir að McClaren og David Beckham hafi aldrei komið vel saman. Eins og flestir ættu að vita er McClaren nú orðinn landsliðsþjálfari Englands og þar var hans fyrsta verk að henda Beckham út úr hópnum. Þjálfarinn er nú undir mikilli pressu að kalla á Beckham inn í hópinn á ný, enda er enska liðið í mikilli lægð um þessar mundir.

„Á mínum tíma með Man. Utd. var augljóst að McClaren og Beckham áttu ekki samleið. Þeir hafa ólíkar skoðanir og það var ekkert leyndarmál. McClaren átti hins vegar erfiðara að sætta sig við það en Beckham,“ sagði Bosnich við The Sun. „Englendingar eiga í vandamálum og Beckham, einn besti leikmaður heims, er ekki í liðinu. McClaren ætti að láta persónulegar skoðanir til hliðar og velja Beckham í hópinn.“

- víg

Stjarnan enn án sigurs eftur tap gegn Val

Valur lagði Stjörnuna naumlega í DHL-deild karla í gær í hörkuleik þar sem jafnt var á tölum nánast allan leikinn. Þetta var annar sigur Vals í deildinni en Stjarnan situr á botni deildarinnar með ekkert stig.

HANDBOLTI Valur tók á móti Stjörnuni í DHL-deild karla í handbolta í gær. Bæði lið töpuðu leikjum sínum í umferðinni á undan og þóttu leika illa þá. Það var því ljóst fyrir leikinn að bæði lið myndu mæta ákveðin til leiks. Leikurinn í gær var gríðarlega jafn en svo fór að Valur vann baráttusigur, 30-29.

Stjörnumenn byrjuðu leikinn í gær betur og náðu tvisvar þriggja marka forskoti, 4-1 og 7-4. Valsmenn náðu þó að saxa á forskotið og komust yfir 11-10 þegar skammt var eftir af fyrri hálfleik. Vörn Valsmanna var mjög grimm og oft á tíðum þótti undirrituðum Valsmenn komast upp með ansi margt gegn þeim Tite og Patreki. Stjarnan varð fyrir áfalli þegar þrjár mínútur voru eftir af fyrri hálfleik, Tite Kalandadze tók þá skot og virtist tagna aftan í læri í kjölfarið og þurfi að yfirgefa völlinn. Hann kom ekki meira við sögu og spurning er hve lengi hann verður frá vegna þessara meiðsla. Eftir að Valur hafði jafnað leikinn skiptust liðin á að hafa foystuna og staðan í hálfleik var 15-15.

Síðari hálfleikur byrjaði eins og sá fyrri endaði, jafnræði var í leiknum en Stjarnan komst þó



GRÍÐARLEG BARÁTTA Patrekur Jóhannesson reynir hér að brjóta sér leið í gegnum vörn Valsmanna en kemst lítt áleiðis gegn þremur varnarmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

aldrei yfir í síðari hálfleik. Valur náði mest þriggja marka forskoti í síðari hálfleik, 29-26, en Stjarnan skoraði þá tvö mörk í röð og átti möguleika á að jafna leikinn. Það tókst Stjörnuni ekki og í staðinn náði Valur að skora og komast tveimur mörkum yfir. Stjarnan minnkaði muninn í 30-29 og fékk svo tækifæri til að jafna metin í síðustu sókn leiksins en það tókst ekki. Annar sigur Valsmanna í

deildinni því staðreynd en Stjarnan hefur tapað öllum sínum leikjum og situr á botninum með ekkert stig.

„Ég var ekki alveg sáttur við spilamennsku okkar í dag, en þetta er að smella hjá okkur. Arnór er kominn inn í þetta hjá okkur og það er mikil ógnun í honum. Eins eru Ernir og Baldvin að komast inn í þetta aftur og ég held að við verðum bara betri og betri. Það er

samt ýmislegt sem við eigum eftir að laga, sóknarleikurinn er svolítið stíður hjá okkur, en sigur er sigur og miðað við hvað við vorum lélegir í síðasta leik er ég mjög ánægður með þetta,“ sagði Óskar Bjarni Óskarsson, þjálfari Valsmanna, eftir leikinn í gær.

Patrekur Jóhannesson, leikmaður Stjörnunnar, var sáttur við leik liðsins þrátt fyrir tap. „Ég er mjög sáttur við það hvað við vorum að gera, menn eiga hrós skilið fyrir spilamennskuna og baráttuna. Ég er mjög ánægður með strákana sem komu inn á í síðari hálfleiknum. Þetta var mjög jafnt og mér fannst við eiga skilið að fá stig út úr þessu og það hefði verið mjög sætt. Ég er samt mjög ánægður með spilamennskuna en auðvitað er svekkjandi að tapa.“

„Auðvitað er hundleiðinlegt að vera með nill stig og við gætum alveg farið í þunglyndi en það þýðir ekkert. Þetta var samt það besta sem við höfum gert í deildinni til þessa og ég er bara hjartsýnn á framhaldið. Þegar menn leggja sig svona fram eins og við gerðum í dag, þá náum við stigum,“ sagði Patrekur.

dagur@frettabladid.is

Fram tapaði í gær sínum þriðja leik í Meistaradeildinni, nú fyrir Sandefjord:

Hrikalega slakir dómamarar

HANDBOLTI Fram heimsótti Sandefjord í Meistaradeildinni í handbolta í gær. Fram tapaði leiknum 35-26 og hefur því tapað öllum þremur leikjum í keppninni til þessa. Sandefjord hafði yfirhöndina allan leikinn og Fram náði aldrei að komast inn í leikinn. Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Fram, var hundóánægður með dómara leiksins.

Sandefjord náði forystunni strax í upphafi og lét hana aldrei afhendi. Fram fékk þó möguleika á að minnka muninn í síðari hálfleik en leikmenn liðsins fóru illa með tækifærin. Það fóru til að mynda þrjú vítaköst í súginn hjá Fram í síðari hálfleik. Öruggur sigur Sandefjord var því staðreynd en staðan í hálfleik var 19-14, heima-

mönnum í vil. Guðjón Drengsson var markahæstur hjá Fram með sex mörk.

„Þetta er öflugt lið sem þeir hafa á að skipa en það er ekki svona mikill munur á þessum liðum. Við áttum alveg möguleika á að minnka muninn en við gerum markverði andstæðinganna alltaf að bestu mönnum þeirra. Mér fannst þeir samt sem áður líkamlega sterkari við. Það er eitt að tapa en við töpuðum allt of stórt,“ sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Framara, en hann var allt annað en sáttur við dómara leiksins.

„Þeir léku óhemju gróft gegn okkur, Jóhann var til að mynda bara kyldur út úr leiknum. Þeir tóku einnig mjög gróflaga á Sigfúsi hvað eftir annað. Við létum þá bara

berja okkur niður og þeir komust alveg upp með það. Þetta voru hrikalega slakir dómamarar. Ég hef aldrei upplifað annað eins. Þetta var ótrúlegt. Það voru þarna nokkur hrikalega gróf brot og þeir komust bara upp með að spila þannig bolta og við náðum ekki að koma í veg fyrir það,“ sagði vonsvikinn þjálfari Framara. Dómamarar leiksins í gær komu frá Svartfjallalandi og fengu augljóslega falleinkunn hjá Guðmundi.

Næsti leikur Framara í Meistaradeildinni er um næstu helgi þegar slóvensku meistaramenn í Celje Lasko koma á heimsókn. Ljóst er það verður ansi þungur róður fyrir Fram en liðin mættust á dögnum í Slóveníu og þar tapaði Fram stórt.

- dsd



GUÐJÓN DRENGSSON Var markahæstur í liði Fram í gær með sex mörk.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýr keppnisbolti sem notast verður við á komandi tímabili í NBA-deildinni veldur deilum:

Leikmenn segja boltann vera hræðilegan

KÖRFUBOLTI Leikmenn NBA-deildarinnar keppast nú um að lýsa óánægju með nýja keppnisboltann sem notaður verður í leikjum deildarinnar á komandi leiktíð og vilja þeir að stjórnendur NBA skipti aftur yfir í gamla og góða leðurboltann. Nýi boltinn er gerður úr sérhönnuðu gerviefni sem á að gera boltann stöðugri þegar leikmenn dripla honum en helstu gagnrýnisráðgirnar sem heyrst hafa snúast að gripinu á boltanum.

„Boltinn verður mjög sleipur þegar hann fær á sig svita,“ segir Antoine Walker, leikmaður Miami. „Ég hef hlustað á rökin sem eiga að styðja við notkun nýja boltans en ég tel að kostirnir við gamla boltann séu fleiri og mikilvægari en þeir kostir sem fylgja nýja boltanum,“ segir Walker en af öðrum leikmönnum sem lýst hafa óánægju sinni á opinberum vettvangi má nefna Vince Carter, Rasheed Wallace, Carmelo Anthony, Gilbert Arenas, Shawn Mar-



SHAQ „Boltinn er skelfilegur. Það á að reka þann sem tók ákvörðunina um að skipta um bolta.“

ion og Steve Nash. Óánægðastur allra er hins vegar enginn annar en Shaquille O'Neal, sem er ekkert að skafa af hlutunum frekar en fyrri daginn.

„Boltinn er skelfilegur. Þetta er versta ákvörðun sem hefur verið tekin í sögu deildarinnar. Hvað hefur NBA-deildin verið lengi í gangi? 50 ár? 100 ár? Af hverju að skipta um bolta núna? Það þarf að endurskoða háskólagráðuna hjá þeim sem tók þessa ákvörðun,“ sagði O'Neal, ómyrkur í máli, í samtali við blaðamenn ytra fyrir í mánuðinum. Og hann hélt áfram:

„Þetta er eins og bolti sem þú kaupir í leikfangabúð fyrir börnin þín. Það er ekki hægt að hafa stjórn á honum. Sá sem ákvað þetta á skilið að vera rekinn,“ sagði O'Neal og tók það einnig sérstaklega fram

Nýi keppnisboltinn

í NBA

Á komandi leiktíð verður notast við nýjan keppnisbolta sem gerður er úr gerviefnum. Þar til nú hefur ávallt verið notaður leðurbolti í NBA.

Nýtt efni - ný hönnun

Tveir reitir sem smella saman gera það að verkum að boltinn skoppar betur.



Gerviefnið dreifir raka jafnt á yfirborð boltans, sem þýðir að uppgufun verður hraðari og meiri. Því meiri uppgufun sem er, því betri stjórn hafa leikmenn á boltanum.

Kemur í stað átta jafnlangra reita sem gera það að verkum að yfirborðið er óslétt en gripni er betra.

Heimild: KRT

að honum væri alveg sama ef hann yrði sektaður fyrir þessi hörðu ummæli sín.

David Stern, framkvæmdastjóri NBA, var ákvörðunina um að skipta um bolta fram í rauðan dauðann. „Það er spilað með bolta úr gerviefnum í nánast öllum deildum heims, fyrir utan NBA-deildina. Það var kominn tími til að skipta. Nýi boltinn er mjög góður og leikmenn þurfa bara að venjast honum. Þegar nokkrar vikur eru liðnar af tímabilinu er ég viss um að allir verði búnir að gleyma gamla boltanum,“ segir Stern.

- víg



BOLTINN Er umdeildur í meira lagi og þykir búa yfir fleiri göllum en kostum.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| ARSENAL - WATFORD | 3-0 |
| 1-0 Kolo Toure (52.), 2-0 Thierry Henry (43.), 3-0 Emmanuel Adebayor (67.). | |
| ASTON VILLA - TOTTENHAM | 1-1 |
| 0-1 Juan Pablo Angel, sjálfsmark (80.), 1-1 Gareth Barry (81.). | |
| LIVERPOOL - BLACKBURN | 1-1 |
| 0-1 Benni McCarthy (17.), 1-1 Craig Bellamy (64.). | |
| MIDDLESBROUGH - EVERTON | 2-1 |
| 1-0 Yakubu Aiyegbeni (27.), 2-0 Mark Viduka (71.), 2-1 Andy Johnson (77.). | |
| PORTSMOUTH - WEST HAM | 2-0 |
| 1-0 Nwankwo Kanu (24.), 2-0 Andy Cole (82.). | |
| READING - CHELSEA | 0-1 |
| 0-1 Ívar Ingimarsson sjálfsmark (45.). | |

STADAN:

STADAN:

| | | | | | | |
|---------------|---|---|---|---|------|----|
| MAN. UNITED | 8 | 6 | 1 | 1 | 17-5 | 19 |
| CHELSEA | 8 | 6 | 1 | 1 | 13-4 | 19 |
| PORTSMOUTH | 8 | 5 | 1 | 2 | 12-3 | 16 |
| ARSENAL | 7 | 4 | 2 | 1 | 11-4 | 14 |
| ASTON VILLA | 8 | 3 | 5 | 0 | 10-5 | 14 |
| BOLTON | 7 | 4 | 2 | 1 | 7-3 | 14 |
| EVERTON | 8 | 3 | 4 | 1 | 13-8 | 13 |
| READING | 8 | 4 | 1 | 3 | 9-8 | 13 |
| BLACKBURN | 8 | 3 | 3 | 2 | 9-10 | 12 |
| LIVERPOOL | 8 | 3 | 2 | 3 | 9-9 | 11 |
| MAN. CITY | 8 | 2 | 3 | 3 | 6-9 | 9 |
| FULHAM | 7 | 2 | 3 | 2 | 8-12 | 9 |
| MIDDLESB. | 8 | 2 | 2 | 4 | 8-13 | 8 |
| TOTTENHAM | 8 | 2 | 2 | 4 | 5-10 | 8 |
| NEWCASTLE | 7 | 2 | 1 | 4 | 6-10 | 7 |
| SHEFF. UNITED | 8 | 1 | 3 | 4 | 4-10 | 6 |
| WIGAN | 7 | 1 | 2 | 4 | 7-11 | 5 |
| WEST HAM | 8 | 1 | 2 | 5 | 6-12 | 5 |
| WATFORD | 8 | 0 | 4 | 4 | 7-13 | 4 |
| CHARLTON | 7 | 1 | 0 | 6 | 5-13 | 3 |

England - Championship

| | |
|--|-----|
| BURNLEY - HULL | 2-0 |
| CRYSTAL PALACE - CARDIFF | 1-2 |
| IPSWICH TOWN - WBA | |
| LEEDS - STOKE | 0-4 |
| Gylfi Einarsson var ekki í hópnun hjá Leeds. | |
| LEICESTER - SOUTHAMPTON | 3-2 |
| LUTON - BIRMINGHAM | 3-2 |
| PRESTON - SUNDERLAND | 4-1 |
| QPR - NORWICH | 3-3 |
| SHEFFIELD WEDNESDAY - BARNLEY | 2-1 |
| WOLVES - COLCHESTER | |

STADA EFSTU LIÐA:

| | | | | | | |
|------------|----|---|---|---|-------|----|
| CARDIFF | 11 | 8 | 2 | 1 | 24-9 | 26 |
| BURNLEY | 11 | 6 | 2 | 3 | 20-12 | 20 |
| PRESTON | 11 | 5 | 5 | 1 | 15-9 | 20 |
| WBA | 11 | 5 | 4 | 2 | 19-11 | 19 |
| WOLVES | 11 | 6 | 1 | 4 | 9-10 | 19 |
| BIRMINGHAM | 11 | 5 | 3 | 3 | 16-14 | 18 |
| LUTON | 11 | 5 | 3 | 3 | 18-17 | 18 |
| C. PALACE | 11 | 5 | 2 | 4 | 14-13 | 17 |

Þýska úrvalsdeildin

| | |
|--|-----|
| BAYERN MÜNCHEN - HERTHA BERLIN | 4-2 |
| 1-0 Roy Makaay (9.), 2-0 Willy Sagnol (15.), 3-0 Claudio Pizarro (53.), 3-1 Malik Fathi (58.), 3-2 Marko Pantelic (73.), 4-2 Lukas Podolski (78.). | |
| M'GLADBACH - WOLFSBURG | 3-1 |
| 0-1 Alexander Madlung (16.), 1-1 Peer Kluge (34.), 2-1 Oliver Neuville (35.), 3-1 David Degen (83.). | |
| HAMBURGER SV - SCHALKE | 1-2 |
| 0-1 Halil Altintop (16.), 0-1 Halil Altintop (18.), 1-1 Piotr Trochowski (30.), 1-2 Marcelo Bordan (53.). | |
| HANNOVER - FRANKFURT | 1-1 |
| 1-0 Vahid Hashemian (21.), 1-1 Alexander Meier (57.). | |
| STUTTGART - BAYER LEVERKUSEN | 3-0 |
| 1-0 Mario Gomez (22.), 2-0 Arthur Boka (48.), 3-0 Thomas Hitzlsperger (76.). | |
| BOCHUM - WERDER BREMEN | 0-6 |
| 0-1 Aaron Hunt (7.), 0-2 Christian Schulz (60.), 0-3 Jurica Vranjic (76.), 0-4 Diego (79.), 0-5 Clemens Fritz (88.), 0-6 Naldo (90.). | |

STADA EFSTU LIÐA

| | | | | | | |
|------------|---|---|---|---|-------|----|
| W. BREMEN | 7 | 4 | 1 | 2 | 18-9 | 13 |
| BAYERN | 7 | 4 | 1 | 2 | 11-7 | 13 |
| SCHALKE | 7 | 4 | 1 | 2 | 9-7 | 13 |
| A. AACHEN | 7 | 4 | 0 | 3 | 13-10 | 12 |
| M'GLADBACH | 7 | 4 | 0 | 3 | 9-9 | 12 |
| STUTTGART | 7 | 3 | 2 | 2 | 13-13 | 11 |
| HERTHA | 7 | 2 | 4 | 1 | 12-8 | 10 |

Hollenska knattspyrman:

Grétar Rafn skoraði mark

FÓTBOLTI Grétar Rafn Steinsson gerði sér lítið fyrir og skoraði mark í 2-0 sigri AZ Alkmaar í gær. Grétar Rafn kom inn á sem varamaður á 32. mínútu og skoraði fyrra mark liðsins. Jóhannes Karl Guðjónsson kom ekkert við sögu í leiknum. AZ Alkmaar er í öðru sæti deildarinnar, stigi á eftir toppliði Ajax.

Arnar Þór Viðarsson kom heldur ekkert við sögu þegar lið hans, Twente, vann Den Haag 2-1 á útivelli. Arnar hefur ekkert fengið að spila með Twente það sem af er leiktíðinni í Hollandi.

- dsd

Rafael Benitez blandar sér í umræðuna um meiðsli leikmanna í landsleikjum:

FIFA eða knattspyrnusamböndin eiga að sjá um launagreiðslur í landsleikjum

FÓTBOLTI Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, hefur blandað sér inn í vaxandi umræðu um ábyrgð FIFA og knattspyrnusambanda þjóða þegar leikmenn meiðast í landsleikjum. Fyrir í vikunni höfðu forráðamenn Atletico Madrid lýst því yfir að þeir hygðust höfða skaðabótamál á hendur FIFA eftir að helsta stjarna þeirra, Argentínumaðurinn Maxi Rodriguez, sleit krossbónd í vináttuleik gegn Spáni á miðvikudag.

„Það er ekki eðlilegt að við borgum laun hans í það hálf ár sem hann verður frá keppni eftir

að hafa hlotið meiðsli í tilgangslausum landsleik sem honum bar skylda að taka þátt í. Við munum fara fram á bætur,“ sagði stjórnarmaður hjá Atletico. Benitez, sem gat ekki látið Momo Sissoko, Dan Agger og Dirk Kuyt spila gegn Blackburn í gær vegna meiðsla sem þeir hlutu í landsleikjum síðustu viku, tekur í sama streng.

„Fyrir mér er þetta einfalt. FIFA eða knattspyrnusamböndin í viðkomandi landi eiga að barga a.m.k. helming af launum leikmanna á meðan þeir eru að spila

fyrir landslið sitt. Í svona tórnum eru leikmenn í burtu í tíu daga og koma aftur mjög þreyttir, ef ekki illa meiddir. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð,“ segir Benitez. Kollega hans hjá Arsenal, Arsene Wenger, hafði einnig lýst yfir óánægju sinni með málið, en Freddie Ljungberg meiddist í landsleik Svía og Spánar fyrir viku og gat ekki leikið í gær.

Mjög ólíklegt er talið að knattspyrnusambönd landa verði skikkað til að greiða laun leikmanna, enda er ljóst að minnstu samböndin myndu þjást mest í því sam-



MAXI RODRIGUEZ Meiddist illa í vináttuleik Argentínu og Spánar á miðvikudag og verður frá keppni í hálf ár. Félag hans, Atletico Madrid, heimtar skaðabætur.

NORDICPHOTOS

hengi. Nægir þar að nefna KSÍ á Íslandi, en ársreikningar þess myndu væntanlega hækka um væna prósentu ef það þyrfti að greiða laun leikmanna eins og Eids Smára Guðjohnsen í öllum landsleikjatórnum.

- vg

Mark Ívars réð úrslitum

Chelsea vann sigur á Reading í gær þar sem sjálfsmark Ívars Ingimarssonar skildi liðin að. Liverpool varð að láta sér nægja jafntefli gegn Blackburn.

FÓTBOLTI Ívar Ingimarsson varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark þegar Chelsea sótti Reading heim og það var eina mark leiksins. Markið kom á síðustu mínútu fyrri hálfleiks. Báðir markverðir Chelsea meiddust í leiknum, fyrst var það Petr Cech sem þurfti að fara af velli fimmtu mínútu og inn á fyrir hann kom Cudicini, en hann þurfti að fara af velli undir lok leiksins og þá tók John Terry fram markmannshanskana og kláraði leikinn í markinu. Tveir leikmenn fengu að líta rauða spjalðið; John Obi Mikel í liði Chelsea og Andre Biekey í liði Reading.

„Atvikið með Cech var mjög ljótt að sjá. Ég er ekki að segja að leikmaðurinn hafi gert þetta viljandi en þetta var mjög heimskuleg árás og mér finnst að yfirvöld ættu að skoða þetta mál á sama hátt og brot Thatchers á Mendes um daginn,“ sagði Jose Mourinho, framkvæmdastjóri Chelsea, en Steven Hunt, leikmaður Reading, fór með hnéð í höfuðið á Cech.

Liverpool varð að láta sér lynda jafntefli á heimavelli gegn Blackburn, 1-1, þar sem Craig Bellamy skoraði gegn sínum gömlu félögum í Blackburn. „Ég get ekki sagt að ég sé ánægður fyrir hans hönd og mér fannst við ráða ágætlega við hann í leiknum. Hann var samt sem áður frábær hjá okkur á síðustu leiktíð og ég veit að hann mun vera góður hér hjá Liverpool. Þetta mark kemur honum eflaust á sporið,“ sagði Mark Hughes, framkvæmdastjóri Blackburn, um Craig Bellamy eftir leikinn.

Arsenal vann auðveldan sigur á Watford á heimavelli, 3-0. Táningsurinn Theo Walcott var í fyrsta sinn í byrjunarliði Arsenal en hann lék á kantinum. „Walcott er meiri sóknarmaður en miðjumað-



MARKID SEM RÉÐ ÚRSLITUM Aukaspýrna frá Lampard breytti um stefnu af Ívari og fór þaðan í netið.

NORDIC PHOTOS/GETTY

ur en hann lék samt vel í dag. Walcott átti nokkrar góðar sendingar og fyrir sautján ára strák stóð hann sig vel. Ég vildi fá hann til að leggja upp mörk en styrkur hans er samt sem áður að klára færin,“ sagði Arsene Wenger, framkvæmdastjóri Arsenal.

Aston Villa og Tottenham gerðu 1-1 jafntefli á Villa Park í gær þar sem Juan Pablo Angel átti slæman dag. Fyrst klúðraði hann vítaspurnu og svo skoraði hann sjálfsmark og kom Tottenham yfir. Calum Davenport, leikmaður Tottenham, var rekinn af velli í leiknum. „Í fyrri hálfleik réðum við ferðinni í leiknum og áttum að skora en það tókst ekki. Síðari hálfleikurinn var allt öðruvísi. Við þurftum að endurskoða okkar leik

eftir að Dawson meiddist og Davenport var rekinn af velli. Þeir pressuðu á okkur undir lokin og hefðu getað unnið leikinn. Ég sætti mig alveg við stigið hér í dag,“ sagði Martin Jol, framkvæmdastjóri Tottenham.

Gömlu mennirnir Kanu og Andy Cole tryggðu Portsmouth sigur á lánlausum West Ham-mönnum. Með sigrinum heldur Portsmouth sér í toppbaráttunni og er nú í þriðja sæti deildarinnar. Manchester City náði ekki að leggja nýliðana í Sheffield United á heimavelli en lokatölur urðu 0-0 og þá náði hið sveiflukennda lið Middlesbrough að sigra Everton á heimavelli 2-1, en Middlesbrough fékk tvær vítaspurnur í leiknum.

- dsd

Manchester United náði að knýja fram sigur á Wigan þrátt fyrir að lenda undir:

Man. United heldur toppsætinu

FÓTBOLTI Wigan Athletic tók á móti Manchester United í fyrsta leik ensku úrvalsdeildarinnar í gær. Fyrir leikinn var Manchester United í efsta sæti deildarinnar og hélt því. Manchester United stillti upp þremur framherjum í byrjunarliði sínu en það var þó skarð fyrir skildi að hvorki Gary Neville né Cristiano Ronaldo voru með United í leiknum. Leikurinn endaði 3-1 fyrir strákana frá Manchester en Wigan komst yfir í leiknum með glæsilegu marki frá bakverðinum Leighton Baines úr aukaspurnu í upphafi leiksins.

Í síðari hálfleik var allt annað að sjá til leikmanna Manchester United og þeir voru miklu betri aðilinn. Ryan Giggs kom inn á í hálfleik og það virtist fara vel í leikmenn Manchester United. Áður en yfir lauk höfðu Nemanja



WAYNE ROONEY Átti góðan leik. Hér er hann í baráttu við Emerson Boyce.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Vidic, Louis Saha og Ole Gunnar Solskjær skorað og innsiglað sigur Manchester United.

„Ég var ekki bjartsýnn í hálf-

leik og ég vissi alltaf að þetta yrði erfiður leikur því Wigan er erfitt lið heim að sækja. Wayne Rooney átti frábæran leik. Hann og Saha voru alltaf ógnandi. Rooney er að finna sitt rétta form og landsleikirnir í vikunni hjálpuðu honum, það sást vel í dag. Við unnum vel og spiluðum oft á tíðum mjög góðan fótbolta og það er mjög góður taktur í liðinu þessa dagana,“ sagði Sir Alex Ferguson, framkvæmdastjóri Manchester United.

Paul Jewell, framkvæmdastjóri Wigan, viðurkendi að lið hans hefði mætt ofjörlum sínum. „Við vorum teknir í gegn í síðari hálfleik, þeir völluðu yfir okkur. Wayne Rooney er heimsklassa-leikmaður og þeir sem hafa áhyggjur af Rooney þekkja ekki strákinn, það er ekkert vandamál með hann.“

- dsd



CRISTIANO RONALDO Notar undarlegar aðferðir til að taka á álaginu.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Cristiano Ronaldo:

Undarlegar en róandi aðferðir

FÓTBOLTI Cristiano Ronaldo hefur verið í góðu formi með Manchester United á leiktíðinni en hann þarf oft að þola mikið aðkast frá stuðningsmönnum andstæðinganna. Ronaldo sagði frá því á dögunum hvaða aðferðir hann notaði til að ná sér niður þegar álagið er mikið og sumar hverjar eru ansi undarlegar.

„Einu sinni setti ég sjónvarp upp í tré og reyndi að hitta það með fótbolta. Það virkaði mjög vel. Ég á líka boxhanska sem ég geng oft með og kýli eitthvað eða einhvern og mér finnst líka róandi að spila á bongotrommur,“ sagði Ronaldo.

- dsd



ANDRIY SHEVCHENKO Beitir öllum ráðum til að geta skorað á ný.

Andriy Shevchenko:

Hefur hitt sálfræðing

FÓTBOLTI Andriy Shevchenko, úkraínski framherjinn hjá Chelsea, hefur verið í meðferð hjá sálfræðingnum Bruno de Michelis að undanförunu í von um að hann geti hjálpað sér að finna aftur aðferðina við að skora mörk. Shevchenko hefur aðeins skorað eitt mark fyrir Chelsea á tímabilinu en de Michelis þessi hefur starfað hjá AC Milan í langan tíma og þekkir hann því vel til Shevchenko, sem lék um árabil með liðinu.

„Ég hitti Shevchenko og bauðst til að gera áætlun fyrir hann,“ viðurkendi de Michelis í samtali við slúðurblaðið The Sun í Englandi. „Hann vildi það endilega og ég mun að sjálfsgöðu veita honum hjálp mína,“ bætti sálfræðingurinn við.

Stjóri Chelsea, Jose Mourinho, hefur síður en svo misst trúna á sínum manni og var hann á meðal áhorfenda þegar Úkraínumenn tóku á móti Skotlandi í undankeppninni í síðustu viku. Shevchenko skoraði annað mark Úkraínu í 2-0 sigri. „Ég hitti hann eftir leikinn og sagði vel valin orð við hann. Markið gerir honum aðeins gott og hann kom til baka með meira sjálftraust.“

- vg

ÚR BÍÓHEIMUM

Hver mælti og í hvaða kvikmynd?

„For us, there is no spring. Just the wind that smells fresh before the storm.“

Svar: Conan (Arnold Schwarzenegger) úr myndinni Conan the Barbarian frá 1982.

dagskrá



Í TÆKINU: **GEENA DAVIS** LEIKUR Í **COMMANDER IN CHIEF** Á STÖÐ 2 KL. 20.35

Eignaðist tvíbura 48 ára gömul

Geena Davis heitir réttu nafni Virginia Elizabeth Davis. Allt frá blauti barnsbeini dreymdi hana um að verða leikkona og árið 1979 útskrifaðist hún í leiklistarnámi frá Háskólanum í Boston. Henni gekk illa að fá vinnu sem leikkona en þeim mun betur sem fyrirsæta. Hún fékk samning hjá Zoli-umboðsskrifstofunni og 23 ára sat hún fyrir í Victoria's Secret auglýsingabæklingi.


Það var enginn annar en Sydney Pollack sem kom auga á Geenu og kom henni á framfæri. Hann gaf henni hlutverk í Tootsie árið 1982 og þar með var ferill Geenu kominn af stað. Hún fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína í myndinni og flutti til Hollywood þar sem hún lék í nokkrum vel heppnuðum en skammlífum sjónvarpsseríum.

Næsti smellur Geenu var Fletch þar sem



hún lék á móti Chevy Chase, ári síðar lék hún á móti framtíðareiginmanni sínum Jeff Goldblum í The Fly og árið 1988 kom besta ár hennar. Þá lék hún í klassíkernum Beetlejuce og fékk óvænt Óskarsverðlaun fyrir frammistöðu sína í The Accidental Tourist. Síðan hefur haldur hallað undan fæti og fyrir utan The Long Kiss Goodnight hafa hlutverkini verið heldur rýr.

Geena hefur þó ekki setið auðum höndum því 48 ára gömul eignaðist hún sín fyrstu börn, tvíbura, með manni sínum, taugaskurðlæknum dr. Reza Jarrahy. Hún vonast einnig til þess að fylgja í fótspor Kiefer Sutherland og blása glæðum í kulnaðan feril með endurkomu í sjónvarp. Hún leikur aðalhlutverkið í Commander in Chief sem einmitt er á dagskrá á Stöð 2 í kvöld.




21.10
Drama

ARFURINN



20.35
Drama

COMMANDER IN CHIEF




20.30
Veruleiki

THE NEWLYWEDS



20.00
Gæludýr

DÝRAVINIR



20.50
NFL

PITTSBURGH - KANSAS CITY

2 SJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstudin okkar 8.01 Sammi brunavörður (7:26) 8.11 Geirharður bojng bojng (19:26) 8.31 Hopp og hí Sessamí (23:26) 8.55 Kvíkindi í koppum og kirkum 9.00 Líló & Stích 9.25 Síglidar teiknimyndir (5:42) 9.33 Herkúles 9.54 Tobbi tvisvar 10.17 Allt um dýrin (2:25) 10.45 Jón Ólaf (3)

11.25 Spaugstofan (4) 11.50 Tumi og Finnur snúa heim 13.20 Norræn guðsþjónusta 14.20 Loftleiðaaevintýrið 15.20 Leikur einn 15.50 Herinn burt (2:2) 16.20 Tíu fingur (1:12) 17.20 Nærmynd 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Stundin okkar (3:30)

18.30 Geimálfurinn Gígur (1:10)
18.40 Kastað upp peningi Búlgörsk barnamynd.

19.00 Fréttir, íþróttir og veður
19.35 Kastljós

20.10 Tíu fingur (2:12) Þáttaröð um íslenska einleikara. Að þessu sinni er rætt við Gunnar Kvaran sellóleikara.

21.10 Arfurinn (7:8) (Bleak House) Breskur myndaflokkur byggður á sögu eftir Charles Dickens um fólk sem fær að kenna á brotalömunum í bresku réttarkerfi á 19. öld.

22.05 Helgarsportíð
22.30 Svaramaðurinn (Il testimone dello sposo) Ítölsk bíómynd frá 1998. Brúður verður ástfangin af svaramanni við altarið og þótt hann reyni að fordæst ástleitni hennar er hún staðráðin í að giftast honum.

0.25 Kastljós 1.00 Útvarpsfréttir í dagskrárlök

SKJÁR SPORT

10.50 Að leikslökum (e) 11.50 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ (e) 12.50 Middlebrough - Everton (e) Frá 14.10
14.50 Newcastle - Bolton (b) 17.00 Stuðningsmannabátturinn „Liðið mitt“ 18.20 Ítalski boltinn (b)

20.30 Reading - Chelsea (e) Frá 14.10
22.30 Aston Villa - Tottenham (e) Frá 14.10

0.30 Dagskrárlök

2

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Hlaupin, Myrkfælu draugarnir, Brúðubillinn, Stubbarnir, Doddi litli og Eyrnastór, Kalli og Lóla, Könnuðurinn Dóra, Pocoyo, Grallaramir, Codename: Kids Next Door, Kalli litli kanína og vinir hans, Sabrina - Unglingsnomin, Ævintýri Jonna Quests.)

12.00 Hádegisfréttir 12.25 Silfur Egils 14.00 Neighbours 14.20 Neighbours 14.40 Neighbours 15.00 Neighbours 15.20 Neighbours 15.45 Í sjöunda himni með Hemma Gunn 16.50 Veggfóður (5:7) 17.45 Oprah (109:145)

18.30 Fréttir, íþróttir og veður
19.10 Kompás

20.00 Sjálfstætt fólk Viðmælandinn að þessu sinni er Ragnar Kjartansson.

20.35 Commander In Chief (3:18) (First Strike) Mackenzie tekur á sínu fyrsta krísuástandi þegar níu starfsmenn í bandarískri utanríkisþjónustunni eru drepnir af ógnarstjórn spillis leiðtoga í S-Ameríku.

21.20 Shield (7:11) (Sérsvéitin) Sérsvéitin aðstoðar við rannsókn á morði á kærustu eiturfjabaróns á meðan Kavanagh hjá innra eftirlitinu reynir að komast að því hvernig Vic varð sér út um 65 þúsund dalina sem Corrine fékk. Stranglega bönnuð börnum.

22.10 Deadwood (7:12) (Unauthorized Cinnamon) Tillaga Bullocks hrístir upp í deilunum vegna Hearst á meðan Fields dregur tilboð Steves í efa. 2005. Stranglega bönnuð börnum.

23.00 Analyze That (Bönnuð börnum) 0.35 An American Rhapsody (Bönnuð börnum) 2.20 Spartacus (1:2) (e) 3.45 Spartacus (2:2) (e) 5.10 Commander In Chief (3:18) 5.55 Fréttir Stöðvar 2 6.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

FASTAIGNASJÓNVARPIÐ

17.00 Nýtt í vikunni 18.00 Spánareignir

19.00 Fjölbýli og hæðir (e)

20.00 Nýtt í vikunni

21.00 Einbýlishús

22.00 Fjölbýli og hæðir

23.00 Nýtt í vikunni (e) 0.00 SMS eignir

SIRKUS TV

15.30 Tekinn (e) 16.00 Rock School 1 (e) 16.30 Wildfire (e) 17.15 Hell's Kitchen (e) 18.00 Seinfeld (3:24)

18.30 Fréttir NFS

19.10 Seinfeld (4:24) (The Wink)

19.35 The War at Home (e) (17 Year Itch)

20.00 8th and Ocean
20.30 The Newlyweds

21.00 Vanished Jeffrey Collins er þingmaður á hraðri uppleið. Hann er giftur hinni ungu og fallegu Söru sem sinnir góðgerðarmálum af miklum hug. En þegar þau hjón fara í veislu til heiðurs Söru gerast atburðir sem enginn gat séð fyrir Sara hverfur sporlaust. Hefst þá mikið kapphlaup í að finna Söru þar sem allir eru grunaðir, allir eru að fela eitthvað og enginn er öruggur.

21.50 Weeds Önnur serían um húsmóðurina Nancy sem er einn heitasti eiturfjarsalinn í úthverfum Los Angeles borgar.

22.20 Rescue Me (e) Þriðja serían um Tommy Gavin og félagar hans á slökkvistöð númer 62.

23.05 My Name is Earl (e) 23.30 Tekinn (e) 0.00 Ghost Whisperer (e) 0.45 Smallville (e) 1.30 Entertainment Tonight (e)

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

12.10 2006 World Pool Masters 13.00 Love, Inc 13.30 Out of Practice 14.00 Dýravínir (e) 14.25 Surface 15.10 Queer Eye for the Straight Guy 16.00 America's Next Top Model VI (e) 17.00 Innlit / útlit (e)

18.00 Dateline

19.00 Battlestar Galactica - Ný þáttaröð (e)

20.00 Dýravínir

20.30 Celebrity Overhaul Ástralskir raunveruleikabættir þar sem fræga fólk er tekið í gegn. Þættirnir spanna sex vikur og á þeim tíma er lífi stjarnanna umturnað varanlega.

21.30 C.S.I: New York

22.30 Brotherhood Söguviðið er The Hill, írskt hverfi í Providence á Rhode Island. Tommy Caffee er fjölskyldumaður sem með metnaði og kærsku hefur tekist að komast til metorða í stjórnmálum í bænum. En því miður er Mike bróðir hans af öðrum toga, glæpamaður sem snýr aftur á heimaslóðir til að taka völdin í undirheimum bæjarins. Nú reynir á bræðraböndin og ljóst að eitthvað verður undan að láta.

23.30 Da Vinci's Inquest 0.20 Law & Order (e) 1.10 The L Word (e) 2.10 Óstöðvandi tónlist

SYM

11.10 Gillette Sportpakinn 11.40 Box - Joe Calzaghe vs. Sakio Bika

13.10 Spænski boltinn 14.50 Spænski boltinn 17.00 Meistaradeild Evrópu - fréttabáttur 17.30 Hápunktar í PGA mótardöðinni 18.20 Ameríski fótboltinn

18.50 Spænski boltinn (Real Betis - Deportivo) Útsending frá leik í spænska boltanum.

20.50 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Pittsburgh - Kansas City) Bein útsending frá viðureign Pittsburgh og Kansas í bandaríska fótboltanum. Báðum liðum hefur gengið nokkuð brösuglega og hafa tapað tveimur leikjum af þremur.

23.20 Meistaradeild Evrópu í handbolta

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | VODAFONE

„Hvert örstutt spor“ mynd um mænuskaða eftir Auði Guðjónsdóttur og myndir úr falinni myndavél sem sýna dópkaup unglunga ásamt einkaviðtali við Gorbatsjov, eru viðfangsefni þáttarins.

ER AUÐVELT FYRIR UNGLINGA AÐ KAUPA DÓP?

Kompás í kvöld kl. 19:10 á Stöð 2



Framleitt af NBS

VIÐ MÆLUM MEÐ

SIRKUS KL. 21.50

Weeds

Húsmóðirin Nancy er einn heitasti eiturlyfjasalinn í úthverfum Los Angeles-borgar. Eftir að eiginmaður hennar deyr snögglega lendir hún í miklum fjárhagsörðuleikum. Til þess að bjarga sér úr vandræðunum tekur Nancy upp á því að fara að selja maríjúana í úthverfum borgarinnar. Þessir þættir slógu óvænt í gegn í fyrri og vann Mary-Louise Parker meðal annars Golden Globe fyrir frammistöðu sína í þáttunum. Við fyrstu sýn virðist ómögulegt að gera þátt með þessum söguþræði án þess að missa sig út í eitthvað rugl. Þessir þættir eru hins vegar meinfyndnir og skólábókadæmi um áhættu sem gengur upp.



■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhusun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 1 | 5 | 3 | 2 | 9 | 7 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 9 | 7 | 4 | 1 | 6 | 8 |
| 9 | 4 | 7 | 8 | 6 | 1 | 3 | 5 | 2 |
| 3 | 9 | 5 | 7 | 4 | 8 | 2 | 1 | 6 |
| 6 | 2 | 8 | 1 | 5 | 9 | 7 | 4 | 3 |
| 1 | 7 | 4 | 6 | 2 | 3 | 5 | 8 | 9 |
| 5 | 8 | 9 | 3 | 1 | 6 | 4 | 2 | 7 |
| 4 | 1 | 6 | 2 | 9 | 7 | 8 | 3 | 5 |
| 7 | 3 | 2 | 4 | 8 | 5 | 6 | 9 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | | | 2 | | | 6 | 8 | |
| 1 | | | | 7 | | | | 2 |
| 6 | | | | | | | | |
| | | | 1 | | | | | 9 |
| | 9 | | 8 | | 5 | | 1 | |
| 3 | | | | | 4 | | | |
| | | | | | | | | 1 |
| 9 | | | | 5 | | | | 3 |
| | 3 | 2 | | | 9 | | | 5 |



▶ 20.00

Gaman

LOST IN TRANSLATION

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Thumbelina 8.00 Forrest Gump (e)
10.30 The Guys 12.00 Lost in Translation

14.00 Thumbelina 16.00 Forrest Gump (e)
18.20 The Guys

▶ 20.00 **Lost in Translation** (Rangtúlkun) Bob Harris, bandarískur leikari, er staddur í Tókýó til að leika í auglýsingu. Charlotte er líka í borginni í för með eiginmanni sínum sem er ljósmyndari. Bob og Charlotte hittast fyrir tilviljun og með þeim tekst sérstök vinátta. Þau eru bæði á ákveðnum krossgötum í lífinu og þurfa að leita svara við tilteknum spurningum. Aðalhlutverk: Bill Murray, Scarlett Johansson. Leikstjóri: Sofia Coppola. 2003. Leyfð öllum aldurshópum.

22.00 **X-2: X-Men United** (Ofurmennin 2) Hörkugóð spennumynd um veröld sem við gætum allt eins lifað í. Togstreita ríkir í samfélaginu en hinir erfðabreyttu einstaklingar halda sínu striki. Baráttu góðs og íls linnir sjálf-sagt seint en banatílraði við forsetann virkar sem olía á eldinn. 2003. Bönnuð börnum.

0.10 Road House (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Tempo 4.00 X-2: X-Men United (Bönnuð börnum)

RÁS 1 FM 92,4/93,5



8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Samfélagsrýnir og sagnameistari 11.00 Guðsþjónusta í Neskirkju

13.00 Útvarpsleikhúsið: Veröld Soffiu 13.45 Fiðla Mozarts 14.10 Söngvamá 15.00 Út um víðan völl: Dresden 16.10 Heimurinn okkar 17.00 Síðdegi skógarpúkanna 18.26 Seiður og hæglog 19.00 Afsprengi 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Til allra átta 23.00 Andrarímur

RÁS 2 FM 90,1/99,9



6.05 Morguntónar 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Rokkland

18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Konungurinn 21.00 Tónlist að hætti hússins 22.10 Uppruni tegundanna 0.10 Popp og ról 1.10 Næturtónar

BYLGJAN FM 98,9



9.00 Valdis Gunnarsdóttir

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Enn á tali hjá Hemma Gunn

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í dag 19.00 Ívar Halldórsson

AÐRAR STÖÐVAR



FM 90,9 TALSTÖÐIN
FM 99,4 ÚTVARP SAGA
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 97,7 X-40 / Enginn viðbjóður

Síðdegi

alla sunnudaga kl. 17.00

Skógarpúkanna



Einstakir listamenn heimsækja
Vidar Eggertsson og Ingvaldi G. Ólafsdóttur
og leika af fingrum fram - og við hvorn sinn fingur



www.ruv.is

HRÓSID ...



...fær Björn Ingi Hrafnsson fyrir að láta Gorbatsjov ekki slá sig út af laginu.

HIN HLÍÐIN: KATRÍN Á. JOHNSON DANSARI

Vonbrigði að fá ekki að hitta Tarantino

Hvað er að fréttu? Allt rosa fínt bara! Er á fullu að sýna „Við erum komin“ í Borgarleikhúsinu.

Augnlitur: Blár.

Starf: Dansari í Íslenska dansflokknum.

Fjölskylduhagir: Svona líka prýðilegir, takk.

Hvaðan ertu? Úr Reykjavík. Algjört borgarbarn.

Ertu hjátrúarfull? Já, eiginlega. Vil allavega síður taka sénsa með þannig hluti.

Uppáhaldssjónvarpsþáttur: Mér finnst So You Think You Can Dance æðislegur. Hélt líka mikið upp á Boston Legal, Friends og Sex and the City.

Uppáhaldsmatur: Ítalskt, tailenskt, indverskt. Er almennt mjög hrifin af mat... og súkkulaði.

Fallegasti staður: Þingvellir, Barcelona og Prag. Og svo kom Suður-England mér mjög á óvart í sumar.

iPod eða geislaspilari: iPod. Sérstaklega ef ég fengi einhvern tæknilegri en mig til að setja fullt af tónlist inn á hann!

Hvað er skemmtilegast? Að standa sig vel. Og rússíbanar, að sjálfsögðu!

Hvað er leiðinlegast? Að verða fyrir vonbrigðum með sjálfan sig eða aðra.

Helsti veikleiki: Er svoltit litibikkja og get verið dómhörð.

Helsti kostur: Æi, ætti ekki frekar að spyrja einhvern annan að þessu?

Helsta afrek: Ég held að maður þurfi að eiga börn til að geta svarað þessari spurningu auðveldlega.

Mestu vonbrigðin: Segjum bara að komast ekki í Quentin Tarantino-eftirpartíið í New York um árið.

Hver er draumurinn? Að geta á endanum litið til baka og hugsað: „Vá, ég er búin að eiga frábært líf“.

Hver er fyndnastur/fyndnust? Finnst Pétur Jóhann alltaf mjög fyndinn.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Þegar fólk er fífl.

Hvað er mikilvægast? Þegar stórt er spurt...



FRÉTTIR AF FÓLKI

Breytingar verða á Edduverðlauninum sem afhent verða á Hótel Nordica 19. nóvember en samkvæmt framkvæmdastjóra hátíðarinnar, **Birni Brynjólfi Björnssyni**, hefur verið ákveðið að fella út verðlaunaflokkinn „Besta tónlistarmyndbandið“. Íslensku tónlistarverðlaunin hafa einnig slíkan flokk innan sinna vébanda og því ættu leikstjórar tónlistarmyndbanda ekki að þurfa að örvænta.



Tilnefningarnar til Edduverðlaunanna verða tilkynntar 2. nóvember og verður forvitnilegt að sjá hverjir verða hinir útvöldu eftir gott ár í íslenski dagskrárgerð.

Íslenskir tónlistarmenn eru í óða önn að búa sig undir Airwaves-tónlistarhátíðina sem hefst með pompi og prakt á miðvikudaginn. Þeir ættu líka að vera vel undirbúnir því nú hefur verið tilkynnt um komu **David Fricke**, hins virta tónlistargagnrýnanda hjá Rolling Stone-tímaritinu.



Fricke fór lofsamlegum orðum um hátíðina í fyrra og skrifaði jafnframt mjög stóra grein um ferðalag Jakobínarínu til Bandaríkjanna í blaðinu. Fricke er jafnan talinn ábyrgur fyrir velgengni Sykurmolanna í Ameríku þegar hann sagði hljómsveitina vera þá svöluðu í heiminum.

-fgg

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Mohammed Junus.
- 2 Stjórnarformaður Atlantic-leikhússins í New York.
- 3 Suður-Kóreu, Ban Ki-moon.

STEFÁN KARL STEFÁNSSON: LEIKUR Á MÓTI BEN STILLER OG OWEN WILSON

Talar íslensku í bandarískri stórmmynd

„Ben Stiller hittir fyrir nokkra vikinga í myndinni og það vantaði því íslenskar vikingaraddir í myndina,“ segir Stefán Karl Stefánsson leikari, sem mun láta í sér heyra í gamanmyndinni Night at the Museum sem skartar stórstjörnum á borð við Robin Williams, Owen Wilson, Ricky Gervais og Mickey Rooney.

„Það er auðvitað ekki allt vaðandi í íslenskum leikurum hérna í Los Angeles en þeir vissu af mér og buðu mér verkefnið enda þótti tilvalið að láta vikingana tala íslensku.“

Því er spáð að Night at the Museum verði ein vinsælasta jólamyndin vestanhafs en í henni leikur Ben Stiller taugaveiklaðan safnvörð sem leysir óvart forna bölvun úr læðingi með þeim afleiðingum að skrímli og ýmsar forynjur sem geymdar eru á safninu vakna til lífsins og gera allt vitlaust.

„Ég er búinn að sjá megnið af myndinni og hún er frábær. Alveg hrikalega fyndinn,“ segir Stefán og bætir því við að þótt þáttur hans í myndinni sé ekki stór sé það ekki ónýtt að vera á lista með áður nefndum stórstjörnum.

Stefán Karl var ekki lengi að skila sínu; mætti tvisvar í hljóðver þar sem honum voru lagðar ákveðnar línur og svo spanngann djöfulganginn í íslensku berserkjunum á staðnum. „Undir lok myndarinnar lendir Stiller í vikingunum, sem eru í jötunmóð. Það sést ekki mikið framan í þá en ef fólk leggur vel við hlustir mun það heyra fleygar íslenskar setningar á borð við „þungur hnifur“, þannig að þetta er heilmikið stuð.“

Stiller vekur alls kyns vígamenn upp til lífsins, allt frá indíánum til víkinga, og í einu atriði myndarinnar takast víkingur og indíáni á með miklum látum. „Ég mætti þarna með mína íslensku og á móti mér talaði indíáni á móðurmáli sínu. Við komumst varla neitt áfram vegna þess að við hlógum svo mikið enda var þetta alveg fráleitt en meðal þess sem ég læt indíánann heyra á íslensku er „ég skal reyta af þér hanakambinn eins og hænu.“

Stefán Karl hefur verið búsettur í Los Angeles um nokkurt skeið og það er ekki útilokað að hann muni skjóta upp kollinum í fleiri Hollywood-myndum. „Það er ýmislegt í gangi en ég verð bara að segja eins og stjórnmálamennirnir að hlutirnir séu ekki komnir á það stig að hægt sé að tala um þá. Það gengur mjög vel og þó að þetta taki allt mikinn tíma er ég sem betur fer þolinmóður maður.“



STILLER OG WILSON Fá aðstoð frá Stefáni Karli í nýrri gamanmynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

thorarinn@frettabladid.is

STEFÁN KARL STEFÁNSSON Lætur gamminn geisa í Night at the Museum og talar sig inn á nafnalista með nokkrum þekktustu gamanleikurum heims.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Margir hafa lýst hrifningu sinni á örkinni hans **Ómars Ragnarssonar**, sem hann sigldi um Hálsalón. Aðrir hafa bent á að hugmyndin dragi



dám af bandarísku kvikmyndinni Northfork með **Nick Nolte** í aðalhlutverki. Þar segir frá íbúum í smábæ í Montana-ríki, sem standa frammi fyrir því að búið er að reisa stíflu í grenndinni og til stendur að sökkva bænum ásamt landflæmi. Rísa þeir öndverðir gegn því að vatni verði hleypt á lónið og reisa sér meðal annars örk. Ómar hefur séð myndina en segir að þrátt fyrir ákveðin líkindi sé innblásturinn ekki kominn þaðan, heldur hafi hann fengið hugmyndina fyrir þremur árum, áður en hann sá Nortfork.

Lítið hefur heyrst af barnastjörnunni **Jóhannu Guðrúnu Jónsdóttur** upp á síðkastið. Fyrir nokkrum árum var upplýst að hún hefði gert samning við stórfyrirtækið Sony úti í Bandaríkjunum um útgáfu á plötum og nú ganga sögur um að komið sé að útgáfu fyrstu plötunnar.



Jóhanna hefur verið á flakki milli landa undanfarið í myndatökum og öðrum undirbúningi og hermt er að stóra stundin sé að fara að renna upp. Aðstandendur hennar vilja lítið sem ekkert um málið segja en tíðinda ætti að vera að vænta fljótlega.

-bs/hdm

Falið gáfufólk á krossgátukvöldum

Hópur krossgátunnenda undir forystu Ásdísar Bergþórsdóttur gerir sér mánaðarlega dagamun með krossgátukvöldum á Næsta bar. Ásdís er höfundur sunnudagskrossgáta Morgunblaðsins sem hafa notið mikilla vinsælda, en gáturnar eru þær fyrstu sinnar tegundar hérlendis. Hugmyndin að krossgátukvöldunum er einnig komin úr smíðju Ásdísar. „Þetta var bara ein af mínu biluðu hugmyndum. Ég asnaðist til að láta verða af þessu, ég á það til,“ sagði hún í samtali við Fréttablaðið, en hún sagðist ekki vita til þess að slíkt væri stundað annars staðar.

Þátttakendurnir tilheyra hópi sem skapast hefur í kringum sunnudagskrossgátuna og eru á

póstlista hennar. Ásdís hafnar því hins vegar alfarið að þeir tilheyri einhverri menningarelítu. „Nei, hún lætur sko ekki sjá sig þarna,“ sagði hún kímín. „Það mætti kannski helst segja að þátttakendur væru svona falda gáfufólkið á vinnustöðunum,“ bætti hún við.

Þátttakendur keppa í hópum sem fá úthlutað einni krossgátu í einu af þremur gátum kvöldsins. Gáturnar þarf að leysa á fimm mínútum, og hópurinn með villulausa lausn hlýtur að launum vegleg verðlaun. Ásdís segir arlangt að iðjan kalli á einhvers konar innhverfu hjá þeim sem hana iðka. „Það er algjör ranghugmynd, það er langskemmtilegast að leysa krossgátu með einhverjum

öðrum,“ sagði hún, en samkvæmt Ásdísi felst galdurinn við að leysa gáturnar í því að geta hugsað þvert á allar línur, en getur hins vegar ekki svarað því hvernig hún semur krossgáturnar. „Vinnan felst nú aðallega í því að stara á orð. Á endanum sé ég í gegnum það,“ sagði hún.

Sunnudagskrossgáta New York Times hefur löngum þótt mælikvarði á hverjir teljast menn með mönnum í menningarheiminum ytra.

Aðspurð hvort sunnudagskrossgáta Moggans gegni sama hlutverki hér heima skellir Ásdís upp úr. „Sumir vilja kannski meina það, en ég held nú ekki,“ sagði hún.

ÁSDÍS BERGÞÓRSDÓTTIR

Brautryðjandi á sviði krossgátna á Íslandi. Stendur nú fyrir mánaðarlegum krossgátukvöldum á Næsta bar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



VIÐ EIGUM AFMÆLI



CD/DVD


~~2.599~~
2.399

Beck
The Information



~~2.199~~
1.899

Evanescence
The Open Door



~~2.199~~
1.899

Sniglabandið
RÚV Tops



~~2.199~~
1.899

Scissor Sisters
Ta Dah




~~2.199~~
1.899

Baggalútur
Aparnir í Eden



~~2.199~~
1.899

Bob Dylan
Modern Times



~~2.199~~
1.899

Pétur Ben
Wine For My Weakness



~~2.199~~
1.899

Wolfmother
Wolfmother



~~2.199~~
1.899

The Mars Volta
Amputecture



~~2.199~~
1.899

Toggi
Puppy



~~2.199~~
1.899

Tómas R.
Romm Tomm Tomm



~~2.199~~
1.899

Regina Spektor
Begin To Hope



~~1.299~~
799

Robots
DVD



~~4.499~~
3.699

Simpsons
Season 8



~~2.299~~
1.799

Poseidon
DVD



~~1.299~~
799

Ice Age Cool Edition
DVD

**NÝ OG GLÆSILEG VERSLUN
Í KRINGLUNNI**



SKÍFAN Í 30 ÁR

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaheild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Alvöru martröð

Mig dreymdi að ég væri einn af dvergum sjö. En okkur fannst við engir dvergar heldur ungir, menntaðir og fluggáfaðir menn í gáfulegum samræðum. Þá sagði ég: „Mikið elska ég konuna mína nú heitt og leiðist að heyra talað illa um hana!“ Við þetta varð uppi fótur og fit og hinir litu hneykslaðir hver á annan.

SÍÐAN sagði sá fyrsti: „Hvernig ætlarðu þá að afsaka það hvað hún var ódæll og leiðinlegur krakki?“

SÁ næsti sagði: „Ertu fullkomlega siðblindur? Hvernig ætlarðu að réttlæta alla glæpi og grimmdarverk kvenfólks í gegn um tíðina?“

SÁ þriðji bætti um betur, varð sár á svipinn og sagði: „Gerirðu þér ekki grein fyrir því hvað það er til-litslaust af þér að segja svona upp í opið geðið á mér, náttúruleysingjanum? Þú áttar þig greinilega ekki á fordómunum í garð náttúruleysra sem þjóðfélagshóps og hvað það er erfitt að vera náttúruleys á Íslandi. Hvert sem maður lítur á góðviðris-dögum er ástfangið fólk að kjassast og kyssast. Hvernig væri að fólk héldi þessum tilfinningum fyrir sig? Þjóðfélagið gengur út frá því að allir hafi náttúru. Ég þarf meira að segja að búa við það að börnin mín fái kynfræðslu í skólanum!“

SÁ fjórði tók næst til máls og sagði: „Þú hlýtur að átta þig á að ást er bara ímyndun. Menn þjuggu til þetta bull í fornöld til að útskýra það sem vísindin eru farin að afgreiða miklu betur í dag. Þetta er bara röskun á hormónajafnvægi líkamans sem þjónar þeim tilgangi að viðhalda tegundinni. Ég trúi ekki að þú takir mark á svona kukli og kjaftæði!“

SÁ fimmti bætti við: „Og hvernig geturðu verið slíkur nautshaus að fullyrða að þessi kona sem þú ímyndar þér að þú elskir sé yfirhöfuð til? Enn hafa ekki verið færð nein óhrekjanleg rök fyrir tilvist efnisheimsins!“

LOKS æpti sá sjötti á mig afmyndaður af bræði: „Svo lýgurðu því, helvískur, að ég tali illa um konuna þína!“

ÞÁ hrökk ég upp með andfælum. Fyrst fannst mér eins og þetta væri allt satt og rétt og að ég gæti aldrei framfar treyst neinu. En svo hjúfraði ég mig upp að konunni minni sem lá við hlið mér, fann ylinn frá henni, þakkaði fyrir að þetta væri raunveruleikinn og sofnaði vært.

SVONA vitleysu myndi auðvitað enginn láta út úr sér í alvörunni, er það?



www.icelandexpress.is/frankfurt_hahn

Frankfurt Hahn vegalengdir

| Borg | km | klst. | Borg | km | klst. |
|----------------|-----|-------|-----------|-----|-------|
| Trier | 70 | 0:55 | Stuttgart | 254 | 2:35 |
| Koblenz | 75 | 1:05 | Brussel | 290 | 3:25 |
| Mainz | 76 | 0:53 | Reims | 336 | 3:33 |
| Saarbrücken | 90 | 1:15 | München | 460 | 4:21 |
| Lúxemborg | 100 | 1:17 | Amsterdam | 427 | 4:18 |
| Frankfurt | 108 | 1:12 | Paris | 471 | 4:53 |
| Kaiserslautern | 125 | 1:17 | Hamborg | 574 | 5:34 |
| Heidelberg | 149 | 1:32 | Prag | 625 | 6:19 |
| Köln | 167 | 1:43 | Genf | 631 | 6:08 |
| Karlsruhe | 186 | 1:51 | Berlín | 660 | 6:15 |

Ævintýri til allra átta!

ICH BIN EIN FRANKFURTER

Upplifðu ævintýraheima Evrópu með því að fljúga til Frankfurt Hahn, því þar hefst fjörið – hvert sem leið liggur!

Af hverju Frankfurt Hahn?

- » Fjöldi gististaða og sumarhúsa
- » Þýsk borgarmening
- » Vínæktarhéruð allt um kring
- » Besta vegakerfi í heimi og engir vegtollar
- » Framhaldsflug til allra átta
- » Þýskaland á landamæri að níu löndum
- » Afþreying fyrir alla fjölskylduna
- » Móseldalurinn í næsta nágrenni
- » Ógrynni kastala og halla

Tilboð í október og nóvember!


25% afsláttur

af bílaleigubílum í flokkum C, D og E



Tilboð gildir aðeins fyrir þá sem leigja bíla í viðkomandi flokkum í fimm daga eða fleiri.

www.icelandexpress.is/bilaleiga



Verð frá: **7.995 kr.***

**Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



SAMSUNG
Samsung LE-32R71BX
32" LCD háskerpusjónvarp
10-bitá litavinnsla gefur 12,8 milljarðar lita
Upplausn: 1366 x 768
Svartími 8 ms
Skerpa: 5000:1
Verð áður: 239.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 199.900 kr.

Pioneer
DCS-353 HEIMABIÓ
Nýtt módel 2006/2007
Verð áður: 59.900 kr.
TILBOÐSVERÐ: 49.900 kr.

www.ormsson.is

ORMSSON

SMÁRALIND . Sími 530 2900

Opið í dag frá kl. 13-19

Smáralind 5 ára AFMÆLISTILBOÐ hjá ORMSSON: